FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
11. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 13. JANÚAR 2017



Björgvin Páll Gústavsson var besti maður íslenska landsliðsins í fyrsta leik liðsins á HM í handbolta í Frakklandi í gær. Björgvin var stórkostlegur í fyrri hálfleik þegar hann varði meðal annars þrjú vítaskot og skoraði eitt mark sjálfur. Björgvin og íslenska liðið náðu ekki að fylgja eftir frábærum fyrri hálfleik og Ísland tapaði fyrir sterku spænsku liði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hafa krafist úrbóta á Grindavíkurvegi

**Bæjarstjórn Grindavíkur vill að Vegagerðin bæti veginn. Formaður bæjarráðs segir samfélagið í sárum eftir banaslys gærdagsins. Upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar segir sambærilega vegi þola um tvöfalt meiri umferð. Grindavíkurvegur sé ekki verri en þeir.**

**SAMGÖNGUR** Bæjarstjórn Grindavíkur hefur óskað eftir því að Vegagerðin bæti Grindavíkurveg. Þetta segir Kristín María Birgisdóttir, formaður bæjarráðs. „Margoft og ítrekað erum við að benda Vegagerðinni á að það þurfi að taka til hendinni á þessum vegi,“ segir Kristín.

Banaslys varð á veginum í gær. Átján ára stúlka lést í slysinu, norðan við afleggjarann að Bláa lóninu, og einn er alvarlega slasaður. Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar nú tildrög slyssins.

„Þetta er ömurlegt. Samfélagið er í sárum út af þessu slysi. Þetta er hrikalegt,“ segir Kristín. Hún segir að slysið muni þrýsta á að brugðist verði við ástandi vegarins.

„Því miður er það yfirleitt eitthvað svona sem þarf til að fá viðbrögð. Því miður. Þess á ekki að þurfa,“ bætir hún við.

Hún segir bæjarstjórn hafa lagt áherslu á það við Vegagerðina að laga bæri gatnamótin við afleggjarann að Bláa lóninu. „Síðan voru gerðar umbætur á þeim vegi, reyndar ekki í nokkru samráði við okkur, við fréttum bara af þessu þegar þeir voru byrjaðir,“ segir hún. Jafnframt hafi verið bent á að vegurinn sé fjölfarinn og þröngur. Umferðin hafi aukist mikið með auknum fjölda ferðamanna.

„Nú er ég ekki að ákveða fyrirfram með hvaða hætti þetta slys átti sér stað en vegurinn er varasamur,“ segir Kristín enn fremur. Þá segist hún geta fullyrt að það þurfi að gera breytingar á veginum ef vel eigi að vera.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir veginn ekki verri þegar kemur að breidd eða hönnun en aðra vegi sem bera tvöfalt meiri umferð. „Það eru umferðarmeiri vegir, til dæmis á milli Hveragerðis og Selfoss, sem eru svipaðir,“ segir Pétur.

„Það sem við höfum horft til, og kallar þá gríðarlega mikið fjármagn og nýjar hugsanir, er að aðskilja akstursstefnur. Það er besta leiðin til þess að koma í veg fyrir slys,“ segir hann enn fremur.

Það verði gert með því að breyta vegunum í svokallaða 2+1 vegi. Þar sem tvær akreinar liggja í aðra áttina og ein í hina. Akstursstefnurnar eru síðan aðskildar með vegriði. Hann segir stefnt að því að gera slíkt á milli Hveragerðis og Selfoss.

Á síðasta ári fóru að meðaltali 3.158 bílar um Grindavíkurveg á hverjum degi. Til samanburðar fóru 7.416 bílar að meðaltali á milli Hveragerðis og Selfoss.

**thorgnyr@frettabladid.is**

> Því miður er það yfirleitt eitthvað svona sem þarf til að fá viðbrögð. Því miður. Þess á ekki að þurfa,
>
> Kristín María Birgisdóttir formaður bæjarráðsr



## Óttast tafir á uppbyggingu

**STJÓRNSÝSLA** „Við höfum lengi beðið eftir uppbyggingu við Jökulsárlón sem er löngu orðin brýn,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Hún segir að ef uppbygging þar frestist sé það slæmt fyrir ferðaþjónustuna í heild.

Ágreiningur um hvort forkaupsréttartilboð ríkisins í jörðina Fell við Jökulsárlón sé löglegt fer fyrir dómstóla. Óttast er að á meðan frestist nauðsynleg uppbygging á svæðinu.

„Í mörg ár hefur verið beðið eftir uppbyggingu á svæðinu sem enn mun tefjast á meðan málið er fyrir dómstólum. Við ætluðum okkur stóra hluti en þurfum að bíða enn um sinn,“ segir Gísli Hjálmtýsson, stjórnarformaður Fögrusala ehf. sem gerði tilboð í jörðina.

– sa / sjá síðu 4

## Horfa fram á veginn

**DÆGURMÁL** „Það þýðir ekkert að fara í felur með það að þegar nýir eigendur koma inn koma nýir stjórnarhættir og nýir samskiptahættir. Við, sem betur fer, höfum mætt miklum skilningi á öllum vígstöðvum og fólki þykir almennt vænt um þessa hátíð og þykir hún eiga erindi inn í íslenskt menningarlíf,“ segir Ásgeir Guðmundsson, nýr framkvæmdastjóri Sónar Reykjavík.



Ásgeir fer fyrir hópi fólks sem tekur við Sónar hátíðinni af Birni Steinbekk. Ásgeir segir lítið horft í baksýnisspegilinn og menn haldi ótrauðir áfram.

– sþh / sjá síðu 34

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Árni Páll Árnason skrifar um Brexit. 13

**SPORT** Tveir þjálfarar kveðja en einn stimplar sig inn. 18

**MENNING** Svarti galdur á Íslandi frumsýndur í Landnámssetrinu 26

**LÍFIÐ** Flestallir erlendir ferðamenn sem koma til landsins staldra við í miðborg Reykjavíkur. Fréttablaðið fór og spjallaði við nokkra ferðamenn við Hallgrímskirkju. 30



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SKRIFSTOFAN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ALLT FYRIR ÞORRABLÓTIÐ
Finndu okkur á f
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534



## Veður




Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt á morgun, bjart með köflum og talsvert frost, einkum til landsins. Búast má við dálitlum éljum vestanlands og þá einkum á annesjum. SJÁ SÍÐU 20



**Hekla byggir nýtt.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja frestun á lóð fyrir Heklu

**SKIPULAGSMÁL** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði lögðu til í gær að ekki yrði gengið frá viljayfirlýsingu um ráðstöfun á 24 þúsund fermetra lóð í Syðri-Mjódd til bílaumboðsins Heklu án útboðs fyrr en íbúum og ýmsum félögum á svæðinu hefur verið gefinn kostur á að gefa umsögn.

Fulltrúar meirihlutaflokkanna sögðu að fljótlega yrði deiliskipulagið á svæðinu kynnt og samningar við ÍR og Heklu. Allir gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

„Eftir sem áður er rétt að gefa hagsmunaaðilum á svæðinu kost á að skila formlegri umsögn um málið en tillaga Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina þar að lútandi hefur nú legið óafgreidd í borgarráði í þrjá og hálfan mánuð,“ svöruðu þá fulltrúar minnihlutaflokkanna tveggja. **– gar**

# Ungar stelpur sem beitur

**ÍSRAEL** Palestínsku samtökin Hamas notuðu myndir af ungum stelpum til þess að setja upp gerviaðgang á samfélagsmiðlum, lokka ísraelska hermenn í gildru og brjótast inn í farsíma þeirra. NBC greindi frá þessu í gær.

Stuðst var við stolnar myndir til þess að koma á sambandi. Þá voru viðkomandi hermenn hvattir til þess að hlaða niður samskiptaforriti sem umbreytti síma viðkomandi í eins konar njósnatæki.

Slangur á hebresku og ísraelsk nöfn voru notuð til þess að láta aðganginn virðast ekta. **– þea**

## Vetrarríki á Akureyri



Hæglætisveður var á Akureyri í gær en 12 stiga frost, og á Öxnadalsheiðinni var frostið allt að 20 gráður. Þessi börn, sem voru á ferð í miðbæ Akureyrar í gær, létu þó kuldann ekkert á sig fá heldur klæddu sig eftir veðri og voru hin bröttustu. Áfram er búist við köldu veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Fleiri útköll frá útlendingum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Símtöl sem bárust Neyðarlínunni frá útlenskum símanúmerum voru 3,37 prósent allra útkalla á síðasta ári. Þeim fjölgaði um fjórtán prósent frá árinu 2015 en þá voru þau 2,95 prósent útkalla. Árið 2014 voru þau 2,16 prósent útkalla.

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínunni var heildarfjöldi útkalla í kringum 150 þúsund öll árin þrjú. Því bárust rúm fimm þúsund útköll úr útlenskum númerum árið 2016.

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, segir að hafa beri þó í huga að margir útlendingar kaupi sér íslensk frelsisnúmer við komuna til landsins. Þannig séu útköll frá ferðamönnum fleiri en umrædd 3,37 prósent. Þó segir hann að munurinn sé ekki mikill. Jafnframt hafi fjöldi ferðamanna sem kaupa frelsiskort haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár. **– þea**

# Starfsvenja afrekssjóðs að rökstyðja ekki

**Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði til sérsambanda sinna 150 milljónum samkvæmt gömlum reglum þar sem enginn rökstuðningur er á bak við hverja upphæð. Mikið rætt um ógagnsæi sjóðsins sem formaður hans segir viðtekna venju.**

**ÍÞRÓTTIR** Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði í síðustu viku 150 milljónum til íþróttasambanda sinna og vakti athygli að á bak við hverja upphæð liggur sama röksemdafærslan: „Vegna landsliðsverkefna og fræðslu og fagteymis fyrir afrekshópa.“ Sjóðurinn hefur gildnað mikið undanfarin ár, hann úthlutaði 55 milljónum árið 2013, en verður orðinn 400 milljónir árið 2020. Sjóðurinn var fjórfaldaður síðasta sumar af þáverandi ríkisstjórn.

Formaður Afrekssjóðsins, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, segir að það sé viðtekin venja að rökstyðja ekki úthlutanir sjóðsins. „Það er yfirleitt ekki verið að færa rök fyrir úthlutunum, samanber listamannalaun og annað slíkt. Reglurnar eru skýrar og við förum eftir þeim. Það var ekki brugðið frá þeim á neinn hátt.“

Fimleikasamband Íslands hefur ítrekað óskað eftir gagnsæi og rökstuðningi við úthlutanir úr Afrekssjóði ÍSÍ en komið að lokuðum dyrum. Síðasta styrk sambandsins sem það fékk frá sjóðnum var svohljóðandi: „Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ hefur frá upphafi fylgt þeirri meginreglu að einstaka úthlutanir eru ekki rökstuddar frekar.“

ÍSÍ er að smíða nýjar reglur um úthlutunina og var úthlutunin fyrir viku sú síðasta sem gerð var eftir því regluverki sem nú er í gildi. Vinnuhópur á að skila af sér tillögum fyrir 1. mars og verða reglurnar væntanlega til umræðu og samþykktar á Íþróttaþingi ÍSÍ í maí.

„Nýju reglurnar eru til að setja skýrari línur um hvernig á að úthluta. Það er verið að vanda sig enn þá frekar við úthlutun á hærri upphæðum,“ segir Guðmundur. Nokkur sérsambönd hafa gagnrýnt að KSÍ hafi fengið tæpar níu milljónir króna fyrir verkefni kvennalandsliðsins. Í reglum Afrekssjóðsins stendur að við úthlutanir skuli taka sérstakt tillit til þess ef viðkomandi sérsamband hafi fengið beina styrki frá hinu opinbera eða öðrum aðilum. KSÍ fékk rúma tvo milljarða fyrir árangur landsliðsins á Evrópumótinu í Frakklandi.




**Andri Stefánsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Lárus Blöndal og Líney Rut Halldórsdóttir þegar úthlutanir úr Afrekssjóðnum voru kynntar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég get því miður ekki og má ekki ræða ákveðnar úthlutanir.
>
> Guðmundur Ágúst Ingvarsson, formaður Afrekssjóðs ÍSÍ

Aðspurður hvort EM-peningarnir hafi komið til lækkunar á styrk KSÍ segir Guðmundur: „Ég get því miður ekki og má ekki ræða ákveðnar úthlutanir.“ Aðspurður hvað banni honum að ræða slíkt segir hann: „Þetta hefur verið starfsreglan og mér sýnist sú starfsregla vera við fleiri sjóði.“

Töluverð gagnrýni kom í kjölfar úthlutunarinnar í síðustu viku og sagði Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, í fréttum Stöðvar 2 að við úthlutanir væru stundum teknar ákvarðanir sem byggðust á huglægu mati.

benediktboas@365.is






## FÁGAÐUR AURIS Á FRÁBÆRU VERÐI

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu.
Auris er með ríkulegum staðalbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

· **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Skrifuðum geisladiskum stolið af Andreu Jónsdóttur

**SAMFÉLAG** Bakpoki með nokkur hundruð skrifuðum geisladiskum, í eigu rokkömmu Íslands, Andreu Jónsdóttur, hvarf af skemmtistaðnum Dillon snemma á nýja árinu og syrgir Andrea pokann mjög. Í pokanum voru fjórar geisladiskamöppur með þúsundum laga sem Andrea hefur verið dugleg að nota við að þeyta skífum og var pokinn langt frá því að vera léttur og meðfærilegur.

„Þetta er ekki fjárhagslegt tjón en tilfinningalegt og er alveg rosaleg óþægindi,“ segir Andrea en hún deildi upplifun sinni á Facebook og vonar að máttur samfélagsmiðilsins verði til þess að pokanum verði skilað aftur á réttan stað. „Ég er svo gamaldags að ég skrifa mína diska sjálf. Sit bara heima og tek bestu lögin frá hljómsveitum og set á einn disk. Mesti skaðinn er að ein mappa er með safndiskum frá alls konar tímabilum og tónlistarstefnum. Ég get nefnilega spilað víðar en á Dillon,“ segir hún og hlær.

Andrea er ein reyndasta útvarpskona landsins og hefur spilað tónlist um árabil um helgar á Dillon

Í pokanum eru þrjár stórar möppur, ein hvít, önnur gul og sú þriðja rauð, en allar eru af sömu tegund. Sú fjórða er minni, svört og þykk. „Ég var að vona að einhver myndi skila þessu fljótlega en það hefur ekki gerst, því miður. Þetta eru ekki verðmæti fyrir neinn nema mig, nema viðkomandi ætli að fara þeyta skífum með geisladiskum. Ég vona bara að diskunum hafi ekki verið fleygt og trúi að ég fái þá aftur,“ segir Andrea. **– bb**



Andrea Jónsdóttir




**Heimavöllur Andreu er á Dillon.** MYND/AÐSEND




**Hættir við Títan.** NORDICPHOTOS/AFP

## Google hættir við netáform

**TÆKNI** Alphabet, móðurfélag Google, tilkynnti í gær að hætt hefði verið við áform um að halda úti internetþjónustu sem hefði byggst á því að senda þráðlaust merki til jarðar með drónum.

Verkefninu, sem kallaðist Titan, var ætlað að koma á netsambandi á stöðum þar sem slíkt væri ekki til staðar.

Alphabet rannsakar þó fleiri leiðir til þess að láta þennan draum sinn verða að veruleika. Til að mynda vinnur hópur innan fyrirtækisins að verkefni sem kallast Loon. Hugmyndin er svipuð en í stað dróna á að notast við loftbelgi.

Talið er að Loon sé hagkvæmari leið til þess að koma á netsambandi á afskekktum stöðum. **– þea**

## Ætla að byggja hundruð íbúða

**HÚSNÆÐISMÁL** Byggingafélag námsmanna hyggst byggja 250 til 300 íbúðir á næstu árum og hefur vegna þess gefið út viljayfirlýsingu ásamt Reykjavíkurborg. Að því er fram kemur í tilkynningu er horft til fjögurra svæða.

Fyrsti áfanginn verður bygging 100 íbúða við Stakkahlíð. En þá segjast Reykjavíkurborg og Byggingafélag námsmanna vilja ræða við ríkissjóð um að fá afnot af hluta af lóð Sjómannaskólans við Háteigsveg og endurskoða fyrirliggjandi deiliskipulag á lóð félagsins þar hjá. „Í leigusamningi um lóðirnar verður kvöð þess efnis að á lóðunum skuli byggðar eða reknar leiguíbúðir fyrir námsmenn og að eignarhald þeirra skuli ávallt vera óbreytt, nema að fengnu samþykki Reykjavíkurborgar.“ **– gar**

# Sýslumaður segir ríkið fá Fell

Ágreiningur um hvort forkaupsréttartilboð ríkisins í Fell sé löglegt fer fyrir dómstóla. Óttast er að á meðan frestist nauðsynleg uppbygging . Sýslumaður segir ekki rétt að frestur ríkisins til að ganga inn í kauptilboðið hafi verið liðinn. Fresturinn hafi verið frá því að samningur var gerður en ekki frá því að tilboði var tekið.

**STJÓRNSÝSLA** Sýslumannsembættið á Suðurlandi segir ríkissjóð vera réttmætan eiganda Fells við Jökulsárlón og verður gengið frá afsali til ríkissjóðs á næstu dögum. Embættið telur yfirlýsingu ríkissjóðs hafa komið innan lögbundins frests. Stjórnarformaður Fögrusala ehf. segist ætla með málið fyrir dómstóla.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að frestur ríkisins til að ganga inn í kauptilboð Fögrusala ehf., á jörðinni Felli í Suðursveit, hafi verið liðinn þegar ríkið gaf út tilkynningu um að það hygðist nýta forkaupsrétt sinn. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, Anna Birna Þráinsdóttir, segir málið í vinnslu innan embættisins.

Álit sýslumannsins á Suðurlandi er að ekki sé rétt að miða frest ríkisins við þann dag þegar tilboði Fögrusala var tekið þann 4. nóvember heldur ætti að miða frest ríkisins við 11. nóvember, viku seinna, því þá var gengið frá samningi við fyrirtækið. Þess vegna hafi frestur ríkisins verið til 11. janúar.

Þessa túlkun gagnrýnir Gísli Hjálmtýsson, stjórnarformaður Fögrusala ehf., en í lögum um náttúruvernd er skýrt kveðið á um að ríkið hafi sextíu daga til að nýta forkaupsrétt á jörðum á náttúruminjaskrá frá þeim degi þegar tilboði er tekið. „Við unum að sjálfsögðu ekki þessu áliti sýslumannsins á Suðurlandi og munum leita réttar okkar fyrir dómi,“ sagði Gísli.

„Í mörg ár hefur verið beðið eftir uppbyggingu á svæðinu sem enn mun tefjast á meðan málið er fyrir dómstólum. Við ætluðum okkur stóra hluti en þurfum að bíða enn um sinn,“ bætir Gísli við.

Jökulsárlón er ein helsta náttúruperla Íslands og einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum. Ört stækkandi ferðaþjónusta kallar á frekari uppbyggingu á landinu öllu og þá einna helst á helstu viðkomustöðum ferðamanna á ferð sinni um landið.

„Við höfum lengi beðið eftir uppbyggingu við Jökulsárlón sem er löngu orðin brýn. Mikill fjöldi ferðamanna sækir Jökulsárlón heim á hverjum degi og því mikilvægt að hafist verði handa sem fyrst við uppbygginguna,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. „Ef rétt reynist að uppbygging frestist um lengri tíma er það auðvitað slæmt fyrir ferðaþjónustuna í heild sinni.“

Fjármálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og forsætisráðuneyti munu nú skoða málið í framhaldi af áliti sýslumanns á Suðurlandi og fara yfir það hvernig jörðinni verður stýrt. Ekki hefur enn verið ákveðið hjá hinu opinbera hvernig eigi að ráðstafa jörðinni eða hvernig eigi að nýta hana. Kaupverðið var 1.520 milljónir króna.

**sveinn@frettabladid.is**



**Umhverfisráðherra vonar að Jökulsárlón verði allt innan þjóðgarðs Vatnajökuls.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Í mörg ár hefur verið beðið eftir uppbyggingunni á svæðinu sem enn mun tefjast á meðan málið er fyrir dómstólum.**
>
> Gísli Hjálmtýsson, stjórnarformaður Fögrusala



> **Við höfum lengi beðið eftir uppbyggingu við Jökulsárlón sem er löngu orðin brýn.**
>
> Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar






# Ítrekar óviðeigandi skilaboð

**LÖGREGLUMÁL** Maður sem grunaður er um að birta myndir af íslenskum ólögráða stúlkum á netinu og tengja við vændisvefsíður er grunaður um að halda uppteknum hætti. Maðurinn sætti gæsluvarðhaldi í nóvember en lögregla hefur undir höndum gögn sem sýna hann áreita stúlkur á netinu eftir að gæsluvarðhaldi lauk.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa 26 kærur borist lögreglu vegna myndbirtinga mannsins en í frétt RÚV frá því í nóvember segir að maðurinn hafi birt myndir af 88 stúlkum en þær hafi þá ekki allar gefið sig fram til lögreglu. Maðurinn hélt þá úti sérstakri vefsíðu undir myndbirtinguna og þegar smellt var á myndirnar opnaðist svæsið klámefni sem tengdist stúlkunum ekki.

Flestar stúlkurnar eru búsettar í Reykjanesbæ en þó ekki allar. Í nýjum gögnum málsins sést að maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, gerir athugasemdir við myndir af stúlkunum á Facebook og biður þær um kynferðislega greiða við sig. Stúlkurnar sem hann herjar á eiga það sammerkt að aðgangur þeirra á Facebook er öllum opinn og ekki þarf að vera vinur til að sjá myndir eða gera athugasemdir. Þá hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að maðurinn hafi þegar verið kærður fyrir tilraun til að tæla ólögráða stúlku til að hitta sig. **– snæ**




**Maðurinn er meðal annars sakaður um að gefa í skyn að stúlkurnar séu vændiskonur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# STÓRSÝNING Í HEKLU Á MORGUN

## Sannkölluð frumsýningarveisla!

**Verið velkomin á stórsýningu HEKLU á morgun milli kl. 12 og 16.** Við frumsýnum borgarbílinn **Volkswagen up!**, ofurjeppann **Audi SQ7**, snilldarbílinn **Audi Q2** og snaggaralega sportjeppann **Mitsubishi ASX**. Einnig forsýnum við lúxuspallbílinn **Volkswagen Amarok** og viðhafnarútgáfu af **Skoda Superb**. Forsala á **Skoda Kodiaq**, **VW GTE** og **e-Golf**. Kleinuhringir frá Krispy Kreme, veltibíllinn, kaffi frá Kaffitári og tattúbar fyrir börn á öllum aldri. Allir sem reynsluaka bíl eiga möguleika á glæsilegum vinningum. Komdu og fagnaðu nýju ári með okkur og 2017 línunni úr bílaflota HEKLU. Hlökkum til að sjá þig!




HEKLA

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is



**Í Heimaey.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eldri borgarar greiða ekki fasteignagjöld

**VESTMANNAEYJAR** Eigendur íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum sem orðnir eru sjötíu ára og eru ellilífeyrisþegar þurfa ekki að greiða af þeim fasteignagjöld. Áfram verða þó greidd þjónustugjöld. Bæjarráð hefur ákveðið að hafa þennan háttinn á líkt og verið hefur undanfarin ár.

Bæjarráðið segir þetta gert til að auðvelda eldri borgurum að búa sem lengst í eigin húsnæði og til að mæta hluta af tekjuskerðingu eldri borgara við starfslok. „Það er mat bæjarráðs að í þessu sé bæði falin mannvirðing og aukið valfrelsi í húsnæðismálum auk þess sem þessi aðgerð ber með sér hagræðingu þar sem hún dregur úr þörf fyrir mjög kostnaðarfrek annars konar húsnæðisúrræði.“ **– gar**



**Notkun samskiptaforrita jókst á síðasta ári.** NORDICPHOTOS/AFP

# Fleiri forrita er ekki þörf

**TÆKNI** Eftir mikinn vöxt á snjallforritamarkaði virðist sem markaðurinn sé mettaður. Þetta segir í greiningu tæknisíðunnar Flurry.

Niðurstöður greiningarinnar eru meðal annars þær að notkun frétta- og leikjaforrita hafi minnkað. Heildaraukning í notkun snjallforrita hafi þó verið ellefu prósent.

„Undanfarin ár höfum við séð tiltölulega jafnan vöxt milli flokka. Í ár er annað uppi á teningnum. Vöxtur í einum flokki er farinn að þýða hnignun í öðrum,“ segir í greiningunni.

Notkun samfélagsmiðla og samskiptaforrita jókst mest, alls um 44 prósent. Hins vegar minnkaði notkun forrita sem flokkast til sérsniðinna forrita um 46 prósent.

Flurry fylgdist með 940 þúsund snjallforritum á tveimur milljörðum tækja. Haldin var skrá yfir alls 3,2 billjónir atvika þar sem forritin voru opnuð og var stuðst við þær opnanir í greiningunni. **– þea**

# Mótmæltu stefnu Merkel




**Félagar úr belgíska öfgahægriflokknum Vlaams Belang komu saman í gær og mótmæltu innflytjendastefnu Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Merkel var í heimsókn í Brussel í Belgíu í gær. Merkel sagði í heimsókn sinni að ríki í Evrópu þyrftu að taka meiri ábyrgð.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Bretar í hættu vegna veðurs

**BRETLAND** Mikill hríðarbylur gekk yfir Bretlandseyjar í gær og snjóaði víðast hvar þar í landi, meðal annars í höfuðborginni London. Fjölda flugferða var aflýst eða seinkað sökum þessa og íbúar við strendur í austurhluta landsins yfirgáfu sumir hverjir heimili sín vegna hættu á flóðum.

Veðrinu sem gekk yfir fylgdu þrumur og eldingar og gríðarmikil snjókoma. Slíkt veður er afar sjaldgæft á Bretlandseyjum, en óttast var að því myndu fylgja mikil flóð. **– oæg**

**» Hundruð hermanna aðstoðuðu þúsundi íbúa við að yfirgefa heimili sín þar sem hætta var talin steðja að.**

# Glittir í framkvæmdir við Landmannalaugar

**Uppbygging í Landmannalaugum hefst í maí. Svæðið er á rauða lista Umhverfisstofnunar og er ágangur ferðamanna þar mikill. Unnið eftir verðlaunatillögu frá 2014. „Megum ekki vera mikið seinni,“ segir oddviti Rangárþings ytra.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stefnt er að því að hefja framkvæmdir við Landmannalaugar í maí með því að gera bílastæði fyrir sjö rútur og 75 bíla við Námakvísl. Einnig á að gera þjónustuhús fyrir laugargesti og aðstöðu landvarðar og nestisaðstöðu verður umbylt. Fleiri framkvæmdir eru fyrirhugaðar, meðal annars göngustígur að laugarsvæðinu, skýli og aðstaða við laugina verður byggt og gert verður tjaldsvæði og húsbílastæði norðan Námahrauns.

Deiliskipulag fyrir Landmannalaugar var kynnt í sveitarstjórn Rangarþings ytra á mánudag. Skipulagið er byggt á vinningstillögu um svæðið sem Landmótun og VA-Arkitektar unnu árið 2014. Svæðið er á rauða lista Umhverfisstofnunar og er hratt að drabbast niður en samkvæmt nýjustu tölum frá 2012 komu um 70 þúsund ferðamenn þangað. Síðan hefur ferðamönnum fjölgað gríðarlega.

„Við erum að vona að þetta sé upphafið að því að það verði þarna breytingar til batnaðar,“ segir Þorgils Torfi Jónsson, oddviti í Rangárþingi ytra. „Það er ekki vanþörf á, því svæðið er á rauða lista Umhverfisstofnunar og við megum ekki vera mikið seinni,“ bætir hann við.

Landmannalaugar tilheyra friðlandi að Fjallabaki sem var friðlýst árið 1979 og er það í umsjón Umhverfisstofnunar. Það er einnig þjóðlenda þó að Rangárþing ytra eigi þar ákveðin réttindi. Tilgangur með gerð deiliskipulagsins er að draga úr álagi af völdum ferðamanna en að sama skapi bæta þjónustu við ferðamenn á svæðinu. Markmiðið er að styrkja ímyndina og raska sem minnst náttúru og lífríki svæðisins.

„Það er búið að gera svolítið í göngustígum og öðru á svæðinu og stefnan er að gera meira í sumar til að reyna að endurheimta svæðið af rauða listanum. Til þess að það sé hægt verða að koma inn peningar frá ríkinu. Lítil sveitarfélög ráða ekkert við þetta. Þarna gæti komið einhver gjaldheimta því menn eru að hugsa að svæðið gæti orðið sjálfbært með tíð og tíma,“ segir Þorgils. Aðspurður hvort kostnaðurinn lendi á sveitarfélaginu segir hann ekki svo vera. Ríkið beri kostnaðinn af uppbyggingunni.

**benediktboas@365.is**



**Þjónustuhúsið verður um 200 fm og inniheldur aðstöðu sem tengist manngerðri laug og þjónar tjaldsvæðinu. Þar verður fatageymsla, sturtur og þurrksvæði og snyrtingum.** MYND/LANDMÓT

## Fyrsti áfangi við Landmannalaugar

**Aðstaða við Námakvísl:** Þjónustuhús, ný snyrtiaðstaða fyrir laugargesti, nestisaðstaða og kynningar fyrir daggesti og annað göngufólk. Dagaðstaða landvarða sem sjá um eftirlit og upplýsingagjöf. Bílastæði fyrir 10 rútur og um 60 bíla hannað í jafnvægi við náttúruna og jarðefni á svæðinu. Uppbygging rofvarna í tengslum við göngustíg meðfram akvegi frá syðri hluta Námahrauns og inn að áningarstað við Námakvísl. Göngustígur að laugarsvæði og ný aðstaða við laug. Áframhaldandi ný gönguleið að skála FÍ. Uppbygging varnargarðs norðan Námahrauns úr jarðefnum á svæðinu í minnstu mögulegri hæð. Hæð og styrkur þannig prófaður. Göngustígur mótaður samtímis






KIA

The Power to Surprise

## Frumsýning laugardaginn 14. janúar frá kl. 12–16

**Kia Optima Plug-in Hybrid** sameinar umhverfisvæna sparneytni rafbílsins og kraft bensínvélarinnar. Útkoman er framúrskarandi bíll sem gerir vistvænan akstur skemmtilegri. Um leið kynnum við hinn rúmgóða **Optima Sportswagon**, sem er sérhannaður fyrir þá sem vilja meira pláss fyrir farangurinn.

**Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Optima með 7 ára ábyrgð. Við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **4.690.777** kr.

Kia Optima PIH — 2.0 bensín, rafmagn, 6 gíra sjálfskipting, 205 hestöfl, eyðsla 1,6 l/100.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Rammaáætlun bíður á núllstillingu

**Með nýjum kosningum var umfjöllun Alþingis um rammaáætlun núllstillt. Nýr umhverfisráðherra þarf að mæla fyrir málinu á nýjan leik, en segir of snemmt að segja til um í hvaða mynd það verður. Nýir ráðherrar deildu harkalega um málið fyrir fáum mánuðum.**

**UMHVERFISMÁL** Of snemmt er að svara því hvort þingsályktunartillaga um rammaáætlun – áætlun um vernd og orkunýtingu – verður lögð fram aftur í óbreyttri mynd, að sögn Bjartar Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Þingsályktun um rammaáætlun var lögð fyrir Alþingi í byrjun september í haust og var málinu vísað til atvinnuveganefndar eftir fyrstu umræðu. Tillagan var lögð fyrir þingið að höfðu samráði Sigrúnar Magnúsdóttur, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, og Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem fór með orkumál. Tillagan sem þær lögðu fram var samhljóða niðurstöðum verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar, sem skilaði lokaskýrslu sinni í lok ágúst.

Sé litið til stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar þá er þar ekki heldur að finna svör um framhald málsins. Þar segir í kaflanum Umhverfis- og auðlindamál: „Ráðstöfun nýtingarréttinda á auðlindum í opinberri eigu skal vera gagnsæ. Ekki skal gengið á eignar- og nýtingarrétt einstaklinga nema brýnir almannahagsmunir krefjist þess. Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða verður lögð fyrir Alþingi til samþykktar sem framsýn og fagleg sáttargjörð milli ólíkra sjónarmiða um virkjun og vernd.“

Fyrrverandi umhverfisráðherra sagði á þeim tíma sem hún lagði tillöguna fram að það væri mikils virði að Alþingi fengi niðurstöður verkefnastjórnarinnar til efnislegrar meðferðar sem fyrst – sem rættist auðvitað ekki. Málið kom ekki til afgreiðslu Alþingis vegna pólitísks umróts síðasta árs og kosninga. En ef litið er til meðferðar Alþingis þegar 2. áfangi rammaáætlunar var til meðferðar árið 2011 ætti nefndarvinna að standa sem hæst – en umfjöllun teygði sig þá yfir sjö mánaða tímabil. Þess í stað hefur málalisti atvinnuveganefndar núllast út við kosningar.

Nýr umhverfisráðherra verður að mæla fyrir málinu á nýjan leik, þar sem óafgreidd mál flytjast ekki á milli þinga. Björt getur þá annaðhvort ákveðið að leggja þingsályktunartillögu Sigrúnar og Ragnheiðar Elínar frá því í ágúst fram óbreytta – eða gera einhverjar breytingar á flokkun virkjunarkosta, sem aftur myndi kalla á nýtt tólf vikna umsagnarferli áður en málið getur farið inn í þingið.

Þess er skemmst að minnast að eftir að þingsályktunartillagan var lögð fyrir þingið í haust gerði Jón Gunnarsson, þáverandi formaður atvinnuveganefndar og núverandi ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, það að tillögu sinni að nýtingarflokkur rammaáætlunarinnar yrði afgreiddur fyrir þinglok, en bið- og verndarflokkur frystur svo hægt væri að rannsaka þá virkjunarkosti betur.

Þessu tók stjórnarandstaðan vægast sagt illa, og þar á meðal Björt umhverfisráðherra. Þau Jón, sem sátu saman í atvinnuveganefnd, ræddu þetta mál í Morgunútvarpi Rásar tvö og úr urðu hörð orðaskipti. Jón sagði að Björt yrði að kynna sér málið betur. Björt svaraði: „Ég nenni ekki að sitja undir þessu. Ég nenni ekki enn eina ferðina að hér sé miðaldra karl sem segi – heyrðu vinkona, viltu gjöra svo vel kynna þér málið aðeins betur. Ég nenni ekki svona kjaftæði. Ég er búin að sitja með þér í atvinnuveganefnd í þrjú ár og Jón getur ekki sagt að við hjá Bjartri framtíð, og ég í þeirri nefnd, séum ekki sanngjörn í því mati að meta þessa hluti,“ sagði Björt og hélt því fram að munurinn væri einfaldlega sá að Björt framtíð og Sjálfstæðisflokkurinn væru með ólíka stefnu í þessum málum.

Formlega séð er málið ekki á borði atvinnuveganefndar, eins og áður sagði núllaðist málalisti hennar út við kosningar. Í sjálfu sér er heldur ekkert sjálfgefið að málið fari þangað eftir að umhverfisráðherra hefur mælt fyrir því, enda hefur verið þráfaldlega á það bent að mál á verksviði umhverfisráðherra eigi miklu frekar heima í umhverfisnefnd þingsins. Þessi gagnrýni hefur oftar en ekki heyrst samhliða gagnrýni á hugmyndir Jóns um afgreiðslu mála sem tengjast rammaáætlun – en fyrir liggur að hann sem formaður atvinnuveganefndar var ekki sáttur við í hvaða farvegi málið er í.

Núverandi verkefnisstjórn rammaáætlunar er skipuð til 25. mars næstkomandi, og eitt af fyrstu verkefnum Bjartar sem nýs umhverfisráðherra verður því að skipa nýja verkefnisstjórn.

svavar@frettabladid.is



Sessunautarnir og nú ráðherrarnir Björt Ólafsdóttir og Jón Gunnarsson hafa tekist harkalega á um rammaáætlun. Nú bíður þeirra samvinna um lyktir málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**» Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í mars 2013 og tók til starfa í maí sama ár. Skipunartími verkefnisstjórnarinnar rennur út í mars 2017.**

**» Í 3. áfanga er lagt til að átján virkjunarkostir verði flokkaðir í orkunýtingarflokk og hafa þeir samtals 1.421 MW uppsett afl.**

**» Með tillögu verkefnisstjórnar aukast möguleikar á orkuvinnslu um sem nemur tæpum 50% í jarðvarmaafli og um rúm 150% í vatnsafli frá 2. áfanga rammaáætlunar.**

## Átta nýir orkukostir – tíu í verndarflokk

■ Verkefnisstjórn leggur til að átta nýir virkjunarkostir bætist í orkunýtingarflokk áætlunarinnar. Um er að ræða fjórar vatnsaflsvirkjanir með uppsett afl upp á alls 277 MW, þrjár jarðhitavirkjanir með uppsett afl allt að 280 MW og einn vindlund með uppsett afl allt að 100 MW. Ekki eru lagðar til breytingar á flokkun þeirra virkjunarkosta sem fyrir voru í orkunýtingarflokki en þeir eru alls tíu.

■ Með þessari tillögu verkefnisstjórnar aukast möguleikar á orkuvinnslu um sem nemur tæpum 50% í jarðvarmaafli og um rúm 150% í vatnsafli frá 2. áfanga rammaáætlunar.

■ Í verndarflokk bætast við fjögur landsvæði með tíu virkjunarkostum. Allir nýir virkjunarkostir á landsvæðum í verndarflokki eru vatnsaflsvirkjanir. Ekki eru lagðar til breytingar á flokkun þeirra virkjunarkosta sem fyrir voru í verndarflokki en þeir eru sextán talsins. Samtals er því lagt til að 26 virkjunarkostir verði flokkaðir í verndarflokk.

■ Þrjátíu og átta virkjunarkostir eru í biðflokki og hafa tíu bæst við þann flokk frá fyrri áfanga.



KALT ÚTI
MÚR BÚÐAR VERÐ
20% AFSLÁTTUR
Ryco-1509 Olíufylltur 2000W rafmagnsofn m/termo stillingum og yfirhitavörn 9 þilja
8.990
7.192
25% AFSLÁTTUR
Ryco-2006T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w
4.990
3.743
INDUSTRIAL GRADE
Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa
6.890
Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa
8.890
Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa
12.830
Rafmagnshitablásari 2Kw
1.990
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Klettháls 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Aðkallandi að ljúka framkvæmdum

**UMFERÐ** Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur áhyggjur af tíðum umferðarslysum á Reykjanesbraut. Í bókun sem samþykkt var í gær áréttaði ráðið mikilvægi þess að ráðist verði í úrbætur á brautinni án tafar.

„Bæjarráð hefur þungar áhyggjur af umferðaröryggi á veginum og skorar á samgönguyfirvöld að hefja nú þegar undirbúning að öllum framkvæmdum við brautina sem hafa verið á samgönguáætlun til margra ára án fjármagns. Það er mjög aðkallandi að ljúka framkvæmdum og tryggja umferðaröryggi vegfarenda á þeim hluta brautarinnar sem liggur í gegnum Hafnarfjörð þar sem umferðarþungi hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum og fer vaxandi,“ segir í bókuninni.

**Bæjarráð hefur þungar áhyggjur af umferðaröryggi á veginum.**

Úr bókun bæjarráðs Hafnarfjarðar

Tveir mjög harðir árekstrar urðu á mánudag á brautinni þar sem einn slasaðist alvarlega en þrír voru fluttir á sjúkrahús vegna slyssins. Á rúmlega tveggja kílómetra kafla sem nær frá Krísuvíkurgatnamótum að rampi frá Reykjanesbraut niður að Strandgötu hafa orðið 62 slys, samkvæmt tölfræði frá Samgöngustofu á fimm árum en ekki eru komin gögn fyrir slys sem þarna urðu frá nóvember og desember á síðasta ári. – bb



Bæjarráð Hafnarfjarðar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna tíðra og alvarlegra slysa á Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Á mánudag varð eitt slíkt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HARPA

**Fremstu fiðlarar Evrópu**

# Kammersveit Vínar & Berlínar

Einleikarar **Gautier Capuçon** selló, **Rainer Honeck** fiðla & **Noah Bendix-Balgley** fiðla
Konsertmeistari **Rainer Honeck**



## Eldborg 19. maí kl. 19:30

Miðasala **hefst í dag** í síma 528 5050 og á harpa.is

**harpa.is/kammersveit**
**#harpa**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

# Óttast að ferðamenn fari sér að voða við Gullfoss

**FERÐAÞJÓNUSTA** Snorri Ingason, varaformaður Félags leiðsögumanna, segir að það þurfi að efla gæslu á vinsælum ferðamannastöðum. Ferðamenn klifri yfir grindverk til að komast nær Gullfossi og átti sig ekki á hættunni. Hann segir að það verði slys á staðnum ef ekki verður gripið inn í og vonast til að nýr ráðherra bregðist við.

Undanfarið hefur verið fjallað um hættuna í Reynisfjöru en þýsk kona lét lífið á dögunum eftir að hún fór í sjóinn. Ferðamenn virðast ekki fara eftir fyrirmælum á staðnum og virða hættuskilti að vettugi. Kallað hefur verið eftir landvörslu á svæðinu.

Svipaða sögu er að segja af fleiri stöðum en varaformaður Félags leiðsögumanna segir leiðsögumenn á landinu marga hverja sammála um að það þurfi að efla gæslu á vinsælum ferðamannastöðum. Til að mynda við Dettifoss og við hverina við Námaskarð sé fólk að fara yfir keðjur og reipi.

Um nokkurt skeið hafi það tíðkast að ferðamenn virði ekki lokanir göngustígs við Gullfoss til að komast nær fossinum. Þá ganga sumir svo langt að fara yfir keðjur og grindverk í nokkurra metra fjarlægð frá fossinum.



Fjöldi ferðamanna kemur að Gullfossi á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Hættan er náttúrulega að fólk falli fram af brúninni. Síðan er það grjóthrun. Það getur hrunið úr brúninni á annan sem er að labba niður eftir. Svo náttúrulega þegar það er hávetur er þetta allt í ís og fólk getur runnið ofan í fossinn. Við höfum miklar áhyggjur af þessu. Þetta virðist vera hjarðhegðun. Það er einn sem fer yfir og þá vilja hinir fara líka því þessi er að fara,“ segir Snorri.

Snorri býst við slysum ef fólk heldur áfram að ganga yfir hliðið. „Við bindum vonir við nýjan ráðherra að það verði gerð gangskör að því að koma upp einhvers konar landvarðakerfi,“ segir hann – **ngy**



Í Kristjánsborgarhöll eru helstu valdastofnanirnar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Togstreita milli ráðuneyta

**DANMÖRK** Fyrrverandi ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu í Danmörku, Jesper Zwisler, segir embættismenn fjármálaráðuneytisins hafa gríðarleg pólitísk völd og skipta sér af smáatriðum í öðrum ráðuneytum.

Í viðtali við danska ríkisútvarpið segir Zwisler að þetta hafi meðal annars haft þær afleiðingar að embættismenn í félagsmálaráðuneytinu hafi ekki borið upp góðar hugmyndir við ráðherra sinn þar sem þeir hafi þóst vera vissir um að fjármálaráðuneytið myndi ekki samþykkja þær.

Fyrrverandi menningarmálaráðherra Danmerkur, Bertel Haarder, hefur einnig gagnrýnt fjármálaráðuneytið fyrir afskiptasemi. – **ibs**

## Fleiri verði dæmdir

**SVÍÞJÓÐ** Dómsmálaráðherra Svíþjóðar, Morgan Johansson, opnar á breytingu á lögum til að hægt verði að dæma fleiri sem hafa í vörslu sinni barnaklám, horfa á það og dreifa því. Samkvæmt lögum er slíkt bannað í Svíþjóð.

Rannsókn Sænska Dagbladsins og Aftonbladet leiddi í ljós að lögreglan hafði vitneskju um að 15 þúsund Svíar hefðu hlaðið niður efni með kynferðisbrotum gegn börnum undanfarið ár. Að mati lögreglunnar er það einungis toppurinn á ísjakanum.

Árið 2015 voru aðeins 119 Svíar dæmdir vegna barnakláms. – **ibs**



Sauðákrókur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vilja öruggt flug með sjúklinga

**SKAGAFJÖRÐUR** Byggðarráð Skagafjarðar vill að sveitarstjórinn fái fund með Isavia til að fara yfir nauðsynlegan búnað og umgjörð sem þarf á flugvellinum á Sauðárkróki til þess að tryggja öruggt sjúkraflug.

Þá skorar byggðarráðið á ný stjórnvöld að tryggja íbúum landsbyggðarinnar örugga aðkomu að eina hátæknisjúkrahúsi landsins með opnun neyðarbrautarinnar í Vatnsmýrinni.

„Ljóst er að með nauðsynlegri uppbyggingu hátæknisjúkrahúss í Reykjavík hlýtur það að vera einboðið að sjúkraflugið lendi í sem mestri nálægð við sjúkrahúsið,“ segir byggðarráðið. – **gar**

# Mattis hefur miklar áhyggjur af aðgerðum Rússa og Kínverja

Varnarmálaráðherraefni Donalds Trump hefur áhyggjur af aðgerðum Rússa og Kínverja. Hann er þekktur fyrir fleyg ummæli og er virtur af landgönguliðum. Þá segir hann kynferði og kynhneigð engu máli skipta í herþjónustu, einungis ástand. Undanþágu þyrfti frá lögum til þess að Mattis yrði varnarmálaráðherra.

**BANDARÍKIN** James Mattis, fyrrverandi hershöfðingi landgönguliða og val Donalds Trump í embætti varnarmálaráðherra, styður hugmyndir um varanlega viðveru Bandaríkjahers í Eystrasaltslöndunum til að vinna að öryggi þeirra gegn Rússum.

Þetta sagði Mattis í yfirheyrslu á fundi þingnefndar sem hefur það hlutverk að staðfesta eða hafna tilnefningum í ráðherraembætti.

Mattis sagðist jafnframt hafa áhyggjur af framgangi Rússa á nokkrum vígstöðvum, meðal annars í sýrlensku borginni Aleppo og í Úkraínu.

„Frá því á leiðtogafundinum í Jalta árið 1945 höfum við reynt samstarf við Rússa án árangurs. Það sem er mikilvægast þessa stundina er að gera sér grein fyrir því að Vladimír Pútín [Rússlandsforseti] er að reyna að eyðileggja Atlantshafsbandalagið. Við eigum að taka nauðsynleg skref til þess að verja okkur,“ sagði Mattis.

Hann sagði heimskerfið ekki hafa sætt jafn miklum árásum frá því í síðari heimsstyrjöld. Það væri vegna Rússa, aðgerða Kínverja í Suður-Kínahafi og hryðjuverkasamtaka. Varnir væru því mikilvægar og þær þörfnuðust sterks hers.

Formaður nefndarinnar og fyrrverandi forsetaframbjóðandinn John McCain spurði þá hvort herinn væri nægilega sterkur í núverandi mynd. Svar Mattis var einfalt: „Nei, herra.“

Mattis sagðist mikill stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins (NATO). „NATO er miðlægt í varnarmálum okkar. Það byggir undir stöðugleika í Evrópu og er varnarbandalag sem hjálpar okkur að viðhalda okkar gildum,“ sagði Mattis.

„Sé litið til sögunnar er hún mjög skýr. Ríki sem eiga sterka bandamenn þrífast en ríki án þeirra veslast upp,“ sagði hann að auki, en Mattis er sagnfræðingur að mennt.

Kirsten Gillibrand, einn nefndarmanna, spurði Mattis þá út í hvort opnun fyrir herþjónustu hinsegin fólks hefði veikt herinn.




James Mattis þegar hann mætti fyrir nefnd í þinghúsi Bandaríkjanna í gær. NORDICPHOTOS/AFP

### Orðheppin „költ“-hetja

James Mattis er fyrrverandi hershöfðingi bandarískra landgönguliða. Hann fæddist í Washington-ríki árið 1950.

Á meðal þeirra viðurnefna sem hann hefur fengið í hernum eru Chaos, Warrior Monk og Mad Dog. Chaos var dulnefni hans í hernum en það viðurnefni sem helst hefur fest við hann er Mad Dog eða óði hundur.



Mattis er sagður „költ“-hetja landgönguliða og hafa fjölmörg ummæli hans vakið lukku. Sum eru þó umdeildari. Fréttablaðið tók nokkur þeirra saman.

„Ef þú þarft að drepa saklausan mann til þess að drepa óvin þinn, slepptu því að skjóta. Ekki eignast fleiri óvini en þú myndir drepa með því að gerast sekur um slíkan siðferðisbrest,“ hefur Mattis sagt þegar hann hefur talað um siðferði landgönguliða þegar barist er við óvinveitt öfl.

„Ég kem í friði. Ég tók ekkert stórskotalið með mér. En ég grátbið ykkur. Ekki abbast upp á mig, því þá mun ég drepa ykkur alla,“ sagði Mattis. Í upphafi Íraksstríðsins skildi Mattis skriðdreka og stórskotalið eftir þegar hann átti fund með höfðingjum írakskra ættbálka.

„Landgönguliðar vita ekki hvernig orðið ósigur er skrifað,“ hafa landgönguliðar eftir Mattis en hann er einn virtasti landgönguliði sinnar kynslóðar.

„Mér hefur alltaf verið sama um með hverjum tveir samþykkir, fullorðnir aðilar fara í rúmið. Það skiptir engu máli. Það eina sem skiptir máli í þessu samhengi er að viðkomandi séu í fullnægjandi ástandi til að þjóna í hernum,“ svaraði Mattis.

Lög eru í Bandaríkjunum um að stjórn yfir hernum verði ávallt í höndum almennra borgara en ekki hermanna sjálfra. Því mega varnarmálaráðherrar ekki hafa unnið fyrir herinn í sjö ár áður en þeir taka við embætti. Mattis vantar hins vegar fjögur ár upp á það skilyrði. Því mun hann þurfa undanþágu. Fyrrgreind nefnd mun skera úr um hvort hann fái hana.

Sjálfur sagði Mattis löggjöfina mikilvæga. „Stjórn almennra borgara yfir hernum er grunngildi bandaríska hersins. Ef báðar deildir þingsins samþykkja undanþáguna mun ég stýra aðgerðum hersins sem almennur borgari,“ sagði hann.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Hagar minnka við sig í Kringlunni

**VIÐSKIPTI** Hagar hafa undirritað nýjan leigusamning við Reiti um verslun Hagkaupa í Kringlunni. Verslunin mun verða á einni hæð, í stað tveggja hæða áður og mun því minnka um 3.500 fermetra.

Efri hæð verslunarinnar verður lokað í febrúar og mun ný verslun verða opnuð á neðri hæð Kringlunnar á haustmánuðum. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri Haga sem birt var í gær.

Í árshlutareikningnum, sem er fyrir tímabilið 1. mars 2016 til 30. nóvember, kemur fram að hagnaður félagsins nam 3 milljörðum á tímabilinu, eða 5,1 prósenti af veltu. Það er um 200 milljónum meira en hagnaðurinn árið á undan. Vörusalan nam 59,7 milljörðum og EBITDA nam 4,58 milljörðum.

Hagar eru stærsta fyrirtækið á matvörumarkaði, en auk Hagkaupa rekur fyrirtækið Bónus. – **jhh**



Rrými Hagkaupa minnkar þegar verslunin fer á eina hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# #MAGNAÐASTUR

Ford Mondeo er þýður og hljóðlátur, alveg hreint magnaður. Hann er hlaðinn lúxusbúnaði eins og upphitanlegri framrúðu, loftkælingu, Bluetooth, 8“ snertiskjá með leiðsögukerfi og nálægðarskynjurum að framan og aftan. Mondeo verndar alla fjölskylduna með fimm stjörnu öryggi. Upplifðu magnaða lúxustilfinningu í Ford Mondeo.

Ford er frábær. Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur.

BEINSKIPTUR FRÁ

**3.790.000** KR.

**FORD ER FRÁBÆR!**
Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur
– **komdu núna!**

**LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR**
– þú getur fengið hann í allt að **24 tíma!**

24

**Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!**
Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Einsdæmi



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Ef ríkið fengi í dag afhenta ávísun upp á 400 milljarða, væri hagsmunum þess best borgið ef þeim fjármunum yrði ráðstafað til fjárfestinga í hlutabréfum í íslenskum bönkum? Tæplega. Öllum ætti að vera kunnugt um þá miklu áhættu sem felst í bankarekstri. Afkoma bankanna hefur versnað á síðustu misserum og arðsemi af reglulegum rekstri er aðeins um og yfir sex prósent. Það væri því hægt að gera margt skynsamlegra við slíka fjármuni – til dæmis að halda áfram að greiða niður skuldir ríkisins.

Staðan í dag er hins vegar sú – meira en átta árum eftir fjármálaáfallið – að ríkið er enn alltumlykjandi á bankamarkaði. Í gegnum eignarhald sitt á Íslandsbanka og Landsbankanum, auk þess að eiga gríðarlegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta við söluferli Arion banka, þá er fjármálakerfið nánast alfarið í höndum íslenskra skattgreiðenda. Sú fjárhæð sem ríkið er með bundið sem eigið fé í bönkunum nemur um tuttugu prósentum af landsframleiðslu. Gróflega áætlað fara um níu af hverjum tíu krónum sem stóru bankarnir skila í hagnað til ríkissjóðs. Þessi staða er einsdæmi í hinum vestræna heimi – og getur vart talist eðlileg.

Ný ríkisstjórn virðist vera sama sinnis. Í stefnuyfirlýsingu hennar segir að til „langs tíma litið [sé] ekki ákjósanlegt að ríkið fari með meirihlutaeign í viðskiptabönkunum“ og því „mikilvægt að minnka hlut ríkisins í varfærnum skrefum og víðtækri sátt“. Sú stefnumörkun er ágæt, svo langt sem hún nær.

Til skemmri tíma litið ættu stjórnvöld að huga að öðrum leiðum en sölu hlutabréfa til að endurheimta fjármuni ríkisins í bönkunum. Greint var frá því á dögunum að Íslandsbanki hefði tekið ákvörðun um sérstaka greiðslu arðs til hluthafa, sem er íslenska ríkið, að fjárhæð 27 milljarðar. Stjórnendur Landsbankans hljóta að gera slíkt hið sama á komandi mánuðum. Sterk lausa- og eiginfjárstaða bankans þýðir að hann hefur svigrúm til að greiða hluthöfum tugi milljarða með útgreiðslu arðs og sölu eigna. Slík ákvörðun væri hagstæð fyrir ríkið og myndi jafnframt hafa þær jákvæðu afleiðingar að minnka efnahagsreikning bankans og gera stjórnvöldum þannig auðveldara um vik að selja hlut sinn á hinum örsmáa íslenska markaði.

Fram undan eru löngu tímabærar breytingar á eignarhaldi bankanna. Í hartnær sex ár sættum við okkur við þá staðreynd að meirihluti bankakerfisins var í höndum andlitslausra vogunarsjóða, fyrirkomulag sem var á skjön við reglur FME um hverjir séu hæfir til að vera eigendur fjármálafyrirtækja. Í dag er það ríkið sem fer að mestu fyrir bönkunum – að undanskildum Arion banka. Fyrirséð er að nýir eigendur komi að þeim banka síðar á árinu þegar hluthafar Kaupþings munu selja hlut sinn. Æskilegast væri að erlendir fjárfestar verði þar fyrirferðarmiklir kaupendur í stað þess að bankinn endi að stórum hluta í eigu íslenskra lífeyrissjóða. Verði það niðurstaðan er ljóst að salan á Arion banka mun ekki marka upphafið að nauðsynlegri endurskipulagningu bankakerfisins. Það sýnir okkur reynslan af umsvifum lífeyrissjóða sem meirihlutaeigenda að flestum skráðum félögum í Kauphöllinni.

**Í sex ár sættum við okkur við að meirihluti bankakerfisins var í höndum andlitslausra vogunarsjóða.**







Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Úr einu fræi varð bylting.

Moroccanoil hárvörumerkið er innblásið af ferskum vindum, bláma sjávarins og landslagsins í kringum Miðjarðarhafið.

Upphafið er sjálf Moroccanoil Treatment olían sem er góður grunnur fyrir hvaða hárgerð sem er. Einnig góð í krakka og skegg. Til að fá sem bestu næringarefnin er gott að setja hana alltaf í blautt hárið og blása það eða leyfa því að þorna eðlilega.

Regalo ehf Iceland

Olíurnar eru þrjár og nýjust er Blow Dry Concentrate sem hönnuð er fyrir gróft og erfitt hár. Moroccanoil Treatment hentar öllum hárgerðum og LIGHT fyrir fíngert og mikið ljóst hár.


## Halldór




## Frá degi til dags

**Af sömu rótum**

**Daginn eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum var farið að greina frá því hverjir yrðu aðstoðarmenn ráðherra. Þannig verður til dæmis Borgar Þór Einarsson aðstoðarmaður Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra. Þau Karl Pétur Jónsson almannatengill og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir lögfræðingur verða aðstoðarmenn Þorsteins Víglundssonar. Margir vita að þau Borgar Þór Einarsson og Þorbjörg Sigríður hafa starfað saman í Vöku, á vettvangi ungra sjálfstæðismanna og bæði tilheyrt ritstjórn vefritsins Deiglunnar. Og sjálfsagt er ekki verra að það ríki traust meðal aðstoðarmanna nýrra ráðherra.**

**Árásin forðum**

**Það sem miklu færri vita er að þeir Borgar Þór og Karl Pétur eiga líka sögu. DV greindi frá því hinn 20. nóvember 2003 að Borgar Þór Einarsson, sem þá var reyndar aðstoðarmaður Tómasar Inga Olrich menntamálaráðherra, hefði kært Karl Pétur fyrir líkamsárás sem hann sagði hafa átt sér stað á öldurhúsi í borginni 2. október sama ár. „Ég varð fyrir tilefnislausri og hættulegri árás þegar hann sló mig með glasi í höfuðið í kjölfar samtals okkar á milli,“ sagði Borgar. Þá er bara að vona að aðstoðarmennirnir tveir geti fyrirgefið atvik frá löngu liðinni tíð.**

jonhakon@frettabladid.is

# Listamannalaun – hví þessi læti?



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur og kennari

Nú er í gangi hin árlega umræða um listamannalaunin. Nokkur hundruð listamenn fengu nefnilega úthlutað styrk úr listamannasjóði fyrir nokkru. Allmargir, sér í lagi frjálshyggjumenn, keppast við að gagnrýna þessa styrki og telja að listamenn eigi að vera sjálfum sér nógir með sölu á sínum verkum en ekki reiða sig á fjárstuðning frá ríkinu.

Þótt taka megi undir þessar gagnrýnisraddir er mikilvægt að halda sig við prinsippin en hamast ekki á einum tilteknum hópi fremur en öðrum. Hvað með aðra þá er þiggja fjárstyrki úr ríkissjóði eins og afreksfólk í íþróttum (Afrekssjóður) eða frumkvöðla úr tæknigeiranum (Tækniþróunarsjóður)? Geta þessir hópar ekki einnig verið sjálfum sér nægir og reitt sig á tekjur af sinni vinnu á markaði eða frjáls framlög? Af hverju fá slíkir hópar frið fyrir þeirri linnulausu gagnrýni sem listamenn þurfa iðulega að þola?

**List skapar líka verðmæti**

Vera má að skýringin á hinum neikvæðu viðbrögðum sumra gagnvart ríkisstyrkjum til listamanna felist í þeirri mýtu, að þeir skapi ekki raunveruleg verðmæti fyrir þjóðfélagið líkt og t.d. íþróttamenn eða frumkvöðlar. Þetta er vitaskuld alrangt. Listsköpun hér á landi nemur nefnilega verulegu hlutfalli af þjóðarframleiðslu. Stærðargráðan er vel á annað hundrað milljarða. Ekki nóg með það, langstærsti hlutinn kemur frá hinum frjálsa markaði, ekki í formi niðurgreiðslna hins opinbera.

Við frelsisunnendur og talsmenn markaðslausna verðum því að gæta samræmis í máli okkar og ekki fara hamförum gagnvart einum hópi ríkisstyrkþega á meðan fjölmargir aðrir hópar njóta sams konar fjárstuðnings gagnrýnislaust. Segjum einfaldlega: Ríkið á ekki að styrkja eða veðja á einhverja tiltekna íþróttamenn, frumkvöðla eða listamenn fremur en aðra. Markaðurinn á alfarið að sjá um slíkt í umhverfi þar sem sköttum og öðrum viðskiptahindrunum er haldið í lágmarki. Markaðurinn talar nefnilega skýrt: þeim er refsað sem fást við iðju sem þeir ráða illa við og beint annað; hinum er hampað og hvattir til enn frekari dáða.

**Þótt taka megi undir þessar gagnrýnisraddir er mikilvægt að halda sig við prinsippin en hamast ekki á einum tilteknum hópi fremur en öðrum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Til hamingju með daginn

## Í DAG

Þórlindur Kjartansson



Eftir að ég heyrði fyrst um þá hjátrú að það væri sérstakur óheilladagur þegar þrettánda dag mánaðarins ber upp á föstudag þá fylltist ég alltaf óttablandinni eftirvæntingu þegar dagatalið raðaðist með þessum hætti. Mér fannst rétt að fara að öllu með sérstakri gát og fylgdist mjög vel með öllum þeim hrakföllum, óhöppum, slysum og hörmungum sem hægt væri að rekja beint til þess að ólgandi ólukkuský hvíldi yfir heimsbyggðinni á þessum degi. Og í dag er einmitt runninn upp slíkur dagur.

Það má því gera ráð fyrir að margt fari úrskeiðis í dag. Smábörn munu henda bíllyklum bak við ofna, gamalmenni fljúga á hausinn í hálku, unglingar fá einmitt þær spurningar á skyndiprófum sem þeir slepptu því að lesa fyrir, stjórnmálamenn komast að því að þeir hafa fyrir einskæra óheppni eignast bankareikninga á aflandseyjum, strætó seinkar, skóreimar slitna, beikonið brennur á pönnunni og kaffið er kalt á könnunni.

### Paraskevidekatriaphobia

Sjálfur er ég fyrir löngu hættur að fyllast spennu fyrir föstudeginum þrettánda. Ég er of jarðbundinn til þess að trúa því að einhverjir dulmagnaðir kraftar verki öðruvísi á daga okkar eftir því hvernig mannfólkið hefur raðað þeim á dagatölin. En þó er vitað að verulegur fjöldi er haldinn ótta við föstudaginn þrettánda—það er meira að segja til sjúkdómsheiti yfir slíkan ótta (paraskevidekatriaphobia) og í Ameríku hefur verið giskað á að á bilinu 17–21 milljón manna glími við þennan ótta. Sumir eru jafnvel svo illa haldnir að þeir hætta sér ekki út úr húsi. Þeir eru bara heima hjá sér—kannski dúðaðir undir sæng, nagandi neglur og gnístandi tönnum—og bíða eftir að dagurinn líði svo heimurinn falli aftur í eðlilegar skorður og óhætt sé að taka aftur þátt í tilverunni.

Og það er alveg rétt hjá þeim. Margt mun fara úrskeiðis í dag og það er ekki óhugsandi að hryllilegar hörmungar dynji einhvers staðar yfir.

### Undirmeðvitundin verður ofan á

Yfirveguð rökhugsun vísar vitaskuld á bug öllum kenningum um að dagatalið hafi haft eitthvað um óhöpp dagsins að segja. Rökvísin veit að hlutir fara úrskeiðis í dag einfaldlega vegna þess að alla daga fara hlutir úrskeiðis og dögunum stendur fullkomlega á sama um hvernig við númerum þá og nefnum.

Og þar með ætti málið að vera útrætt. Hjátrúin um dagatalið er afgreidd.

En þannig er það nú samt ekki. Heilinn í okkur er nefnilega flókið fyrirbæri og lýtur ekki síður eigin vilja heldur en eigenda sinna. Þegar órökrétt hjátrú eða ranghugmynd hefur tekið sér bólfestu í undirmeðvitundinni þá getur slagurinn við hana orðið eins og að reyna að halda með pottloki aftur af gufu sem leitar út.

Öll heimsins rök duga skammt gegn þeirri fullvissu sem er greypt í dýpstu hugskot. Rétt eins og ástföngnum manni sýnist að úr fjarska sé önnur hver kona einmitt sú sem hjartað þráir—þá sér hinn hjátrúarfulli ekkert annað en staðfestingar á hinni órökréttu tilfinningu sinni.

### Ruglið staðfest

Í sálfræðirannsóknum er þetta vel þekkt. Heilinn í okkur sækist stöðugt eftir því að staðfesta það sem við teljum okkur vita, en er minna hrifinn af því að grafa undan þeim stoðum sem við byggjum heimsmynd okkar á. Þessi þrá til þess að staðfesta heimsmynd okkar litar allar okkar hugsanir og gjörðir og getur leitt okkur á ýmsar villigötur.

Ef það blundar til dæmis í okkur ótti við útlendinga þá „hjálpar" heilinn okkur að taka eftir öllu því sem fer úrskeiðis og tengist útlendingum og innflytjendum. Ef við erum sannfærð um að þeir sem eru ósammála okkur í stjórnmálum séu spilltir, illa innrættir og óheiðarlegir þá mun undirvitund okkar safna öllum mögulegum sönnunargögnum til þess að treysta þá trú, en vísa frá sér öllum vísbendingum um að þetta sé ekki raunin.

### Ímyndað vandamál verður raunverulegt

Allir þekkja hvernig hugurinn getur skyndilega tekið krappar og órökréttar beygjur. Fólk sem er ástfangið upp fyrir haus einn daginn sér ekkert nema gott í ástinni sinni; meira að segja það sem annars þættu algjörlega óþolandi persónuleikabrestir virkar krúttlegt á meðan „allt leikur í lyndi" en ef ástin kulnar þá fara nákvæmlega sömu eiginleikar að virka þreytandi, pirrandi og jafnvel óþolandi. Og stundum þarf ekki annað en smávægilegt fall í blóðsykri til þess að allir sem maður umgengst verði skyndilega óalandi og óferjandi. Þessar tilfinningasveiflur eru raunverulegar þótt ekkert raunverulegt hafi gerst nema hjá manni sjálfum.

Fyrir þá sem raunverulega hræðast dagsetninguna í dag þá er hjátrúin raunverulegt vandamál þótt ástæðan sjálf sé ímynduð. Undirmeðvitundin mætir öllum tilraunum til leiðréttingar með offorsi og ef óttinn er nægilega mikill þá fer föstudagurinn þrettándi að verða að raunverulegum ólukkudegi—ekki vegna ólukkunnar heldur vegna hræðslunnar við ólukku.

Þetta sama er einmitt upp á teningnum þegar fólk festist í því að sjá ekkert annað en ógnun og vandamál í kringum tiltekna hópa af fólki; hvort svo sem það eru innflytjendur, fólk af tilteknum uppruna, fólk sem játar tiltekna trú, fólk með tilteknar skoðanir, fólk í tilteknum stjórnmálaflokkum eða aðdáendur tiltekinna íþróttaliða. Hræðslan sjálf verður vandamál sem getur af sér fleiri vandamál, ranghugmyndir, illindi, fordóma og átök.

### Til hamingju með daginn

Þeir sem ætla öllum gott og búast alltaf við hinu besta eiga auðvitað á hættu að virka kjánalegir eða barnalegir. En af tvennu illu þá finnst mér líklegt að heimurinn hafi hlotið meiri skaða af yfirgengilegri hræðslu heldur en óhóflegri bjartsýni. Þess vegna ætla ég að leggja mig allan fram um að taka eftir því þegar ég er heppinn í dag—og tileinka mér þá órökréttu hjátrú að föstudagurinn þrettándi sé algjör happadagur.

# Brexit – hvert skal haldið?



Árni Páll Árnason
lögfræðingur og sérfræðingur í Evrópurétti

Í hinni frægu barnabók Lísu í Undralandi spyr Lísa köttinn hvert hún eigi að fara. Kötturinn svarar að það fari nú eftir því hvert hana langi að komast. Það má segja að staða bresku ríkisstjórnarinnar nú, við undirbúning Brexit-viðræðna við Evrópusambandið (ESB), veki í huga áhorfandans ákveðnar hliðstæður við samræður Lísu og kattarins. Enn hefur nefnilega ekki verið skýrt til fulls hvert það endatakmark er, sem bresk stjórnvöld vilja stefna að.

### Ólík sjónarmið útgöngusinna

Í þjóðaratkvæðagreiðslu í júní síðastliðnum samþykktu 52% kjósenda úrsögn úr ESB. En þar með var ekki nema hálf sagan sögð. Það er í sjálfu sér enginn vandi að segja sig úr ESB ef menn eru sáttir við að standa alfarið utan þess og alls þess samstarfs sem ESB hefur stofnað til á meira en hálfri öld. Flækjustigið skapast þegar skilgreina á hvað af þessu samstarfi Bretar vilja halda í og hvaða þætti þeir vilja alls ekki. Um það var ekki einhugur meðal þeirra sem töluðu fyrir útgöngu í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Í grófum dráttum má segja að meðal talsmanna útgöngu hafi mátt greina ferns konar viðhorf til þess sem ætti að taka við, eftir Brexit:

**1. Aðild að innri markaðnum, en án fullrar aðildar að ESB**

Sumir talsmenn úrsagnar mæltu fyrir þessari leið og þar með fullum aðgangi Breta áfram að fjórfrelsinu og öllum þeim þáttum sem tryggja viðskiptafrelsi innan ESB. Bretar myndu – með svipuðum hætti og EES-ríkin – samt ekki vera formlega skuldbundnir til upptöku nýrra gerða, en myndu í reynd hafa um það lítið val. Nokkuð hefur borið á því að talsmenn fullrar aðildar að ESB tali nú fyrir einhvers konar lausn af þessum toga, ýmist með sérsamningi Breta við ESB eða með þátttöku Breta í EES-samstarfinu.

**2. Aðild að einstökum þáttum innri markaðarins, með hömlum á frjálsa för fólks**

Þessi leið felur í sér að fyrst og fremst verði lögð áhersla á að tryggja hömlur á frjálsa för fólks. Sá þáttur innri markaðarins er einn grunnþáttur hans og ólíklegt að fullur og hindrunarlaus aðgangur að innri markaðnum að öðru leyti geti samrýmst þessari áherslu. Talsmenn þessarar leiðar setja hömlur á frjálsa för í öndvegi og eru tilbúnir að fallast á móti á þær takmarkanir á fullum aðgangi að innri markaðnum sem slík krafa myndi kalla á. Talsmenn hennar tala þó fyrir mjög ólíkum hömlum á frjálsa för, allt frá afmörkuðum kvótum, öryggisfyrirvörum og yfir í beina undanþágu frá frjálsri för.

**3. Aðild að tollabandalagi, samhliða sérstökum samningi um markaðsaðgang við ESB**

Sumir hafa talað fyrir þessari lausn, sem er svipuð stöðu Tyrklands í dag. Tyrkir eru í tollabandalagi við ESB og hafa þannig enga ytri tolla í viðskiptum við ESB með iðnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur, en þjónusta, opinber innkaup og landbúnaðarvörur almennt falla utan tollabandalagssamningsins. Kosturinn við þessa leið væri að hægt væri að halda tollfrjálsum viðskiptum með það sem samningur myndi taka til, en sá ókostur er við þessa leið í augum útgöngusinna að aðild að tollabandalaginu kemur í veg fyrir að Bretar gætu samið sérstaklega um tollamál við önnur ríki og væru bundnir af ytri tolli ESB gagnvart ríkjum utan ESB.

**4. Algerlega sjálfstæð staða Bretlands utan ESB, með viðskiptasamningi við ESB með sama hætti og við önnur ríki og án aðgangs að fjórfrelsinu**

Margir talsmenn útgöngu hafa mælt fyrir þessari leið og haldið því fram að ávinningur Bretlands af sjálfstæðum viðskiptasamningum við aðrar viðskiptablokkir – Bandaríkin, Kína og samveldisríkin – gæti verið svo mikill að tjón Breta af útgöngu úr ESB yrði ekkert.

### Hvaða hagsmunir eru í húfi?

Samningsniðurstaða mun hafa mikil áhrif á hagsmuni einstakra atvinnugreina innan Bretlands. Jafnt hefðbundnar framleiðslugreinar, þjónustugreinar og fjármálaþjónusta eru mjög háðar hindrunarlausum aðgangi að innri markaðnum. Þá getur niðurstaðan haft mikil áhrif á íslenskan sjávarútveg, ferðaþjónustu og fjármálaþjónustu.

> Það vekur einnig athygli að Verkamannaflokkurinn, sem hefur hingað til stutt aðild að ESB nær einróma, ljær nú máls á því að höfuðmarkmið hljóti að vera að stemma stigu við frjálsri för launafólks. Það eru því allar líkur á að einhver lausn á þeim nótum gæti náð miklum stuðningi í breska þinginu. En þá er ósvarað þeirri spurningu hversu langt bresk stjórnvöld munu vilja ganga í kröfum um hömlur á frjálsa för launafólks.

### Hvaða leið verður valin?

Nú virðist ljóst af orðum Teresu May forsætisráðherra og fleiri lykilmanna Íhaldsflokksins að líkur séu á að leitað verði samninga af þeim toga sem lýst var í lið nr. 2 hér á undan, þegar hún sendir formlega útgöngutilkynningu í lok mars nk. Það vekur einnig athygli að Verkamannaflokkurinn, sem hefur hingað til stutt aðild að ESB nær einróma, ljær nú máls á því að höfuðmarkmið hljóti að vera að stemma stigu við frjálsri för launafólks. Það eru því allar líkur á að einhver lausn á þeim nótum gæti náð miklum stuðningi í breska þinginu. En þá er ósvarað þeirri spurningu hversu langt bresk stjórnvöld munu vilja ganga í kröfum um hömlur á frjálsa för launafólks. Mun það duga þeim að setja öryggisfyrirvara eða mun verða krafa um fjöldatakmarkanir eða jafnvel algera undanþágu frá reglum um frjálsa för? Og þá er líka ósvarað þeirri spurningu hvort sú leið sem Bretar vilja fara verði í boði af hálfu viðsemjendanna og ef svo er, hvaða verðmiða þeir vilja setja á sérlausnir fyrir Breta, bæði er varðar aðgang að mörkuðum og um greiðslur í sameiginlega sjóði ESB. Um það mun ég fjalla í næstu grein.




## Snjótroðarar

Akureyrarbær óskar eftir að kaupa 2 snjótroðara þ.e. nýjan göngubrautartroðara og notaðan spiltroðara fyrir starfsemina í Hlíðarfjalli.
Allar nánari upplýsingar fást hjá innkaupastjóra með netfangið karlg@akureyri.is

**Tilboð verða opnuð þriðjudaginn 24. janúar nk.**

**Fjársýslusvið.**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# HIMNESKT VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI!







## CHOSEN FOODS OLÍUR
Hágæða olíur sem henta í alla matargerð.

VEGAN



## VEGAN EXPRESS
Tilbúið á 5 mínútum.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



## GULI MIÐINN VÍTAMÍN
Í Gula miðanum eru margar stakar vítamín tegundir og einnig blöndur sem hafa verið sérhannaðar fyrir Íslendinga.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



## FÆÐUBÓTARSTANGIR
Próteinstangir og hrábarir. Gott millimál.

VEGAN

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



## WHOLE EARTH DRYKKIR
Lífrænir, einungis með náttúrulegum bragðefnum.

VEGAN



## MAMMA CHIA SKVÍSUR
Ríkar af Omega 3, próteini og trefjum. Fljótlegt og hollt.

## AMINO ENERGY
Gríðarlegt úrval af bragðtegundum

*Veldu þínar 2 tegundir*



AMINO ENERGY VELDU 2 STK. OG VERÐIÐ ER 4.998 kr/2 stk
verð áður 5.978

Gildir til 22. janúar á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg



TILBOÐ
35%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGUR
HEILL FERSKUR
695 kr/kg
verð áður 1.069

# KJÚKLINGAVEISLA



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-
LUNDIR
1.959 kr/kg
verð áður 2.799



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGABITAR
BLANDAÐIR
699 kr/kg
verð áður 999



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-
VÆNGIR
335 kr/kg
verð áður 479



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-
LEGGIR
699 kr/kg
verð áður 999



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-
BRINGUR
1.819 kr/kg
verð áður 2.599



ELDAÐ Í POKANUM
þannig helst fuglinn mjúkur og safaríkur

POUSSIN
er franska orðið yfir ungkjúkling




799 kr/kg
verð áður
1.099

## SAFARÍK NÝJUNG

**Poussin** er ný og spennandi vara á íslenskum markaði en aðferðin er vel þekkt hjá sælkerum í Evrópu og Ameríku. Kjúklingurinn er yngri en við eigum að venjast, kjötið mýkra og safaríkara og losnar vel frá beinum.

**Mikilvægt er að elda fuglinn í steikingarpokanum**. Mylar Cook steikingar- pokar eru vinsæl og viðurkennd gæðavara sem mikið er notuð af mat- reiðslufólki um allan heim. Við ákveðið hitastig opnast pokinn á hliðunum og kjötið byrjar að brúnast. Í hverjum poka er hálfur kjúklingur – fullkomin sælkeramáltíð fyrir einn.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

HM 2017 Frakklandi — **ÍSLAND - SPÁNN 21-27 (12-10)**

### Besti maður Íslands

Björgvin Páll Gústavsson sýndi heimsklassamarkvörslu í fyrri hálfleiknum þegar hann varði 13 skot, þar af 3 víti. Kólnaði aðeins niður í seinni en var besti maður Íslands í gær.



### Mörk úr leikstöðum




### Hættulegustu mennirnir

Mörk + stoðsendingar

- 7 Ólafur Guðmundsson 3+4
- 5 Guðjón Valur Sigurðsson 5+0
- 4 Arnar Freyr Arnarsson 4+0
- 4 Arnór Atlason 2+2
- 4 Rúnar Kárason 3+1
- 4 Ásgeir Örn Hallgrímsson 1+3
- 3 Janus Daði Smárason 1+2

**-8** Spánverjarnir unnu seinni hálfleikinn 17-9.

### Hvað gekk vel og hvað ílla?

Tölur íslenska liðsins í helstu tölfræðiþáttum í samanburði við tölur mótherjanna.

| | |
|---|---|
| Varin skot markvarðar | +2 |
| Mörk með langskotum | +4 |
| Mörk úr hornum | -1 |
| Mörk af línu | -1 |
| Hraðaupphlaupsmörk | -4 |
| Mörk úr annarri bylgju | -3 |
| Gegnumbrotsmörk | -4 |
| Tapaðir boltar | -3 |
| Varin víti markvarðar | +3 |

**48%** Skotnýting Íslands í leiknum

**40%** Markvarsla Íslands í leiknum

**Tímalína: Gangur leiksins** — Ísland yfir / Ísland undir

| 1-10 | 10-20 | 20-30 | 30-40 | 40-50 | 50-60 |
|---|---|---|---|---|---|
| 3-4 | 6-2 | 3-4 | 3-6 | 1-5 | 5-6 |



Arnar Freyr Arnarsson skoraði fjögur mörk úr fimm skotum í fyrsta leik sínum á stórmóti í Metz í gær og hér skorar hann eitt marka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Nautabanarnir of sterkir í gær

**Stórbrotin frammistaða strákanna okkar í fyrri hálfleik gegn Spáni í gær dugði því miður ekki til sigurs. Spænsku nautabanarnir voru einfaldlega of sterkir. Frammistaðan og viðhorf leikmanna lofar þó góðu.**



FRANCE 2017 HANDBALL
Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Er ég settist niður í smekkfullri höllinni í Metz í gær var ég ekki vongóður um jákvæð úrslit. Það átti við um flesta Íslendinga. Ég var aftur á móti mjög spenntur að sjá öll nýju andlitin sem voru að byrja sinn stórmótaferil í faðmi nautabananna frá Spáni.

Aldrei átti ég þó von á því að um mig myndi fara einstakur unaðshrollur í fyrri hálfleik. Frammistaða drengjakórsins í fyrri hálfleik var með slíkum ólíkindum að ég íhugaði mjög alvarlega að standa upp og hneigja mig er flautað var til leikhlés. Eftir á að hyggja hefði ég auðvitað átt að gera það. Strákarnir áttu það skilið.

**Frábær fyrri hálfleikur**

Fyrri hálfleikurinn var einfaldlega frábær. Það gekk gjörsamlega allt upp hjá strákunum. Björgvin Páll var eins og hann var upp á sitt besta í Peking. Varði allt, þar af þrjú víti og til að kóróna geggjaða frammistöðu skoraði hann eitt mark.

Sjálfstraustið hjá strákunum var í botni og þeir ætluðu að sýna handboltaheiminum hvað þeir geta. Það gerðu þeir líka. Varnarleikurinn, sem var mikill hausverkur, var frábær og sóknarleikurinn var agaður og skynsamlegur.

Strákarnir leiddu með tveimur mörkum í hálfleik, 12-10, sem var í raun óþarflega lítið forskot miðað við gæðin. Spánn vann lokakaflann 3-1 og það hafði sitt að segja.

Spænsku nautabanarnir drógu svo fram sverðin í síðari hálfleik og hófu að sveifla þeim að drengjakórnum. Það svínvirkaði því íslenska liðið missti hreinlega allan mátt og er Spánverjar skoruðu sex mörk í röð og komust í 19-15 var þetta eiginlega búið. Það var viðbúið að liðið myndi gefa eftir en svona mikið var ekki nógu gott.

Það er svo margt jákvætt sem má taka úr þessum leik og það var í raun von mín fyrir leikinn. Að liðið myndi sýna frammistöðu sem hægt væri að byggja á. Það var hjartað, andinn og óttaleysið sem einkenndi leik liðsins framan af sem heillaði alla upp úr skónum. Það var í raun létt þjóðhátíð á Íslandi í hálfleik út af þessum hálfleik.

**Storkar öllum lögmálum**

Björgvin var auðvitað stórkostlegur og maðurinn sem storkar öllum lögmálum varðandi aldur, Guðjón Valur, var einnig geggjaður. Ólafur Guðmundsson gerði færri mistök en oft áður og skoraði góð mörk. Rúnar Kárason átti flottar sleggjur. Skref í rétta átti hjá Óla og Rúnari en við viljum meira frá þeim.

Það var svo hrein unun að fylgjast með senuþjófinum Arnari Frey Arnarssyni. Sá spilaði ekki eins og þetta væri hans fyrsti leikur á stórmóti. Óð í stóru spænsku nautin, kastaði þeim af sér, reif kjaft við þau og skoraði góð mörk. Geggjaður. Svo stóð hann vaktina í vörninni lengstum vel með Guðmundi Hólmari sem var flottur þar. Janus Daði lék líka eins og reynslubolti. Lét boltann ganga vel og reyndi að taka af skarið er á þurfti að halda.

**Margt jákvætt á fund dagsins**

Þó að hrunið hafi verið ansi mikið í síðari hálfleik þá getur Geir Sveinsson tekið margt jákvætt með sér á fund dagsins með strákunum. Í um 40 mínútur var þetta frammistaða sem strákarnir geta verið mjög stoltir af. Ég hlakka til að sjá meira af þessu liði á næstu dögum.

SÉRFRÆÐINGURINN

### „Það hættu allir að skjóta á markið“



„Við missum agann í fyrstu tveimur sóknunum í seinni hálfleik,“ segir Einar Andri Einarsson, sérfræðingur íþróttadeildar 365 um HM 2017. „Það hættu allir að sækja á markið og hættu að reyna að vinna stöðuna maður á mann og draga í sig næsta varnarmann. Þá lenti þetta rosalega á Ólafi og Rúnari þar sem þeir þurftu að skjóta á markið úr erfiðum stöðum. Það er ósanngjarnt að kenna þeim um þetta.“

SAGT EFTIR LEIK

### „Þeir lásu okkur eins og opna bók“



„Allt í einu kom stund þar sem hlutirnir hættu að ganga upp,“ sagði Rúnar Kárason eftir leik. „Þeir lásu okkur eins og opna bók í rauninni. Þetta eru auðvitað frábærir varnarmenn í spænska liðinu en við vorum ekki að koma með réttu lausnirnar og láta reyna almennilega á þá. Við komum inn í klefa í hálfleik í þvílíkum gír og kannski óheppnir að vera ekki með meira forskot. Ég er alveg svakalega svekktur en lífið heldur áfram.“

## FRANCE 2017 HANDBALL HM 2017

**A-riðill**

**Rússland - Japan 39-29**
**Noregur - Pólland 22-20**

**Stig þjóða:** Frakkland 2, Noregur 2, Rússland 2, Pólland 0, Japan 0, Brasilía 0.

**B-riðill**

**Slóvenía - Angóla 42-25**
**Makedónía - Túnis 34-30**

**Ísland - Spánn 21-27**

**Mörk Íslands (Skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 5/1 (8/1), Arnar Freyr Arnarsson 4 (5), Ólafur Guðmundsson 3 (8), Arnór Atlason 2 (2), Rúnar Kárason 2 (6), Arnór Þór Gunnarsson 1 (1), Björgvin Páll Gústavsson 1 (1), Kári Kristján Kristjánsson 1 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (4), Janus Daði Smárason 1 (6),

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 18/3 (45/4, 40%),

**Hraðaupphlaup:** 5 (Guðjón Valur 2, Arnar Freyr 1, Arnór 1, Björgvin Páll 1, )

**Fiskuð víti:** 1 ( Gunnar Steinn Jónsson 1,).

**Mörk Spánar (Skot):** David Balaguer 4 (4), Joan Canellas 4 (7), Gedeón Guardiola 3 (3), Iosu Goni 3 (5), Julen Aguinagalde 3 (5), Daniel Sarmiento 3 (7/1), Adria Figueras 2 (2), Víctor Tomás 2 (3), Valero Rivera 2/1 (5/2), Eduardo Gurbindo 1 (2), Ángel Fernández (1), Alex Dujshebaev (2/1),

**Stig þjóða:** Spánn 2, Slóvenía 2, Makedónía 2, Túnis 0, , Ísland 0, Angóla 0.

## HM-dagskráin

| | | |
|---|---|---|
| 16.45 | Japan - Frakkland | A-riðill |
| 13.00 | Hv. Rússland - Síle | C-riðill |
| 16.45 | Þýskaland - Ungverjal. | C-riðill |
| 19.45 | Króatía - Sádí Arabía | C-riðill |
| 13.00 | Katar - Egyptaland | D-riðill |
| 16.45 | Svíþjóð - Barein | D-riðill |
| 19.45 | Danmörk - Argentína | D-riðill |

### Dominos-deild karla

**KR - Skallagrímur 99-92 frl.**

**Stigahæstir:** Pavel Ermolinskij 31/15 frák./9 stoðs., Brynjar Þór Björnsson 20/6 frák./5 stoðs., Darri Hilmarsson 18/7 frák./5 stoðs., Jón Arnór Stefánsson 15/6 frák./6 stoðs.- Sigtryggur Arnar Björnss. 37, Flenard Whitfield 30/29 frák., Magnús Þór Gunnarss. 11.

**ÍR - Stjarnan 82-74**

**Stigahæstir:** Matthías Orri Sigurðarson 30/9 stoðs., Quincy Hankins-Cole 27/10 frák., Hjalti Friðriksson 7/5 fráköst, Sveinbjörn Claessen 5, Trausti Eiríksson 5 - Anthony Odunsi 23, Justin Shouse 17, Ágúst Angantýsson 12, Tómas Heiðar Tómasson 7 .

**Keflavík - Þór Þorl. 82-85**

**Stigahæstir:** Amin Stevens 31/20 frák./5 stoðs., Magnús Már Traustason 16/7 frák., Hörður Axel Vilhjálmsson 14, Guðmundur Jónsson 10 - Maciej Baginski 26, Tobin Carberry 16/10 frák./7 stoðs., Emil Karel Einarsson 13, Ólafur Helgi Jónsson 11.

**Þór Ak. - Tindastóll 100-85**

**Stigahæstir:** George Beamon 33, Darrel Keith Lewis 17, Tryggvi Snær Hlinason 15, Ingvi Rafn Ingvarsson 15, Danero Thomas 9 - Antonio Hester 21/16 frák., Cristopher Caird 18, Helgi Freyr Margeirsson 12, Björgvin Ríkharðsson 9, Viðar Ágústsson 9.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 20 | Keflavík | 12 |
| KR | 20 | Skallagrímur | 12 |
| Tindastóll | 18 | ÍR | 12 |
| Þór Ak. | 14 | Njarðvík | 8 |
| Þór Þ. | 14 | Haukar | 8 |
| Grindavík | 14 | Snæfell | 0 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.40 | Leeds - Derby | Sport 2 |
| 20.00 | Njarðvík - Snæfell | Sport |
| 22.00 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 03.30 | NBA: Pistons - Jazz | Sport |
| 19.15 | Haukar - Grindavík | Ásvellir |
| 20.00 | Njarðvík - Snæfell | Njarðvík |

# Gerðu betri bílakaup á nýju ári!

## Hringdu í síma **511 2777**
## og við finnum draumabílinn fyrir þig!

NÝR!

Mitsubishi Outlander
PHEV Pure 2017
Verð:
**4.040.000 kr.**

NÝR!

Mitsubishi Outlander
PHEV Premium 2017
Verð:
**4.460.000 kr.**

NÝR!

Mitsubishi Outlander
PHEV Prestige 2017
Verð:
**4.830.000 kr.**

NÝR!

Mitsubishi Outlander
PHEV Prestige+ 2017
Verð:
**5.090.000 kr.**

HYBRID

BMW X5 xDrive40e 2016
Verð:
**8.395.000 kr.**

FJÓRHJÓLADRIF

Chevrolet Suburban 2015
Verð:
**9.695.000 kr.**

FJÓRHJÓLADRIF

Jeep Grand Cherokee
Laredo 2014
Verð:
**5.250.000 kr.**

FJÓRHJÓLADRIF

Toyota Higlander XLE V6
2014
Verð:
**5.750.000 kr.**

HYBRID

Volvo xc90 t8 Hybrid
Momentum 2016
Verð:
**8.495.000 kr.**

HYBRID

Chevrolet Volt LT 2016
Verð:
**3.150.000 kr.**

DISEL

Ford F350 Disel 2015
Verð:
**5.695.000 kr.**

DISEL

Ford F350 Diesel 4x4
2016
Verð:
**6.995.000 kr.**

HYBRID

Volvo V60 2015
Verð:
**3.850.000 kr.**

RAFBÍLL

BMW I3 2015
Verð:
**3.495.000 kr.**

HYBRID

Audi A3 Sportback e-tron
1.4 TSI S-TRONIC 2016
Verð:
**3.495.000 kr.**

RAFBÍLL

Nissan Leaf S 2015
Verð:
**1.890.000 kr.**

HYBRID

BMW 330 e Sedan 2016
Verð:
**4.400.000 kr.**

RAFBÍLL

Nissan Leaf SV 2016
30kWh
Verð:
**2.995.000 kr.**

NÝR!

Nissan Leaf Acenta 2016
30kWh
Verð:
**3.600.000 kr.**

NÝR!

Nissan Leaf Tekna 2016
30kWh
Verð:
**3.760.000 kr.**

**Afhendingartími**
er 5 - 11 vikur

BETRIBILAKAUP.IS

Öll verð eru háð gengi

Ármúli 4 - 1. hæð · 108 Reykjavík · Sími 511 2777 · www.betribilakaup.is




# Tveir kveðja en einn stimplar sig inn

**Guðmundur Guðmundsson Ólympíumeistari og Dagur Sigurðsson Evrópumeistari eru að stýra Dönum og Þjóðverjum á sínu síðasta stórmóti. Báðir hafa sínar ástæður fyrir því. Kristján Andrésson stýrir Svíum á sínu fyrsta stórmóti á HM í Frakklandi.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



**HANDBOLTI** Fjórir íslenskir þjálfarar stýra liðum á HM í handbolta sem hófst í Frakklandi í gær. Tveir þeirra þekkja vel til á stórmótum sem þjálfarar og hafa unnið slík mót. Það eru auðvitað Evrópumeistarinn Dagur Sigurðsson, þjálfari Evrópumeistara Þýskalands, og Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Ólympíumeistara Dana.

Tveir Íslendingar þreyta frumraun sína í Frakklandi. Annar er Geir Sveinsson sem þjálfar íslenska liðið en hinn er Kristján Andrésson, þjálfari Svíþjóðar. Allir nema Geir voru saman á stórmóti árið 2004 þegar Ísland tók þátt á Ólympíuleikunum í Aþenu. Dagur og Kristján voru leikmenn, Guðmundur þjálfari en skórnir voru komnir upp í hillu hjá fyrrverandi landsliðsfyrirliðanum Geir Sveinssyni.

Þrátt fyrir frábæran árangur á síðasta ári verður HM í Frakklandi kveðjumót bæði Dags og Guðmundar. Dagur hefur ákveðið að taka við japanska landsliðinu og búa þar til samkeppnishæft lið fyrir Ólympíuleikana í Tókýó árið 2020 en Guðmundur stóð í ströngu í kringum Ólympíugullið og ákvað að segja starfi sínu lausu. Hann verður ekki í miklum vandræðum með að finna sér aðra vinnu.

Þriðji Íslendingurinn sem þjálfar annað landslið en Ísland á HM, Kristján Andrésson, er á sínu fyrsta stórmóti með þessa miklu handboltaþjóð. Kristján er fyrsti Íslendingurinn sem þjálfar Svía en hann var þjálfari Guif frá Eskilstuna í níu ár frá 2007-2016. Hann kom liðinu þrisvar sinnum í úrslitaleik sænsku úrvalsdeildarinnar en ber nú ábyrgð á því að lyfta fjórföldum heimsmeisturum Svía aftur upp í hæstu hæðir.

Ísland á næstflesta þjálfara á mótinu á eftir Spánverjum. Sex Spánverjar þjálfa fimm lið en Katar eru með tvo slíka að stýra silfurliði síðasta heimsmeistaramóts.

## Dagur Sigurðsson, **Þýskalandi**

**43 ára**
**Tók við þýska landsliðinu í ágúst 2014**
**Fjórða stórmótið með Þjóðverja**
**7. sæti á** HM 2016
**1. sæti á** EM 2016
**3. sæti á** ÓL 2016

Dagur Sigurðsson varð að þjóðhetju í Þýskalandi á síðasta ári þegar hann gerði ungt og meiðslum hrjáð lið Þjóðverja að Evrópumeisturum. Hann bætti svo um betur og skilaði bronsi í hús á Ólympíuleikunum. Dagur hefur oft tekið áhugaverðar ákvarðanir á sínum ferli og eina slíka tók hann undir lok síðasta árs þegar kom í ljós að hann myndi hætta með Þýskaland eftir HM. Hans næsta verkefni er að þjálfa Japan. Hann er á sínu fimmta stórmóti sem þjálfari en áður stýrði hann Austurríki á EM þar í landi árið 2010. Á stórmótunum hafa Þjóðverjar unnið 19 af 25 leikjum (5 tapleikir) síðan hann tók við. Þetta gerir 78 prósent sigurhlutfall.

Hvað segir Gaupi um Dag og Þýskaland? „Þjóðverjar eru eitt þriggja liða ásamt Dönum og Frökkum sem koma til greina sem sigurvegarar. Þessi þrjú lið spila besta varnarleikinn og eru með bestu markverðina. Það veikir þýska liðið að Steffen Weinhold er ekki með. Það er áfall og veikir möguleika þeirra. Þýska liðið kom á óvart á EM í fyrra en er núna þekkt stærð og mótherjar þeirra vita frekar að hverju þeir ganga.“

## Kristján Andrésson, **Svíþjóð**

**35 ára**
**Tók við sænska landsliðinu í september 2016**
**Fyrsta stórmótið sem þjálfari**
**Svíar voru í 11. sæti á síðasta stórmóti sínu** (ÓL 2016)

Kristján var leikmaður líkt og hinir þrír íslensku þjálfararnir en náði aldrei jafn langt á þeim ferli. Hann þurfti að leggja skóna á hilluna fyrir þrítugt vegna þrálátra hnémeiðsla en hefur í staðinn gert með íslenskan ríkisborgararétt. Hann er fæddur í Svíþjóð en er með íslenskan ríkisborgararétt. Bróðir hans, Haukur Andrésson, á einnig leiki fyrir íslenska landsliðið en hann spilaði lengi undir stjórn bróður síns hjá Guif. Hann hefur stýrt Svíum fimm sinnum, þar af í tveimur mótsleikjum, og unnið þá alla.

Hvað segir Gaupi um Kristján og Svía? „Svíar eru í endurbyggingarfasa og hafa misst mikið af góðum leikmönnum á síðustu mánuðum. Svíar hafa samt engan skilning á uppbyggingu og gera kröfur um að komast að minnsta kosti í átta liða úrslit. Undanúrslit væru bónus. Ég er spenntur fyrir því að sjá Svía undir stjórn Kristjáns því ég held að hann sé betri þjálfari en sumir halda. Pressan á honum verður ekkert minni en hjá Guðmundi þegar hann tók við Dönum. Þó hann sé fæddur í Svíþjóð er hann Íslendingur og því er það mikið afrek og meðmæli að hann hafi yfirhöfuð fengið starfið sem landsliðsþjálfari Svíþjóðar.“

## Guðmundur Guðmundsson, **Danmörku**

**56 ára**
**Tók við danska landsliðinu í júlí 2014**
**Fjórða stórmótið með Dani**
**5. sæti á** HM 2015
**6. sæti á** EM 2016
**1. sæti á** ÓL 2016

Reynsluboltinn Guðmundur Guðmundsson er á sínu þrettánda stórmóti sem þjálfari en hann stýrði Íslandi níu sinnum og skilaði tvisvar sinnum verðlaunum. Hann byrjaði ekki nógu vel með Dani þegar kom að því að safna verðlaunum en hann datt úr leik í átta liða úrslitum á HM í Katar og á EM í Póllandi. Hann bætti upp fyrir allt saman með því að vinna Ólympíuleikana í erfiðu og ósanngjörnu starfsumhverfi á síðasta ári. Danir hafa aðeins tapað fimm keppnisleikjum af 37 undir stjórn Guðmundar og á stórmótum hafa Danir unnið 16 af 24 leikjum (5 tapleikir) síðan hann tók við. Þetta gerir 73 prósent sigurhlutfall.

Hvað segir Gaupi um Guðmund og Dani? „Danir eru með mjög heilsteypt lið sem getur unnið mótið. Það veikir liðið hrikalega mikið að Mads Christiansen gaf ekki kost á sér. Guðmundur gerði vel á síðasta ári með því að velja Morten Olsen í liðið fram yfir Rasmus Lauge. Olsen var lykilmaður í því að Danir unnu ÓL. Hann er miðjumaður úr smiðju Guðmundar. Þarna tók Gummi einu sinni sem oftar stóra en rétta ákvörðun.“

### Þjóðir með flesta þjálfara á síðustu stórmótum karla í handbolta

**HM 2017**
Spánn 5
Ísland 4
Króatía 3

**HM 2015**
Ísland 4
Króatía 3
Spánn 3

**ÓL 2016**
Spánn 3
Ísland 2

**EM 2014**
Ísland 2
Króatía 2
Svíþjóð 2

**EM 2016**
Ísland 3
Króatía 2
Serbía 2
Spánn 2

> Pressan á Kristjáni verður ekkert minni en hjá Guðmundi þegar hann tók við Dönum.
>
> Guðjón Guðmundsson

**5**
Fimm sinnum hafa íslenskir þjálfarar mæst á stórmótum.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
13. JANÚAR 2017 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll



MYND/STEFÁN

# ÍSLENSKI BÖTLERINN

Þeir sem horfðu á þættina Downton Abbey fylgdust með aðdáun með hinum ábúðarmikla butler, herra Carson. Hér á landi eru slíkir ráðsmenn ekki algengir en þó vissulega á Bessastöðum. **Jóhann Gunnar Arnarsson,** danskennari og bryti, starfaði sem ráðsmaður á Bessastöðum í tæp tíu ár og fékk viðurnefnið Jói bötler. »




ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
comma,
SMÁRALIND

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Jóhann Gunnar, eða Jói, hóf feril sem dansari þegar hann var barn að aldri hjá Heiðari Ástvaldssyni, Sigvalda og fleirum. Hann keppti í nokkrum Íslandsmeistaramótum og vegnaði vel í dansinum. Það varð til þess að honum bauðst hlutverk hjá Leikfélagi Akureyrar en Jói er alinn upp fyrir norðan. Má þar nefna Emil í Kattholti, Fiðlarann á þakinu, Kysstu mig Kata og Tjútt og tregi eftir Valgeir Skagfjörð. Þá samdi hann dansa fyrir Leðurblökuna þegar Kolbrún Halldórsdóttir setti sýninguna upp á Akureyri.

## AFTUR Í LEIKHÚS

Nú er Jói aftur kominn í leikhús. Nýjasti viðkomustaður hans er Borgarleikhúsið, þó ekki til að dansa og leika heldur útbúa veislubakka fyrir gesti hússins. Undanfarin ár hefur aukist til mikilla muna að fólk, jafnvel hópar, komi í leikhúsið fyrir sýningu og fái sér léttan mat. Jói, sem starfaði sem bryti á varðskipinu Þór, ákvað að breyta til þegar fjölga þurfti í eldhúsi leikhússins og honum bauðst starfið. Hann fékk átta mánaða launalaust frí hjá Landhelgisgæslunni til að kokka fyrir leikhúsgesti. Eiginkona Jóa, Kristín Ólafsdóttir, Kiddý, er veitingastjóri Borgarleikhússins og þau eru ekki óvön því að starfa saman. Jói hlakkar mikið til nýja starfsins, enda segir hann að húsið iði af krafti og sköpun. Í fyrradag hélt Leikfélag Reykjavíkur einmitt upp á 120 ára afmæli.

Jóa langaði þó aldrei til að læra leiklist. „Pabbi minn heitinn lék mikið með áhugaleikfélaginu og báðar ömmur mínar. Það er mikil leiklist í ættinni. Ég vildi frekar dansa og hrista mig,“ segir Jói sem var enn of ungur þegar blómaskeið diskósins var og hét. „Ég elska tónlist og er alltaf með hana í kringum mig. Svo tek ég stundum sporin í eldhúsinu,“ segir hann og hlær.

## ÖRLÖGIN RÁÐIN Í EYJUM

Frá því Jói dansaði í Tjútt og trega hefur margt drifið á daga hans. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri og var búinn að ákveða að læra bæði að vera danskennari og hárgreiðslumaður. „Ég var kominn með samning í báðum þessum greinum en það reyndist svo mikið að gera í danskennslunni að ég fór aldrei í hárgreiðsluna,“ segir hann. Hann starfaði sem danskennari í Dansskóla Hermanns Ragnarssonar. Eftir stúdentsprófið fór Jói til Vestmannaeyja til að vinna á Kaffi Maríu. Það var örlagaríkt sumar því þar kynntist hann Kiddý. Sumarið eftir fór hann aftur til Vestmannaeyja en ári þar á eftir rak Jói sumarhótel á Núpi í Dýrafirði, aðeins 22 ára. Mataráhuginn kviknaði snemma og hefur alltaf fylgt honum þótt hann hafi ekki kosið að fara í matreiðslunám. „Ég hef eldað mat frá því ég man eftir mér. Pabbi var í Oddfellow og sem smápolli hjálpaði ég honum að smyrja snittur fyrir fundi. Ég ætlaði aldrei að vinna við matargerð en hún hefur samt alltaf fylgt mér í störfum mínum. Ég rak hótelið á Núpi í þrjú sumur en var þá boðið að taka að mér heilsárshótel á Flúðum. Þar vorum við hjónin í tvö ár,“ segir hann. „Kiddý er lærður þjónn og blómaskreytir sem nýttist vel á hótelinu. Síðan fluttum við aftur til Akureyrar þar sem ég hóf störf hjá hótel KEA. Svo datt okkur í hug að kaupa blómabúð Akureyrar og rákum verslunina í tvö ár,“ útskýrir hann. Þá verða enn á ný þáttaskil í lífi þeirra.

## BUTLER Á BESSASTÖÐUM

Auglýst var eftir ráðsmanni á Bessastöðum og eftir miklar vangaveltur sóttu þau um starfið. „Nokkrir voru búnir að nefna það við okkur að sækja um þetta starf en blómabúðin gekk vel svo við vorum ekki alveg á því að breyta til. Við sóttum samt um á síðasta degi en áttum ekkert sérstaklega von á að fá starfið. En á Bessastaði fórum við árið 2002 og störfuðum þar í tæp 10 ár,“ segir Jói.

Ólafur Ragnar var kominn fram í annað kjörtímabil þegar Jói og Kiddý hófu störf á Bessastöðum og Dorrit var orðin húsfrú. „Þetta var rosalega spennandi tími hjá okkur en jafnframt erfiður og krefjandi. Nýr kafli hófst í lífi okkar á Bessastöðum, þetta var gríðarlega mikið og erilsamt starf. Ég var staðarhaldari og Kiddý ráðsmaður. Í upphafi starfaði með okkur Halldóra Pálsdóttir en hún hafði unnið á Bessastöðum frá árinu 1956 með fjórum forsetum. Hún var þvílíkur viskubrunnur og gat leiðbeint okkur með alls kyns hluti. Svo bjó hún yfir merkilegum sögum frá staðnum. Það er ábyrgðarmikið starf að stýra þjóðhöfðingjasetri en starfsmenn eru auðvitað bundnir trúnaði,“ segir Jói sem eldaði í smærri veislum á Bessastöðum en færustu matreiðslumeistarar voru kallaðir til þegar um stærri veislur var að ræða. „Ég var svo heppinn að vinna með þeim og ég lærði rosalega mikið. Í opinberum veislum vorum við Kiddý þó alltaf bæði frammi í salnum. Að fá alla þessa strauma og stefnur í eldhúsið frá þessum frábæru kokkum var meiriháttar. Ég bý enn að þeirri reynslu.“

Jói segir að vissulega séu hefðir og venjur breytilegar á Bessastöðum eftir því hvaða forseti situr þar. „Halldóra gat sagt okkur frá því hvernig breytingarnar gerðust með árunum. Sem dæmi þá bjuggu Ásgeir Ásgeirsson og Kristján Eldjárn á efri hæðinni í aðalhúsinu á Bessastöðum. Þegar Ólafur tók við embættinu var kominn sérstakur forsetabústaður. Það er mjög eftirminnilegur og skemmtilegur tími sem við áttum á Bessastöðum,“ segir Jói og enn var komið að breytingu í lífi hans þegar honum var boðin staða bryta á varðskipinu Þór.



Jóa er margt til lista lagt. Hann langaði að læra hárgreiðslu eftir stúdentspróf en úr því varð ekki. Hann hefur hins vegar greitt dóttur sinni, Margréti, sem er margfaldur meistari í dansi. Eins og sjá má ferst honum verkið vel úr hendi.

## Á SJÓ

„Við eigum þrjár dætur, Kristrúnu sem nú er 26 ára, Katrínu, 19 ára og Margréti sem er að verða 18 ára. Þegar við hættum á Bessastöðum var það ekki síst þeirra vegna. Okkur langaði til að hafa meiri tíma fyrir þær. Þess má geta að yngsta dóttirin, Margrét, er mikill danssnillingur og margfaldur Íslandsmeistari í dansi. Hún dansar núna í Mamma Mia. Svo skemmtilega vill til að þegar Margrét fór í keppni greiddi Jói henni á einstakan hátt sem eftir var tekið.

Jói hafði aldrei fengist við sjómennsku þegar hann hóf störf hjá Landhelgisgæslunni. „Ég hafði farið með Herjólfi til Eyja en varð alltaf mjög sjóveikur. Það var samt gaman að prófa eitthvað nýtt og eiginlega forréttindi að starfa fyrir Gæsluna. Þetta er stofnun sem nýtur mikils trausts og er að gera mjög góða hluti. Fyrsta ferðin mín var frá Chile til Íslands og tók 30 daga. Langmest sigldum við þó innan landhelginnar. Það er mikið um alls konar æfingar um borð enda þurfa menn alltaf að vera til taks.“

Nú eru liðin fimm ár og Jói og Kiddý eru aftur farin að vinna saman. „Við erum samhent og eyðum öllum frístundum saman. Ég hlakka til að vinna aftur með Kiddý,“ segir hann. „Gestum sem komu á Njálu var boðið að kaupa kjötsúpu sem var mjög vinsælt, einnig hafa verið í boði snittu-, tapas- og ostabakkar sem eldhúsið hefur séð um og svo verður áfram. Hins vegar tökum við núna upp nýjan matseðil fyrir gesti sem vilja koma snemma og borða fyrir sýningu. Með því getur fólk slakað betur á og gert meira úr kvöldinu,“ segir Jói.

## BUTLER Í BRETLANDI

Það er ekki úr vegi í lok samtals að spyrja Jóa um viðurnefnið. „Þegar ég byrjaði á Bessastöðum fóru vinir mínir að kalla mig bötlerinn. Það festist við mig og Kiddý gaf mér númeraplötur á bílinn minn þar sem stendur bötler. Ég verð því áfram Jói bötler.“

En er það rétt að þau hafi fengið atvinnutilboð frá enskum herragarði um butler-stöðu?

„Það er rétt. Við fengum tölvupóst þar sem okkur var boðið að taka að okkur stórt setur, ég sem butler og Kiddý sem „housekeeper“ eða ráðskona. Þetta væri auðvitað frábært tækifæri fyrir okkur en við vorum samt ekki tilbúin til þess núna. Við eignuðumst fyrsta barnabarnið fyrir stuttu og tímum ekki að fara frá fjölskyldunni,“ segir hann. „Það var virkilega spennandi að fá þetta tilboð enda höfum við alltaf verið með opinn hug gagnvart breytingum.“




Hjónin í Borgarleikhúsinu; Kiddý er veitingastjóri og Jói bötler ætlar að kokka ofan í gesti. MYND/STEFÁN



Jói og Kiddý störfuðu á Bessastöðum í tæp tíu ár. Þau voru sæmd sérstakri þjónustuviðurkenningu fyrir framlag sitt. MYND/GUNNAR G. VIGFÚSSON



Þarna eru Kiddý og Jói búin að gera allt klárt fyrir veislu með indverska forsetanum í Hafnarhúsinu. MYND/GUNNAR G. VIGFÚSSON

HÆGELDAÐ NAUTABRJÓST

Hægeldað nautabrjóst
Texas BBQ Style
Borið fram í hamborgarabrauði með, ristuðum lauk, sætkartöflustráum og amerísku hrásalati „coleslaw“, ásamt krullufrönskum
Aðeins 1.690 kr.

2 FYRIR 1
Hægeldað nautabrjóst Texas BBQ Style
1.690 kr. fyrir tvo til og með 28. feb.
Klipptu flipann út og taktu með þér.



TEXASBORGARAR
Grandagarði 11
texasborgarar.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433




**Við kynnum nýjan og stærri Volkswagen Tiguan.** Skarpari hönnun, ríkulegra innanrými og ótal tækninýjungar sameinast í þessum frábæra bíl sem var valinn **jepplingur ársins 2017** af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna. **Komdu og prófaðu nýjan Tiguan.** Við tökum vel á móti þér.

**VW Tiguan, verð frá:**

**4.950.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




**Áramótaheit Völu Ómarsdóttur er að lesa meira og hætta að afsaka sig út af engu.** MYND/ERNIR




# HÆTT AÐ AFSAKA SIG ÚT AF ENGU

**Vala Ómarsdóttir**, sviðshöfundur og kvikmyndagerðarkona, safnar nú á Karolina Fund fyrir lokavinnslu á stuttmynd sinni Mamma ætlar að sofna.

**Hvert er áramótaheitið fyrir 2017?** Lesa meira og hætta að afsaka mig út af engu.

**Besta augnablik síðasta árs?** Ég fór í tvö yndisleg brúðkaup síðasta sumar hjá bestu vinum mínum. Þegar ég hugsa til síðasta árs þá standa þau upp úr.

**Kærasta æskuminningin?** Sumar í sveitinni fyrir norðan.

**Heitur pottur eða gufubað?** Heitur pottur, ég á mjög erfitt með gufu.

**Klukkan hvað ferðu að sofa á kvöldin?** Yfirleitt of seint. Ég fer allavega alltaf síðust í rúmið á heimilinu.

**Hvenær vaknar þú á morgnana?** Á milli kl. 7-8. Maðurinn minn er þá búinn að henda sér í ræktina en fjögurra ára dóttir okkar skríður upp í til mín upp úr klukkan 7 og við kunnum að meta að kúra smá.

**Ástin er…** það eina sem þú þarft. (næstum því).

**Bíómyndin sem þú getur horft á aftur og aftur?** Annie Hall.

**Þinn helsti löstur?** Ég á auðvelt með að vera með óþarfa áhyggjur.

**Þinn besti kostur?** Ég tel mig vera ágæta í að hlusta á aðra. Ég allavega legg metnað minn í það.

**Áttu gæludýr?** Nei, en nágrannakötturinn kíkir stundum í heimsókn.

**Við hvað ertu hrædd?** Býflugur. Svo mikið að ég er að hugsa um að láta dáleiða mig.

**Draumahelgin?** Til dæmis á Ítalíu með fjölskyldu og vinum. Borða góðan mat, kíkja á söfn og jafnvel í vínsmökkun og pikknikk. Á kvöldin er eldaður góður matur sem er borðaður úti á risastóru borði með hangandi luktir í kring. Lifandi tónlist og fólk fer jafnvel að taka lagið. Sumir standa upp og dansa. Þessi stemning heillar.

**Næst á dagskrá?** Stuttmyndin Mamma ætlar að sofna, sem ég skrifaði og leikstýrði, er á lokastigi í eftirvinnslu. Myndin er byggð á samnefndu ljóði eftir Davíð Stefánsson. Við listamennirnir sem komum að henni erum mjög spennt fyrir að koma henni í sýningu en til þess að geta gert það erum við með fjáröflun í gangi hjá Karolina Fund. Þar er hægt að styrkja verkefnið og geta þannig fengið boðsmiða á sérstaka forsýningu sem verður í mars eða apríl.

# Skrifstofan

13. janúar 2017

**KYNNINGARBLAÐ**

# Ekki bara möppur á Múlalundi

**Múlalundur,** vinnustofa SÍBS, framleiðir og selur allt fyrir skrifstofuna. Á Múlalundi fær fólk með skerta starfsorku tækifæri til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins og skiptir stuðningur viðskiptavina þar sköpum. Múlalundur veitti rúmlega 70 manns vinnu á síðasta ári.




**„Máltækið „Það þarf þorp til að ala upp barn" á við um Múlalund en starfsemin stendur og fellur með viðskiptavinum okkar," segir Sigurður Viktor.** MYND/ANTON BRINK

„Múlalundur selur ekki bara möppur heldur allt fyrir skrifstofuna," segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar. Sigurður segir starfsemi Múlalundar standa og falla með stuðningi samfélagsins og því að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir kaupi vörur af Múlalundi, þar með talið almennar skrifstofuvörur. „Við erum almennt samkeppnishæf og stundum ódýrari en aðrir á markaðnum. Við seljum eigin framleiðsluvörur, eins og gatapoka, plastvasa, sýnapoka, gyllingar og fleira en einnig vörur sem við kaupum annars staðar frá því þær eru líka mikilvægur fjárhagslegur styrkur fyrir starfsemina. Viðskiptavinir okkar eiga almennt ekki að þurfa að fara annað eftir almennum skrifstofuvörum."

Á Múlalundi er sífellt leitað nýrra verkefna til að skjóta fleiri og styrkari stoðum undir reksturinn. „Við erum til að mynda opin fyrir því að taka að okkur hluta úr framleiðslu fyrirtækja og ýmislegt sem kallar á mikla handavinnu. Þá tökum við að okkur fjölbreytt verkefni til lengri og skemmri tíma," segir Sigurður og nefnir dæmi. „Framhaldsskólar og háskólar láta okkur framleiða fallegar kápur utan um prófskírteini útskriftarnema sem gera gögnin eigulegri og útskriftina að meiri viðburði. Þá hefur ferðaþjónustan komið sterkt inn með framleiðslu á upplýsingamöppum fyrir hótelherbergi, flottum kápum utan um matseðla þar sem merki veitingastaðarins er gjarnan þrykkt í kápuna og fleira. Bókaforlög láta einnig framleiða plastkápur utan um ferðabækur og ferðakort til að auka endingu þeirra. Öllum þessum verkefnum, merkingum, gyllingum og meiru til er sinnt af starfsfólki Múlalundar."

Sigurður segir langtímaverkefni mjög mikilvæg fyrir starfsemina. „Múlalundur framleiðir til dæmis um hundrað þúsund sýnapoka fyrir Landspítalann á hverju ári. Hver sýnapoki skapar vinnu fyrir sex starfsmenn áður en hann fer úr húsi og er því búinn að gera mikið mikið gagn áður en byrjað er að nota hann á spítalanum. Annað dæmi eru fylgigögn með greiðslukortum Landsbankans sem Múlalundur hefur raðað í umbúðir í mörg ár."

## Öllum mikilvægt að vinna

Á síðasta ári greiddi Múlalundur um 100 milljónir í laun og skapaði vinnu fyrir rúmlega þrjátíu manns með skerta starfsorku auk þess sem aðrir fjörutíu fengu tækifæri til að spreyta sig í fjögurra vikna vinnuprufum sem hjálpar fólki að komast af stað eftir langvarandi veru frá vinnumarkaði.

„Múlalundur stendur sjálfur undir stærstum hluta sinna tekna sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fyrir fólk með skerta starfsorku. Starfsemin stendur því og fellur með viðskiptavinum okkar," segir Sigurður. „Í dag standa mörg fyrirtæki sig vel á sviði samfélagslegrar ábyrgðar. Einföld leið til að flétta samfélagslega ábyrgð við daglega starfsemi er að kaupa skrifstofuvörur og fleira af Múlalundi. Frá árinu 1959 hefur Múlalundur verið rekinn af SÍBS með stuðningi Happdrættis SÍBS. Þúsundir hafa fengið annað tækifæri og öðlast aukið sjálfstraust og starfsorku eftir störf hjá Múlalundi.

Góð samvinna er á milli Múlalundar og Reykjalundar, sem er einnig rekinn af SÍBS. Þá er Múlalundur í samvinnu við Vinnumálastofnun og ræður fólk til vinnu af biðlistum, en umsækjendur geta þurft að bíða lengi á biðlista áður en þeir komast að. Öll aðstaða er til staðar til að taka á móti mun fleira starfsfólki en aukin viðskipti og verkefni eru forsenda fjölgunar starfa," segir Sigurður og bætir við að markmið sé að koma sem flestum áfram út á vinnumarkaðinn.

Hjá Vinnumálastofnun eru til staðar úrræði sem styðja fyrirtæki í að taka við fólki með fötlun út á vinnumarkaðinn eftir starfsendurhæfingu hjá Múlalundi. Störf á Múlalundi gefa mörgum, sem annars væru heima aðgerðalausir, tækifæri til að spreyta sig og taka þátt í að skapa verðmæti.

## Virkir á vinnumarkaði

„Fólki er mjög mikilvægt að fá að mæta til vinnu og vera virkt í samfélaginu. Bakgrunnur starfsfólks Múlalundar er margvíslegur og margir þurfa að takast á við krefjandi veikindi eða fötlun, andlega eða líkamlega, í kjölfar slyss eða veikinda. Máltækið „Það þarf þorp til að ala upp barn" á vel við um Múlalund en starfsemin stendur og fellur með viðskiptavinum okkar þar sem hver króna skiptir máli." Sigurður segir ánægjulegt að hitta einstaklinga sem hafa byggt sig upp á Múlalundi eftir erfið veikindi eða slys og eru í dag úti á almennum vinnumarkaði. „Nú eru þeir fullvirkir einstaklingar á vinnumarkaði sem er sameiginlegur árangur þeirra sjálfra, Múlalundar og viðskiptavina."

**Sjá nánar á mulalundur.is**

**Láttu gott af þér leiða** þegar þú kaupir **skrifstofuvörur**

**Vörur frá Múlalundi** skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku





**Allt fyrir skrifstofuna**

**Þú pantar og færð vörurnar sendar daginn eftir**

**Takk fyrir að versla við Múlalund**

Múlalundur Vinnustofa SÍBS
Reykjalundur 270 Mosfellsbær
mulalundur@mulalundur.is

Sími 562 8500
www.mulalundur.is

MÚLALUNDUR
Vinnustofa SÍBS

# Nestið gert fyrirfram

Það hefur ýmsa kosti í för með sér að taka með sér nesti í vinnuna í stað þess að kaupa sér mat í mötuneytum, sjoppum eða á veitingastöðum. Það er yfirleitt hollara og betra fyrir budduna.

Það reynist hins vegar mörgum erfitt að temja sér þann sið að hugsa fyrir því að taka með sér mat í vinnuna en þá er mikilvægast að skipuleggja fyrirfram hvað skuli borða.



Þrír kostir eru í boði þegar kemur að því að undirbúa máltíðir sem taka á með í vinnuna; að elda og pakka öllum máltíðum vikunnar um helgar, útbúa alltaf matinn kvöldið áður eða vakna fyrr á hverjum morgni til að græja nestið. Það er misjafnt hvað hentar hverjum og einum og þarf fólk bara að prófa og sjá hvað gengur best fyrir það. Eitt gott ráð þegar nestið er útbúið kvöldið áður er að gera það um leið og verið er að elda kvöldmatinn, það hjálpar til við að festa vanann í sessi og minnkar uppvask og þrif.

Það er sniðugt að nota afganga frá kvöldmatnum sem nesti en það getur orðið leiðigjarnt að borða alltaf sama matinn tvisvar í röð. Þá er góð hugmynd að breyta kvöldmatnum örlítið, til dæmis að setja kjöt og grænmeti í tortillu eða bæta grænmeti við kjötafganga og búa til salat.

## BLÓM BÆTA OG KÆTA

Rannsóknir sýna að blóm og plöntur á vinnustað hafa góð áhrif á framleiðni og líðan starfsfólks. Það er kannski ekki að undra enda eyðir skrifstofufólk stærstum hluta dagsins innandyra og þykir því mörgum gott að gæða nærumhverfið smávegis lífi. Fyrir því eru þó ýmsar fleiri ástæður.



Plöntur lífga sjónrænt upp á umhverfið og gera það vistlegra. Er það upplifun bæði starfsfólks og viðskiptavina. Sýnt hefur verið fram á að framleiðni starfsfólks er meiri þar sem blóm eru til staðar og viðskiptavinir fá jákvæðari ímynd af starfseminni, hver svo sem hún er.

Plöntur eru jafnframt taldar eiga þátt í því að draga úr streitu á meðal starfsfólks og skerpa athyglina. Þá geta þær haft góð áhrif á loftið sem getur verið ansi staðið og innihaldið rykagnir, mengun sem berst að utan og myglu. Plönturnar drekka meðal annars í sig koltvísýring og koma jafnvægi á rakastig andrúmsloftsins. Að endingu hefur verið sýnt fram á að plöntur á vinnustað bæta hljóðvist.



Stattu upp úr stólnum á nýju ári !

Hæðarstillanleg skriborð á tilboði í janúar

89,900 m/vsk

- Stillanleg hæð 65-125cm
- 100 kg lyftigeta
- Borðplata 160 -200cm , breidd 80cm
- Stell hvítt (ral 9016) eða silfur grátt (ral 9006)
- Borðplata harðplastlögð eða spónlögð eik.

Opið alla virka daga
milli 8 - 17.
Verið velkomin!

GKS trésmiðja

Trésmiðja GKS
Funahöfði 19
110 Reykjavík
577 1600577 1600
www.gks.is



Burkni J. Ólafsson er framkvæmdastjóri Lumenox ehf. sem er með aðstöðu í frumkvöðlasetri NMÍ . MYND/STEFÁN

# Gefandi samfélag

Vinnuaðstæður á frumkvöðlasetrum eru iðulega ólíkar þeim sem eru á hefðbundnum skrifstofum. Þar hafa sprotafyrirtæki aðstöðu og deila sameiginlegri aðstöðu með öðrum fyrirtækjum. Eitt frumkvöðlasetranna er í Keldnaholti í Reykjavík þar sem tölvuleikjafyrirtækið Lumenox hefur verið síðan árið 2011.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Skrifstofuaðstaða fyrirtækja er af öllum stærðum og gerðum, allt eftir stærð og eðli starfseminnar. Mörg sprotafyrirtæki taka fyrstu skrefin á svokölluðum frumkvöðlasetrum þar sem hvert og eitt fyrirtæki hefur yfirleitt litla skrifstofu en deilir sameiginlegri aðstöðu með öðrum smærri fyrirtækjum, t.d. fundaraðstöðu, eldhúsi og opnu rými. Fyrir vikið er andinn á slíkum setrum oft léttur og skemmtilegur þar sem fjöldi frjórra einstaklinga safnast saman.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) rekur nokkur frumkvöðlasetur víða um land og er elsta þeirra og það stærsta til húsa í höfuðstöðvum hennar í Keldnaholti í Reykjavík. Meðal þeirra fyrirtækja sem hafa haft skrifstofuaðstöðu þar undanfarin ár er tölvuleikjafyrirtækið Lumenox ehf. en framkvæmdastjóri þess er Burkni J. Óskarsson. Lumenox vann tölvuleikjakeppnina Gamecreator árið 2011 og meðal verðlauna var skrifstofuaðstaða hjá NMÍ í fjóra mánuði. „Við höfum verið með skrifstofu hjá þeim síðan þá. Það var mikið heillaspor fyrir fyrirtækið því starfsmenn NMÍ hafa stutt mjög vel við fyrirtækið frá upphafi.“




Partíleikurinn YamaYama var gefinn út á Steam vorið 2016 og verður gefinn út vorið 2017 á PlayStation 4.

## Spjallað við kaffivélina

Lumenox ehf. var stofnað í kringum framleiðsluna á tölvuleiknum Aaru's Awakening. „Stofnendur fyrirtækisins settu sér háleit markmið strax í upphafi en það var að gefa út leikinn á PlayStation, Xbox, Nintendo og Steam. Til að gera langa sögu stutta var Aaru's Awakening gefinn út á PlayStation, Xbox og Steam vorið 2015 ásamt því að Lumenox fékk stöðu útgefanda hjá PlayStation og Xbox. Fyrirtækið fékk einnig útgáfuheimild hjá Nintendo, en kaus að gefa leikinn ekki út hjá þeim því leikurinn hentaði ekki tölvunum þeirra.“

> **Þegar öllu er á botninn hvolft þá er mjög gefandi að vera í samfélagi þar sem allir eru að reyna að búa til eitthvað nýtt og eltast við sína eigin sýn.**
>
> *Burkni J. Óskarsson*

Fyrirtækið er með um 30 $m^2$ skrifstofu á Keldnaholti sem er mjög góð aðstaða að sögn Burkna. „Í dag erum við með fimm starfsmenn á skrifstofunni hér en einnig með einn starfsmann með aðsetur í Kaupmannahöfn og þrjá verktaka sem koma inn eftir þörfum.“

Hann segir samfélagið á NMÍ vera frábært enda sé þar að finna alla þá aðstoð sem sprotafyrirtæki gæti þurft á að halda. „Starfsmenn NMÍ eru alltaf reiðbúnir að leggja hönd á plóginn ef það er eitthvað sem þeir geta aðstoðað Lumenox og önnur fyrirtæki með. Við höfum kynnst öllum þeim fyrirtækjum sem starfa hér í húsinu og lendum oft á spjalli við aðra frumkvöðla og þá á spjallið sér oftast stað við hliðina á kaffivélinni í mötuneytinu.“

Þar sem Lumenox er eina fyrirtækið í húsinu sem framleiðir tölvuleiki og hin fyrirtækin eru í ólíkum greinum er ekki beint grunnur fyrir samvinnu milli þeirra að sögn Burkna þótt aldrei sé hægt að útiloka neitt. „Ég lendi t.d. oft á spjalli við starfsmenn Genis, sem eru hérna í húsinu líka, um hvað þau eru að gera og það er kærkomin breyting frá því að hugsa bara um vandamál sem þarf að leysa í tölvuleikjagerð.“

## Allir leggja hart að sér

Kostir þess að vera með aðstöðu eru margir að sögn Burkna. „Maður finnur mjög vel fyrir því að fyrirtækin á setrunum eru mjög einbeitt og leggja hart að sér. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er mjög gefandi að vera í samfélagi þar sem allir eru að reyna að búa til eitthvað nýtt og eltast við sína eigin sýn og hugmyndir.“

Ævintýrin halda áfram á nýju ári og margt spennandi er fram undan að sögn Burkna. „Þegar Aaru's Awakening var tilbúinn og útgáfuferlið hófst, sem getur verið mjög langt, fór fyrirtækið af stað með næstu afurð en það er partíleikurinn YamaYama. Leikurinn var gefinn út á Steam vorið 2016 og verður svo gefinn út vorið 2017 á PlayStation 4. Við fengum styrk frá Tækniþróunarsjóði haustið 2015 til framleiðslu á þriðja leik fyrirtækisins og höfum við verið að vinna að honum af fullum þunga síðan þá. Gera má ráð fyrir að markaðssetning leiksins hefjist haustið 2017 og stefnt er að útgáfu hans haustið 2018.“

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24 | s. 512 5000
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

# SKRIFSTOFUHUSGÖGN



## GLÆSILEGT ÚRVAL
## ALHLIÐA LAUSNIR








SYRUSSON

**Syrusson Hönnunarhús**

Síðumúla 33 | sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is

# Hönnun fyrir opin rými

Þeir sem vinna í opnum rýmum kannast sjálfsagt við stöðuga truflun frá umhverfishljóðum sem skemma einbeitingu og minnka framleiðni. Æ fleiri hönnuðir hafa kveikt á því að úrbóta er þörf og hafa hannað húsgögn sem eiga að bæta hljóðvist og persónulegt næði starfsmanna.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@frettabladid.is



Fjölmargar rannsóknir og kannanir hafa sýnt fram á að opin rými eru ekki ákjósanlegustu starfsaðstæðurnar. Slík rými eru hins vegar vinsæl meðal fyrirtækja enda eru þau ódýrari í rekstri. Þó hefur verið sýnt fram á að framleiðni starfsmanna minnkar við það áreiti sem verður í slíkum rýmum og því spurning hver sparnaðurinn er til langframa.

Í tveimur nýlegum könnunum sem gerðar voru á Bretlandi á síðasta ári kom fram að skortur á næði og persónulegum rýmum hamli bæði sköpun og framleiðni starfsmanna. Í könnun ráðgjafafyrirtækisins Gensler kom í ljós að starfsmenn voru líklegri til að sýna frumleika og frumkvæði í starfi ef þeir höfðu aðgang að fjölbreyttum vinnuaðstæðum, þar á meðal rýmum sem nýta mætti til persónulegra samtala.

Önnur könnun á vegum Savills og breska skrifstofuráðsins leiddi í ljós að minna en tveir þriðju hlutar starfsmanna voru sáttir við framboð af hljóðlátum vinnurýmum. Fjórðungur taldi að núverandi starfsaðstæður drægju úr framleiðni þeirra.

Hönnuðir hafa komist að því að nokkur vöntun er á hugvitssamlegum húsgögnum fyrir opin skrifstofurými og það mátti til dæmis glöggt sjá á árlegu húsgagnasýningunni í Stokkhólmi á síðasta ári þar sem hljóðvist var eitt af meginviðfangsefnum hönnuða. Á sýningunni gaf að líta fjölda vara sem tengdust hljóðvist, allt frá hefðbundnum hljóðeinangrandi skilrúmum og yfir í frumleg skilrúm fyrir skrifborð, veggskýli fyrir farsímanotendur og hljóðeinangrandi hvelfingar sem hanga niður úr loftinu.



Rewrite desk kallast þetta skrifborð frá GamFratesi. Það var kynnt til sögunnar 2009 og er ein fyrsta hönnunin sem ætlað er að bæta hljóðvist starfsmanna. Borðið er nú framleitt af Ligne Roset.



Focus frá sænska merkinu Zilenzio var sýnt á húsgagnasýningunni í Stokkhólmi. Merkið sérhæfir sig í húsgögnum sem miða að betri hljóðvist. Forsvarsmenn fyrirtækisins segjast finna fyrir aukinni eftirspurn eftir vörum þess í kjölfar þess að fyrirtæki fóru að bjóða starfsmönnum upp á opin skrifstofurými.



Íslenski hönnuðurinn Bryndís Bolladóttir er skapari Kúlu sem er að finna víða. Í vörulínu hennar KULA er meðal annars að finna hljóðdempara og hljóðdreifara. Grunnformið er alltaf hálf eða heil kúla þar sem efsta lagið er þæfð ull.



PearsonLloyd hannaði skrifstofulínuna Zones fyrir Teknion. Markmiðið er að auka næði í opnum skrifstofurýmum og hvetja til aukins samstarfs.



Tomako frá finnska merkinu Vivero tekst á við þörfina fyrir hljóðlátara vinnuumhverfi. Tomako er skermur sem festur er við súlu sem býr til nokkurs konar lampaskerm sem fólk getur setið inni í. Hannað fyrir opin skrifstofurými og móttökurými.



Hood frá Form Us With Love sem kynnt var fyrst árið 2013 var einnig til sýnis á húsgagnasýningunni í Stokkhólmi 2016. Þessi hljóðeinangrandi skermur sem hangir fyrir ofan skrifborð er góður fyrir hópavinnu.



Veggfestir klefar frá sænska merkinu Form2 eiga að þjóna farsímanotendum sem þurfa næði til að tala í símann.













# Náðu árangri með ánægju

## Lykillinn að velgengni fyrirtækja er mannauðurinn og gott starfsumhverfi

**„A4 er framsækið og lifandi fyrirtæki sem gaman er að vinna hjá. Við leggjum metnað okkar í að vera leiðandi á sviði skrifstofu-, skóla-, gjafa-, föndur- og hannyrðavara. Við hlustum á viðskiptavininn, greinum þarfir hans og finnum þær lausnir sem henta best", segir Bylgja Bára Bragadóttir, sölustjóri fyrirtækjaþjónustu A4.**

Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa söluráðgjafar með áratuga reynslu. Við leggjum upp úr því að viðskiptavinir geti nálgast okkur á þann hátt sem hentar þeim best; hvort sem er í gegnum sölumenn, verslun, síma eða vef. Fyrirtækjaþjónustan er opin alla virka daga frá 8-17, en vefverslunin www.a4.is er alltaf opin. Vefverslunin er mjög mikið notuð meðal viðskiptavina um land allt.

**Sendum frítt hvert á land sem er**
Fyrirtæki um allt land geta valið að fá vöruna senda án kostnaðar ef verslað er fyrir meira en 20.000 kr. og fylgir þá sætur glaðningur með. Allar pantarnir sem berast fyrir klukkan 10 að morgni eru sendar samdægurs eða næsta virka dag.

**Kaffistofan**
Að sögn Bylgju Báru er fyrirtækið vaxandi á kaffimarkaði, en hjá okkur er hægt að gera leigusamninga á kaffi og vatnsvélum. Þá geta fyrirtæki einnig pantað kaffi og te frá Kaffitári og allar helstu hreinlætisvörur um leið og pantað er fyrir skrifstofuna.

**Vöruhýsing og dreifing fyrir fyrirtæki**
Við bjóðum hýsingu fyrir fyrirtæki sem virkar þannig að þau geta hýst hjá okkur sína markaðsvöru. Fyrirtæki sem kjósa þessa leið öðlast góða yfirsýn yfir eigin birgðastöðu, spara pláss og utanumhald. Nánari upplýsingar um vöruhýsingu fyrirtækja má finna hjá fyrirtækjaþjónustu A4.



*Valgerður Vigfúsardóttir verkefnastjóri sölusviðs og Bylgja Bára Bragadóttir sölustjóri fyrirtækjaþjónustu hjá A4.*

**Nýr valkostur á húsgagnamarkaði**
„Nýjasta rósin í hnappagat okkar er svo glæsilegt úrval húsgagna" segir Valgerður Vigfúsardóttir, verkefnastjóri, „en þar erum við að svara eftirspurn viðskiptavina. Við bjóðum húsgögn fyrir bæði fyrirtæki og stofnanir. Við höfum það að leiðarljósi að skapa skemmtilegt og hvetjandi vinnuumhverfi og vinnum eftir slagorðinu *Náðu árangri með ánægju*. Við skilum húsgögnum af okkur samsettum og tilbúnum til notkunar. Ábyrgðartími húsgagna er 5-10 ár".

Lykillinn að velgengni fyrirtækja er mannauðurinn og gott starfsumhverfi. Það skiptir miklu máli að það fari vel um starfsfólkið hvort sem þörfin er rafdrifin borð sem hægt er að standa við og sitja, stóll sem fer vel með þig þegar þú situr eða góðar hirslur sem halda skipulagi á hlutunum. Vinnustaðir eru margbreytilegir og taka þarf tillit til opinna og breytilegra vinnurýma sem kallar á nýjar lausnir til að mæta þörfum hvers og eins. „Við erum í góðu samstarfi við EFG (European Furniture Group) sem er sænskur húsgagnaframleiðandi og fleiri framleiðendur sem spennandi verður að kynna fyrir íslenskan markað á næstunni" segir Valgerður.

**A4 leggur metnað í að bjóða gæðavörur í miklu úrvali á góðu verði. Við skorum á viðskiptavini að gera verðsamanburð og hafa samband við okkur í fyrirtækjaþjónustu A4 í síma 580 0000 eða á netfangið panta@a4.is.**

Sími 580 000 / panta@a4.is / husgogn@a4.is / **www.a4.is**




RISA
ÚTSALA
PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
40-60%
AFSLÁTTUR
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is



Fundarherbergi, skrifstofurými og bókasafn var meðal þess sem pappaskrifstofan innihélt.



Notaleg fundaraðstaða.

»Hollensku arkitektarnir Alrik Koudenburg og Joost Van Bleiswijk hönnuðu heila skrifstofu í hundrað fermetra rými úr bylgjupappa.



Veggirnir skreyttir í vinnunni.



Hönnuðirnir vildu sýna fram á hugmyndaauðgi og að hægt væri að gera „eitthvað úr engu".



Pappaskrifstofan var sett upp í opnu hvítu rými og vakti talsverða athygli.

# Tímabundin skrifstofa

Þykkur bylgjupappi var notaður á skemmtilegan máta við hönnun skrifstofurýmis í Amsterdam. Borð, stólar, veggir og fleiri form voru leiserskorin út úr pappanum og raðað saman án þess að lím eða skrúfur kæmu við sögu.

Hollensku arkitektarnir Alrik Koudenburg og Joost Van Bleiswijk hönnuðu heila skrifstofu úr bylgjupappa inn í hundrað fermetra rými. Skrifstofunni var einungis ætlað að standa tímabundið og fengu hönnuðirnir 30 þúsund evrur til verksins. Bylgjupappinn var af sterkari gerðinni, 15 mm að þykkt, og leiserskorinn í form sem var svo raðað saman í borð, hillur, veggi, súlur. Við samsetninguna var hvorki notuð ein einasta skrúfa né límdropi.

Skrifstofan var unnin árið 2009 fyrir fyrirtækið Nothing í Amsterdam sem gerði út á auglýsingaþjónustu og nýsköpun „beint úr kassanum". Hugmyndin að baki þess að nota einungis bylgjupappa var að sýna fram á hvað fyrirtækið Nothing gæti boðið upp á með því að umbreyta „engu í eitthvað". Að hægt væri til dæmis að skapa heilt rými sem samanstóð af fundarherbergi, skrifstofum, bókasafni og vinnustofum, úr efni sem væri yfirleitt fargað. Ef borðplata skemmdist til dæmis væri henni bara kastað og ný skorin út úr pappa um leið.

Pappaskrifstofan var drifin upp í stóru opnu, hvítu rými og vakti talsverða athygli.

**www.homedsgn.com**

# Uppskrift að góðum vinnudegi

Vefsíðan www.businessnewsdaily.com tók saman tólf góð ráð fyrir skrifstofufólk til að auka einbeitingu og auðvelda því vinnudaginn.

### Taktu til og skipuleggðu
Áður en hafist er handa skaltu eyða nokkrum mínútum í upphafi hvers dags í að taka til á skrifborðinu og skipuleggja pappíra. Það auðveldar skýra hugsun og þú finnur frekar það sem þú leitar að.

### Lífgaðu upp rýmið
Litir geta haft bætandi áhrif á skapið. Blár er róandi og rauður á að auka fókusinn. Plöntur hjálpa fólki einnig með einbeitingu.

### Persónulegt rými
Að skreyta skrifborðið með nokkrum persónulegum munum gerir fólk afslappaðra.

### Byrjaðu á því erfiða
Ef þú kvíðir einhverju verkefni, byrjaðu þá á því. Þar með er kvíðavaldi rutt úr vegi og verkefnið vofir ekki lengur yfir.

### Forgangsraðaðu og útvistaðu verkefnum
Raðaðu verkefnum upp eftir mikilvægi. Sinntu mikilvægustu verkefnunum fyrst. Reyndu að koma verkefnum yfir á aðra sem þú sérð ekki fram á að geta sinnt.

### Slökktu á tilkynningum
Í stað þess að lesa hvern tölvupóst þegar hann berst skaltu slökkva á tölvupóststilkynningum og reyna að lesa póstinn á tilteknum tíma dagsins. Stöðugar tilkynningar úr tölvunni geta haft truflandi áhrif og rannsóknir sýna að það tekur manneskju 64 sekúndur að jafna sig eftir truflun frá tölvupósti.

### Taktu stuttar pásur
Stuttar pásur geta bætt frammistöðu. Afkastagetan minnkar eftir því sem þú situr lengur við án pásu. Margt má gera, til dæmis ganga hring í hverfinu, stökkva á kaffihús eða lesa tímarit.

### Hreyfðu þig
Hreyfing er ekki aðeins góð fyrir líkamann, hún hefur einnig jákvæð áhrif á frammistöðu í vinnunni.

### Hlustaðu á tónlist
Heyrnartól gera þig ekki ófélagslegan. Að hlusta á uppáhaldstónlist við vinnu getur komið fólki í stuð til að ryðjast í gegnum „to do"-listann. Þá benda heyrnartólin einnig vinnufélögum á að þú viljir síður láta trufla þig.



Gott skipulag og líflegt vinnurými eykur andagift og vellíðan á skrifstofunni. NORDICPHOTOS/GETTY

### Skiptu um umhverfi
Ef vinnuveitandinn leyfir er gott að breyta stundum til og vinna annars staðar, til dæmis á bókasafninu eða hljóðlátu kaffihúsi. Það getur verið uppspretta nýrra hugmynda.

### Skrifaðu markmiðin niður
Það er ekki alltaf auðvelt að fylgjast með öllu sem þarf að gera. Byrjaðu daginn á því að skrifa niður markmið dagsins.

### Hættu að „múltítaska"
Að gera fleiri hluti í einu hljómar kannski eins og góð leið til að komast yfir mörg verkefni en það hefur iðulega slæm áhrif á frammistöðuna.

# LEITZ STYLE SKRIFSTOFAN Í STÍL LEITZ STYLE






Þráðlaus fundarhátalari. Einnig hleðslubanki fyrir snjalltæki.

**Skrifborðslampi LED**
**TILBOÐSVERÐ: 49.999.-**
Verð áður: 64.999.-




**iPad / iPad Mini hulstur**
**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 8.999.-**
Verð áður frá: 11.999.-




litir:

**Heftari (heftar allt að 30 bls.)**
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-




litir:

**Heftitöng (heftar allt að 15 bls.)**
**TILBOÐSVERÐ: 2.249.-**
Verð áður: 2.999.-




litir:

**Pennabox ALUMINUM**
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-




litir:

**Gatari (heftar allt að 30 bls.)**
**TILBOÐSVERÐ: 2.249.-**
Verð áður: 2.999.-




**Bréfabakki ALUMINUM**
**TILBOÐSVERÐ: 3.749.-**
Verð áður: 4.999.-




litir:

**Bréfabakki**
**TILBOÐSVERÐ: 974.-**
Verð áður: 1.299.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð á iPad / iPad MINI gilda í janúar 2017, eða meðan birgðir endast. Önnur tilboð gilda út 15. janúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



SÉRSTAKT KYNNINGARVERÐ

## wagner – Í SAMSTARFI VIÐ HIRZLUNA

Hirzlan býður upp á fjölbreytt úrval húsgagna frá Wagner, bæði skrifstofu- og íbúðahúsgögn og í verslun okkar í Síðumúla 37, höfum við sett upp sérstakt svæði þar sem við kynnum vandað úrval húsgagna frá fyrirtækinu. Með þessu samstarfi býðst þér einstaklega vönduð og metnaðarfull hönnun sem hentar bæði í starfi og heima. Af þessu tilefni býður verslunin frábæran kynningarafslátt á mest selda skrifstofustól Wagner, Ergomedic 100-3.

### WAGNER ERGOMEDIC 100-3

Vandaður skrifborðsstóll með Dondola® jafnvægistækni í setunni. Hönnunin felst í veltihreyfingu setunnar á alla kanta. Hreyfingin miðar að því að minnka álag á bakið og draga úr þreytu og verkjum.

**124.900 KR.** **37,5%**
ÁÐUR 199.700 KR.



### TOP PRO

Hagkvæmur og sterkur skrifborðsstóll á einstaklega góðu verði.

**19.800 KR.**
ÁÐUR 32.900 KR.



### TOPSTAR SITNESS 15

Sitness 15 skrifborðsstóllinn er með 360° veltisetu, góður fyrir bakið, tryggir eðlilega hreyfingu á hryggjasúlu og bakvöðvum og léttir á álagi. Tækni sem tryggir vellíðan og hreyfanleika.

**59.900 KR.**
ÁÐUR 99.600 KR.



ÝMSIR LITIR, ÝMSAR STÆRÐIR

### TVILUM PRIMA RAFMAGNSBORÐ

Hæðarstillanleg rafmagnsborð. Vönduð dönsk húsgögn frá Tvilum, sterk filma sem endist mjög vel og upplitast ekki. Rafknúnir hæðarstillanlegir fætur, 65–116 cm hæð.

VERÐ FRÁ:
**56.000 KR.**



ÝMSIR LITIR

### TOPSTAR SITNESS 20

Sitness 20 er sveigjanlegur heilsukollur á dekki. Styður við rétta líkamsstöðu þegar setið er. Þægilegur og skemmtilegur á sama tíma. Hæðarstillanleg seta, 60–80 cm.

**29.900 KR.**
ÁÐUR 42.700 KR.



### OPEN POINT

Open Point skrifstofustóll með neti í baki sem hleypir líkamshita í gegn og er með þægilegri setu.
Hægt að bæta við höfuðpúða og örmum.

**39.900 KR.** ÁÐUR 59.900 KR.
ARMAR 13.400 KR., HÖFUÐPÚÐI 18.500 KR.


wagner
Wagner er þýskur húsgagnaframleiðandi sem leggur áherslu á nýja kynslóð af einstaklega vönduðum húsgögnum. Hjá Wagner eru hannaðar og þróaðar vörur undir ströngu gæðaeftirliti með framúrstefnu hönnun, endingu, vellíðan og upplifun notandans í huga. Dondola® er sérstakur búnaður frá fyrirtækinu sem leysir af hólmi eldri gerðir af veltisætum. Með Dondola® sætinu er tryggt að veltingurinn sé á alla kanta – 360° og með því tryggt eðlilegt mótvægi við hreyfingu hryggjarsúlunnar.*
Hjá Hirzlunni fæst úrval húsgagna frá Wagner Living, bæði fyrir skrifstofuna sem og vönduð húsgagnalína fyrir heimilið. Komdu í verslun okkar í Síðumúla 37 og kynntu þér hágæða þýsk húsgögn
wagner-living.com
KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS
*Kírópraktorstofa Íslands mælir með Dondola® jafnvægistækninni frá Wagner.
Hirzlan
Mán.-fim.: 9-18
Fös.: 9-17
Síðumúla 37
564 5040
hirzlan.is
Hirzlan



## Heilsa starfsfólks er afar mikilvæg

Atvinnuveitendur ættu að hafa það í huga að það er mikilvægt að huga vel að heilsu starfsfólks síns. Það hefur sýnt sig að þegar atvinnurekendum er umhugað um starfsfólk sitt og heilsu þess verður starfsánægja í fyrirtækinu meiri, framleiðni og öryggi eykst og fjarvistum fækkar.

Atvinnutengd heilsufarsskoðun er því eitthvað sem stjórnendur fyrirtækja ættu að íhuga fyrir starfsfólk sitt. Hægt er að leita til fyrirtækja sem leggja slíkt sérstaklega fyrir sig. Meðal annars má benda á í þessu samhengi að Hjartarannsókn býður fyrirækjum og hópum að sérfræðingar Hjartarannsóknar haldi fyrirlestur um eðli hjartasjúkdóma, áhættuþætti þeirra og greiningu. Á fyrirlestrinum er einnig fjallað um þá þætti sem hver og einn getur haft áhrif á í sínu lífi og skipta svo miklu máli í baráttunni við hjarta- og æðasjúkdóma, eins og mataræði, hreyfingu og lífsstíl.



## Heilafóður fyrir samstarfsfólkið

Janúar er oftar en ekki mikill átaksmánuður og margir sem reyna að halda í við sig í mat og drykk. Þá er gott að hafa eitthvað hollt að maula á milli mála enda dregur það úr líkum á að falla í freistni.

Hví ekki að gleðja samstarfsfélagana með því að mæta með stútfulla krukku af heimagerðu hnetukurli sem hægt er að gæða sér á yfir daginn. Það er orku- og næringarríkt og sannkallað heilafóður.

Hér er uppskrift sem má leika sér með að vild og laga krydd og sætumagn að smekk.

### HNETUMIX Í KRUKKU

**Hnetur og fræ að eigin vali (til dæmis möndlur, sólblómafræ, graskersfræ, pekanhnetur og cashewhnetur).**
**Kókosflögur**
**Þurrkuð ber að eigin vali. (Til dæmis gojiber eða saxaðar apríkósur).**
**Ólífuolía**
**Smjör**
**Hlynsíróp eða hunang eftir smekk**
**Chiliflögur eftir smekk**
**Þurrkað timían eftir smekk**
**Kanill ef vill**
**Sjávarsalt eftir smekk**

Skvettið smá ólífuolíu á pönnu ásamt smjörklípu og skvettu af hunangi eða hlynsírópi. Bætið kryddi út í og látið malla í stutta stund. Hellið hnetum og kókosflögum út á pönnuna og brúnið. Hellið hnetumixinu í víða skál og látið kólna. Hrærið til að hneturnar festist ekki saman. Bætið þurrkuðum ávöxtum út í ef vill. Hellið á krukkur með góðu loki og takið með í vinnuna.

## LEIKIR Á SKRIFSTOFUNNI

Gott er að hrista saman starfsfélagana með reglulegu millibili. Ýmsar leiðir eru til þess. Til að hita upp fyrir bjórkvöld er til dæmis hægt að hafa leikjadag í vinnunni. Einn leikur gæti verið svokallaður dauðaleikur. Allir starfsmenn draga miða. Einn fær miða með bókstafnum M (morðingi) en annar fær bókstafinn L (rannsóknarlögregla). Á öðrum miðum sem allir aðrir starfsmenn draga stendur F (fórnarlamb).

Sá sem er rannsóknarlögregla þarf að finna morðingjann sem á meðan leikur lausum hala við að myrða fólk. Morðinginn drepur fólk með mjög lúmsku augnblikki. Fórnarlömb sem ná augnsambandi við blikkið detta niður dauðir um leið. Leiknum lýkur þegar morðinginn er fundinn.

Þessi leikur getur verið mjög fyndinn og valdið mikilli kátínu á vinnustaðnum. Annar leikur til að létta lund er hláturleikur. Allir starfsmenn standa saman í hring og segja ha ha, ho ho eða hee hee. Enginn má hlæja þótt þetta sé vissulega mjög fyndinn leikur. Sá sem skellir upp úr er úr leik.



SPARI
Hönnuður Erla Sólveig Óskarsdóttir

Íslensk hönnun
& handverk



Á. GUÐMUNDSSON EHF.
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur

sími 510 7300
www.ag.is

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND

www.smartboutique.is

Sími 551 1040

Opnunartímar
Mánud.-föstud 10 – 18
Laugardag 10 – 16

Smart Boutique

Fjörður Hafnarfirði - www.smartboutique.is

Við erum flutt í Fjörðinn

FJÖRÐUR

# ÚTSALA




**20-95% af leðurhönskum**

**30-50% af skinnhönskum, lúffum og loðskóm**

**40% af gervifeldsvörum**

**20-40% af loðkrögum og húfum**

**30% - 60% af seðlaveskjum og töskum**

**20% af slæðum og treflum**

**Valdar húfur á 1.000 kr**

## GRÆNN ÞEYTINGUR



Ef henda á í hollan þeyting að morgni er gaman að nota til dæmis bara það sem er grænt á litinn í ísskápnum, enda líkur á að það sé allt hollt og gott. Í eftirfarandi uppskrift er allt grænt, hlutföllum má síðan hnika til að vild. Uppskriftin var fengin af síðunni www.bembu.com.

**¼ af gúrku**
**½ lúka af spínati eða öðru dökkgrænu káli**
**½ lárpera**
**1 sellerístilkur**
**2 greinar fersk mynta**
**1 kíví**
**1 bolli vatn**
**½ epli**
**Sletta af sítrónusafa.**

Blandið öllu saman í blandara og berið fram í háu glasi.




LAGERHREINSUN

40-70%
AFSLÁTTUR
AF SKÓM Á DÖMUR OG HERRA

Misty

Laugavegur 178 • 105 Reykjavík • Sími 551-3366 • misty.is
Opið: mán - fös kl 10:00-18:00 • laugardag: kl 10-14




Hjónin þóttu bera af á Golden Globe verðlaunaafhendingunni á sunnudag þar sem Blake var í kjól frá Atelier Versace og Ryan í smóking frá Gucci. Bæði voru þau í Louboutin skóm. NORDIC PHOTO/GETTY

# BERA ALLTAF AF Á RAUÐA DREGLINUM

Ástin er oft hverful í kvikmyndaborginni Hollywood en leikararnir Blake Lively og Ryan Reynolds hafa verið hamingjusamlega gift í rúm fjögur ár. Þau þykja vera með glæsilegri pörum borgarinnar.

Leikarahjónin Blake Lively og Ryan Reynolds vekja athygli hvar sem þau koma og þykja þau jafnan vera glæsilega tilhöfð. Á nýliðinni Golden Globe hátíð, þar sem Ryan var tilnefndur fyrir besta leik í aðalhlutverki í myndinni Deadpool, vöktu þau mikla athygli. Hann hreppti ekki verðlaunin en gat huggað sig við það að þau hjónin þóttu sérstaklega vel til fara á rauða dreglinum og hlutu þá óformlegu titla hjá mörgum fréttamiðlum að vera „sætasta parið“ og „best klædda parið“.

Ryan og Blake kynntust þegar þau léku saman í myndinni Green Lantern árið 2010 en seinni part ársins 2011 fóru að berast fregnir af því að þau væru meira en bara vinir. Í desember það ár kynnti Ryan Blake fyrir fjölskyldu sinni í Vancouver í Kanada og í júlí árið 2012 eyddi parið þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna með fjölskyldu Blake í New York.



Fjögurra manna fjölskyldan kom fram opinberlega í fyrsta sinn á athöfn sem haldin var í tilefni þess að Ryan fékk stjörnu með nafninu sínu á hina frægu „Walk of Fame“ götu í Hollywood í desember síðastliðnum.



Ástin skín af þeim hjónum, Blake og Ryan.

Eftir að hafa verið saman í eitt ár gengu þau Blake og Ryan í hnappelduna í september 2012. Rétt rúmum tveimur árum síðar tilkynntu þau svo að þau ættu von á barni og fæddist dóttir þeirra, James Reynolds, í desember 2014. Rúmum tveimur árum síðar, eða í september í fyrra, eignuðust Blake og Ryan sitt annað barn, dótturina Ines Reynolds.

Lykilinn að farsælu hjónabandi segja þau vera vináttuna en Ryan og Blake hafa bæði sagt opinberlega að þau séu bestu vinir og af myndum má dæma að þau séu líka afar ástfangin.

## BÍLAR & FARARTÆKI



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

### Bílar óskast

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann 8682352

### Hjólbarðar



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir




## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSPJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

Tek að mér flísalagnir og múrvinnu. Er með mikla reynslu. Uppl. í síma 855-4420 Tim

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## HEILSA

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. 201 Kóp. S. 894 4817

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Herbergi til leigu m/aðgangi að eldhúsi, baði, þvottavél og þurrkara á sv. 200. Uppl. í s. 893 3475

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**KÖKUHORNIÐ**
Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind, Sveigjanlegur vinnutími. Æskilegt er að viðkomandi sé 25 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði.
**Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 milli kl. 9-18**

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. s: 6552849

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

Ykkur sem saknið mín af vinalistanum á Facebook vil ég fullvissa um að ég hef hvorki fyrst við ykkur né blokkað, heldur einungis sagt upp aðgangi mínum að samfélagsmiðlinum, a.m.k. í bili. Ég elska ykkur samt öll. Bjarki Karlsson.

### Einkamál

**HRINGIÐ Í STÍNU!**
Hún er alltaf til í heitt spjall. Opið frá 18 Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.




### dekur




### skemmtanir



## atvinna

# Starfsmenn
## í tiltektir á pöntunum

*Óskum eftir að ráða starfsmenn í söludeild í tiltekt á pöntunum í verslanir og veitingahús. Vinnutími 07:00 - 16:00*

***Vinsamlega hafið samband í síma:***
*Sófus gsm: 863 1938*
*eða sendið okkur póst á: sofus@ali.is*

4812#

Ali

## tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi við Hafravelli 13 í Hafnarfirði

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 31.08.2015 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Hafravöllum 13 í samræmi við 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felst í stækkun lóðar sem nemur tveimur bílastæðum af fjórum sem staðsett eru við suðvesturhorn lóðarinnar nr. 13 við Hafravelli. Lóðin stækkar um 25 m² . Nákvæm stærð stækkunar mun koma fram á mæliblaði.

Tillaga er til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 13.01.2017 til 27.02.2017. Einnig er hægt að skoða tillöguna á **hafnarfjordur.is**. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu, eigi síðar en 27.02.2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar á Umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

# RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

# RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

ráðum
ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



**Nýtt Pottaplanta**
lækniprýði **1.290,-**

**395,-/3 í setti**




**Nýtt VÄXER** fræ. Basilíka, kóríander
og sítrónubasilika




**Nýtt VÄXER** fræ. Basilíka, steinselja
og brunnperla

# Lífgaðu upp á heimilið

Nýtt ár þýðir ferskt upphaf og nú er heilsusamlegra líf á dagskránni hjá mörgum. Með VÄXER vatnsræktunarbúnaðinum færðu ferskar kryddjurtir í alla ljúffengu réttina, og grænar plöntur fegra ekki bara heimilið og gæða það lífi heldur auka þær líka loftgæðin. Komdu og kíktu á blómaúrvalið í IKEA, sem hefur aldrei verið eins glæsilegt og nú. Við hlökkum til að sjá þig!



**Nýtt Pottaplanta**
pálmi, stór **4.990,-**



**Nýtt Pottaplanta**
drekatré, stórt
**2.990,-**



**Nýtt ODLA**
kókosmold **695,-/3 í setti**




**Nýtt VÄXER**
áburður **995,-**





**Nýtt Pottaplanta**
orkídea, tveir stilkar
**2.490,-**




**Nýtt VÄXER** rótar-
kubbar **495,-/50 í pk.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2017



**Nýtt Pottaplöntur**
eldtoppur **495,-/stk.**

**395,-**

**Nýtt Pottaplanta**
drekatré, lítið

**1.990,-**



**Nýtt Pottaplanta**
orkídea, einn stilkur

**1.650,-**



**Nýtt VÄXER**
spírubakki með loki




**Nýtt VÄXER** fræ. Salatfífill, klettasalat
og kaffifífill **395,-/3 í setti**



**Nýtt Pottaplanta**
aloe vera **1.490,-**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

IKEA®

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

# Merkisatburðir

**1559** Elísabet I. krýnd í Westminster Abbey.
**1610** Galíleó Galílei uppgötvar Kallistó, fjórða tungl Júpíters.
**1898** Grein Émile Zola, J'accuse, birtist í frönsku blaði.
**1930** Fyrsta myndasagan um Mikka mús kemur út.
**1942** Fulltrúar níu þjóða sem hersetnar voru af Þjóðverjum samþykkja að þeir verði lögsóttir fyrir stríðsglæpi að styrjöld lokinni.
**1949** Fyrsta íslenska talmyndin í litum og fullri lengd, „Milli fjalls og fjöru" eftir Loft Guðmundsson, frumsýnd.
**1953** Josip Broz Tito kosinn forseti Júgóslavíu.
**1964** Karol Wojtyla verður biskup í Kraká. Hann varð seinna Jóhannes Páll páfi.
**1968** Tet-sóknin hefst í Víetnam.
**1975** Guðmundur Sigurjónsson verður stórmeistari í skák, 27 ára gamall. Hann var annar Íslendinga til þess að ná þessum titli. Fyrstur var Friðrik Ólafsson.
**1976** Jarðskjálfti upp á 6,2 stig á Richter veldur skemmdum á Kópaskeri.
**2002** Forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, fellur í yfirlið eftir að saltkringla stóð í honum.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Stefáns Sigurkarlssonar**

lyfjafræðings og fyrrverandi apótekara.

**Anna Guðleifsdóttir**
**Sigurkarl Stefánsson** **Olga Lísa Garðarsdóttir**
**Sigurborg Stefánsdóttir** **Mekkinó Björnsson**
**Anna Kristín Stefánsdóttir** **Sigurður Erlingsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guttormur Sigbjarnason**

jarðfræðingur, Skaftahlíð 8, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum 10. janúar sl. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 16. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Landverndar.

**Áslaug Kristjánsdóttir**
**Anita Oddsdóttir**
**Hjörleifur Guttormsson** **Erna Jónasdóttir**
**Margret Guttormsdóttir**
**Þóra Hafsteinsdóttir** **Vigfús Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og sambýliskona, amma og langamma,

**Ásbjörg Ingólfsdóttir**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 8. janúar 2016, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 16. janúar klukkan 14.

**Sigurþór Stefánsson, Ingólfur Stefánsson, Stefán Stefánsson, Hafdís Jónsdóttir, Garðar Árnason, Matthildur Soffía Leifsdóttir og Óskar Markússon. Barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jón Hrólfsson**

harmonikkuleikari, Ránargötu 28, Akureyri,

lést á heimili sínu 2. janúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Hjartans þakkir til allra þeirra sem veittu stuðning í veikindum hans. Sérstakar þakkir til Heimahlynningar á Akureyri.

**Helga Jónsdóttir**
**Járnbrá Björg Jónsdóttir** **Pétur Ingólfsson**
**Eydís Helga, Eva Sól, Hrólfur Jón og Dagrún Inga.**



Móðir okkar,

**Erla Bjarnadóttir**

Aflagranda 40, Reykjavík,

lést á Landakoti laugardaginn 7. janúar. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Krabbameinsfélagið njóta þess.

**Regína, Ragnheiður og Kári Harðarbörn**



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Guðlaug Ó. Jónsdóttir**

lést á Landspítalanum 11. janúar. Útförin fer fram frá Áskirkju 19. janúar kl. 15.00.

**Smári Hauksson** **Sigurrós Einarsdóttir**
**Haukur Hauksson** **Hilde Kjerstin Kaasa**
**Ingi Hauksson** **Súsanna Andreudóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur maðurinn minn, ástkær faðir okkar og bróðir,

**Björn Baldursson frá Vigur**

lést á gamlársdag. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 14. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Ísafjarðarkirkju.

**Ingunn Ósk Sturludóttir**
**Baldur Björnsson og Snjólaug Ásta Björnsdóttir**
**og systkini hins látna.**



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Dóra S. Guðmundsdóttir**

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi í Hafnarfirði 10. janúar. Útförin fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 16. janúar kl. 13.

**Eyjólfur Reynisson** **Guðbjörg S. Sigurz**
**Sigrún Reynisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg systir okkar og mágkona,

**María Gréta Sigurðardóttir Abbey**

frá Sandgerði,

lést á heimili sínu í Maryland, USA, 3. janúar sl.

**Systkini, tengdafólk og fjölskyldur, Hafsteinn Guðnason**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Jónsdóttir**

frá Hofi á Eyrarbakka,

lést 9. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 17. janúar kl. 13.00.

**Ásta, Svala, Kristjana og Þorvaldur Ólafsbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðríður Soffía Sigurðardóttir** (Gýja)

fyrrverandi kaupmaður við Laugaveg,

lést á dvalarheimilinu Grund aðfaranótt 7. janúar. Jarðsungið verður frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 18. janúar klukkan 15.

**Jónas Ásmundsson**
**Ásmundur Jónasson** **Guðrún Vignisdóttir**
**Gylfi Jónasson** **Ásdís Kristmundsdóttir**
**Helgi Þór Jónasson** **Kristín Pétursdóttir**
**Guðrún Jóna Jónasdóttir** **Ingi Halldór Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hugheilar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Elínborgar Jóhönnu Bjarnadóttur**

Sérstakar þakkir til starfsmanna hjúkrunarheimilisins Eirar sem sýndu henni hlýhug og önnuðust hana af alúð. Með ósk um farsæld á nýju ári.

**Margrét I. Kjartansdóttir** **Sigmundur Einarsson**
**Ólafur Kjartansson** **Nanna Bergþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,

**Sigurbjörn Sigurðsson**

Hamragerði 5, Egilsstöðum,

sem lést föstudaginn 23. desember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu mánudaginn 16. janúar kl. 13. Jarðsett verður að Heydölum í Breiðdal.

**Sigurður Örn Sigurbjörnsson** **Lita Mallari de Jesus**
**Gylfi Þór Sigurbjörnsson** **Hólmfríður Gunnlaugsdóttir**
**Ingibjörg Sigurðardóttir**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Signý Eggertsdóttir**

Ægisvöllum 2, Keflavík,

lést á bráðamóttöku Landspítalans 2. janúar. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju 17. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélagið.

**Páll Björgvin Hilmarsson**
**Sigurður Ragnar Magnússon** **Magnea Grétarsdóttir**
**Jóhanna María Pálsdóttir** **Geir Reynir Egilsson**
**Hildur Hilmars Pálsdóttir** **Kristján Þorgils Guðjónsson**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristjönu Kristjánsdóttur**

frá Hnífsdal, Grænumörk 2, Selfossi.

Starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Selfossi, færum við hjartans þakkir fyrir góða og hlýja umönnun.

**Jens Hjörleifsson**
**Sigríður Jensdóttir** **Bárður Guðmundsson**
**Elísabet Jensdóttir** **Rúnar Hjaltason**
**Hjörleifur Jensson** **Ólöf Jóna Þórarinsdóttir**
**Aðalheiður Jensdóttir** **Halldór Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# SAMSUNG

# Miklir yfirburðir

## Samsung með 22 af 25 bestu sjónvörpunum í gæðakönnun Neytendablaðsins og ICRT*

* Óháð alþjóðleg samtök rannsókna og prófana.

Viðskiptablaðið fjallar um gæðakönnun Neytendablaðsins á sjónvörpum á íslenskum markaði, 9. janúar sl.

Í könnuninni er tækjunum gefin einkunn fyrir myndgæði, hljóðgæði, tengingar, orkunotkun, þægindi í notkun og ofl.

Í niðurstöðunum kemur fram að Samsung sjónvörpin eru talin besti kostur í 22 tækjum af 25, í stærðum 49" til 55".

Með stolti bjóðum við því uppá bestu sjónvörpin og vonum að niðurstöðurnar hjálpi fólki að gera upp hug sinn við sjónvarpskaupin.




http://www.vb.is/frettir/samsung-oftast-efstu-saetum/134580/



**Samsung oftast í efstu sætum**



05. jan. 2017 - 16:30

Samsung sjónvörp skora hátt í gæðakönnun Neytendablaðsins

Fréttin birtist einnig á vefsíðunni Pressan.is:
*http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/samsung-sjonvorp-skora-hatt-i-gaedakonnun-neytendabladsins*

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |




298 kr. 400 g

**Bónus Chiafræ**
400 g

1 kg




259 kr. 1 kg

**Bónus Tröllahafrar**
1 kg

NÝTT Í BÓNUS

PRÓTEINBRAUÐ
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12g kolvetni pr. 100g




398 kr. 400 g

**Bónus Próteinbrauð**
400 g

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR




498 kr. 3 stk.

**Hámark Próteindrykkur**
3x250 ml

NOCCO
NO CARBS COMPANY




259 kr. 330 ml

**Nocco BCAA Orkudrykkur**
330 ml, 4 teg.

ENGIN KOLVETNI




169 kr. 591 ml

**Powerade Zero**
591 ml, 3 teg.

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

LÍFRÆNT Solla




139 kr. 110 g

**Solla Maískökur**
Lífrænar, saltaðar, 110 g

PRÓTEINBOMBA
82% prótein




1.498 kr. 200 g

**Vestfirskur Harðfiskur**
Þorskur, 200 g

100% SAFI

1L




198 kr. 1 l

**Floridana Heilsusafi**
1 lítri

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




900g

**1.198**
kr. 900 g

**ES Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g




**498**
kr. kg

**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn



## GOTT VERÐ Í BÓNUS

Ný sending
**LÆGRA VERÐ**




**998**
kr. pk.

**Euro Shopper bleiur**
Midi, 4-9 kg, 56 stk.
Maxi, 9-18 kg, 50 stk.
Junior, 15-25 kg, 44 stk.
Verð áður 1.198 kr.

KS



ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
2016 SLÁTRUN

**698**
kr. kg

**KS Lambasúpukjöt**
Frosið




2L

**129**
kr. 2 l

**Klaki Kolsýrt vatn**
2 lítrar, 3 tegundir

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt, bjart með köflum og talsvert frost, einkum til landsins. Búast má við dálitlum éljum vestanlands og þá einkum á annesjum. Suðaustan strekkingur með snjókomu með vesturströndinni um kvöldið.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | -1° |
| 11 | 10 | 11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -3° | -1° | -5° |
| 6 | 7 | 14 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 3° |
| 13 | 18 | 15 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 3° | 1° |
| 13 | 4 | 19 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sitjandi
6. þys
8. stefna
9. lík
11. holskrúfa
12. mokuðu
14. krakka
16. kveðja
17. kærleikur
18. bókstafur
20. samtök
21. láð

**LÓÐRÉTT**
1. gróðurtegund
3. skyldir
4. reigsa
5. arinn
7. grátbiðja
10. kyrra
13. af
15. málhelti
16. gyðja
19. tveir eins




**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. rass, 6. ys, 8. átt, 9. nár, 11. ró, 12. grófu, 14. barns, 16. hæ, 17. ást, 18. enn, 20. aa, 21. land. **LÓÐRÉTT:** 1. lyng, 3. aá, 4. strunsa, 5. stó, 7. sárbæna, 10. róa, 13. frá, 15. stam, 16. hel, 19. nn.

### Skák Gunnar Björnsson



Þröstur Þórhallsson (2.488) átti leik gegn Helga Ólafssyni (2.543) á Íslandsmótinu í atskák fyrir skemmstu.

**Svartur á leik**

**1. ... Hxd7! 2. cxd7+ Kd8.** Hér uppgötvaði Helgi sér til skelfingar að svartur er patt bæði eftir **3. Kd6** og **3. b6** og sættist því á jafntefli. Þröstur varð þar með Íslandsmeistari. En er það svo einfalt? Því komumst við að í skákdálki morgundagsins.

**www.skak.is:** Carlsen teflir í Sjávarvík.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 | 7 |
| 2 | 8 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 2 | 1 |
| 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 |


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Þakklát Kvennaathvarfinu**



Fegurðardrottning Íslands, **Anna Lára Orlowska,** er hálfpólsk og býr í Fellahverfi í Breiðholti. Hún er stolt af bakgrunni sínum og þakkar Kvennaathvarfinu farsælt líf fjölskyldu sinnar.

**Draumar og innsæi ráða för**



**Guðmundur Arnar Guðmundsson,** leikstjóri kvikmyndarinnar Hjartasteinn, segist vera latur að eðlisfari og að hann treysti því á drauma og innsæi í verkum sínum.

**Kvíðir dónaskap á þingi**



Við kynnum nýja þingmenn. **Einar Brynjólfsson,** þingmaður Pírata í Norðausturkjördæmi, kvíðir helst dónaskap í nýja starfinu og segir starfsaðferðir þingsins oft á tíðum úreltar.


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



COCA-COLA LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
















GLEÐILEGT NÝTT ÁR

SAMBÍÓIN SAMbio.is



















| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| LIVE BY NIGHT | KL. 8 - 10:50 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 3:20 - 5:40 |
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 5:40 - 8 - 10:50 |
| SYNGDU ÍSL TAL 2D | KL. 3 - 5:30 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 10:20 |
| ROGUE ONE 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 3 - 5:30 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:50 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 8 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| LIVE BY NIGHT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 - 10:10 |
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 8 - 10:40 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| LIVE BY NIGHT | KL. 8 - 10:50 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 8 - 10:50 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| LIVE BY NIGHT | KL. 5 - 8 - 10:20 - 10:50 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| LIVE BY NIGHT | KL. 8 |
| PATRIOT'S DAY | KL. 8 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:30 |
| THE GREAT WALL | KL. 10:45 |
| ASSASSIN'S CREED | KL. 10:45 |
| SING ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. JANÚAR

### Tónlist

**Hvað?** Helter Skelter flytur Revolver á Hard Rock
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu 2a, 101 Reykjavík
Revolver-tónleikar verða haldnir á Hard Rock Café Reykjavík í kvöld. Platan verður spiluð í heild sinni fyrir hlé og sægur af perlum The Beatles eftir hlé. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Föstudagurinn þrettándi í Mengi / Michalis Moschoutis & Ingi Garðar Erlendsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Tónlistarmaðurinn Ingi Garðar Erlendsson spilar í Mengi í kvöld. Hann hefur margsinnis komið fram einn síns liðs og með öðrum tónlistarmönnum þar sem hann spilar á básúnu og þránófón. Ingi Garðar er óumdeilanlega fremsti þránófónleikari í heimi. Michalis Moschoutis er grískur tónlistarmaður, búsettur í Aþenu. Hann er tónskáld og gítarleikari, útgefandi og stjórnandi listahátíða og vinnur meðal annars að því um þessar mundir að undirbúa ásamt Ilan Volkov, fyrrverandi aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Tectonics-hátíð sem haldin verður í Aþenu.

**Hvað?** Hádegistónleikar: Tríó Reykjavíkur ásamt Þóru Einarsdóttur
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Þóra Einarsdóttir sópransöngkona verður gestur Tríós Reykjavíkur á þessum fyrstu hádegistónleikum ársins. Á efnisskránni verða meðal annars tvö verk eftir Edvard Grieg sem bæði eru kennd við vorið; sönglagið Vorið og Til vorsins fyrir píanó. Tzigane (Sígauninn) eftir Ravel verður fluttur af Guðnýju og Richard. Einnig verða bæði sungin og leikin verk eftir Franz Liszt, Duparc og Mozart. Tríó Reykjavíkur skipa Guðný Guðmundsdóttir, fiðla, Gunnar Kvaran, selló, og Richard Simm á píanó. Einsöngvari er Þóra Einarsdóttir. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** KEX Karaoke með Djöflunum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel
KEX Karaoke hefst í kvöld klukkan átta og verða þar tónlistarmennirnir Guðmundur Óskar Guðmundsson og Hjörtur Ingvi Jóhannsson úr Hjaltalín, Aron Steinn Ásbjarnarson tónskáld, Þorvaldur Þór Þorvaldsson, sem hefur slegið takt fyrir Bloodgroup, Jónsa, Samúel Jón Samúelsson o.fl., og Örn Eldjárn, gítarleikari Tilbury, og Ylja. Gestir á KEX Karaoke geta valið úr um 100 laga banka hjá karaoke-stjóranum sem verður á svæðinu og er aldrei að vita nema að einhverjir þekktir gestasöngvarar taki lagið. Þetta er í annað skiptið sem lifandi karaoke verður haldið á KEX því 10 ára afmæli The Reykjavík Grapevine var fagnað þannig og meðal þeirra sem tóku þátt voru Sigríður Thorlacius, Daníel Ágúst Haraldsson og Hugleikur Dagsson.


Doktorsvörn Kristínar Karlsdóttur fer fram í Háskóla Íslands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Uppákomur

**Hvað?** Maður sem heitir OVE
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Samkomuhúsið, Hafnarstræti, Akureyri
Hinn 59 ára gamli Ove er reglufastur nákvæmnismaður sem að mati annarra íbúa úthverfisins er óþolandi smámunasamur og skapillur. En að mati hans sjálfs eiga hlutirnir einfaldlega að vera eins og þeir eiga að vera. Þegar ólétt kona að nafni Parvaneh flytur með fjölskyldu sína í götuna er eins og Ove byrji að missa tökin á öllu. Einleikurinn Maður sem heitir Ove er byggður á samnefndri skáldsögu sem notið hefur mikilla vinsælda. Leikari : Sigurður Sigurjónsson. Leikstjórn: Bjarni Haukur Þórsson. Tónlist: Frank Hall. Hljóðmynd: Frank Hall, Kristján Sigmundur Einarsson. Leikmynd og búningar: Finnur Arnar Arnarson. Lýsing: Magnús Arnar Sigurðarson. Leikgerð: Emma Bucht, Johan Rheborg, Marie Persson Hedenius. Þýðing: Jón Daníelsson. Búningadeild: Hjördís Sigurbjörnsdóttir, Ingveldur E. Breiðfjörð, Leila Arge.

**Hvað?** Hagnýting og miðlun þjóðfræðiefnis: Pallborðsumræður
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** ReykjavíkurAkademían, Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík
Þjóðtrúardaginn mikla, í dag kl. 17.00, fara fram pallborðsumræður með þemanu hagnýting og miðlun þjóðfræðiefnis. Þar munu nokkrir þjóðfræðingar segja frá verkefnum sem þeir hafa unnið að upp á síðkastið, eftir það verða svo spurningar og umræður um efnið. Jón Jónsson segir frá Rannsóknarsetri HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu. Ólöf Magnúsdóttir segir frá gagnvirku upplifunarsýningunni Huliðsheimar. Sóley Björk Guðmundsdóttir segir frá smáforritinu Lifandi landslag. Særún Lísa Birgisdóttir segir frá fyrirtæki sínu Lisa day tours og hvernig nýta má þjóðfræðina í ferðaþjónustu. Allir velkomnir.

**Hvað?** Gísli á Uppsölum
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Einn stærsti viðburður íslenskrar sjónvarpssögu er Stikluþáttur Ómars Ragnarssonar um einbúann Gísla Oktavíus Gíslason. Enn er Gísli landanum kær og hugleikinn. Hér er á ferðinni áhrifamikil sýning sem hefur hrifið áhorfendur.

### Fundir

**Hvað?** Divergent Paths of School Reform
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Stakkahlíð, Bratti
Samuel Abrams, prófessor við Columbia háskóla í New York, Bandaríkjunum, flytur spennandi erindi í Bratta í húsnæði menntavísindasviðs í dag. Samuel er höfundur bókarinnar Education and the Commercial Mindset sem var gefin út 2016 og verður efni hennar til umræðu í erindi hans. Þar rekur hann sögu einkavæðingarhugmynda skólastarfs í Bandaríkjunum og ræðir þróunina á Norðurlöndum til samanburðar. Bókin smellpassar inn í umræðu um þróun skólastarfs í Bandaríkjunum, ekki síst í ljósi breyttra áherslna sem kunna að fylgja nýrri forystusveit í Bandaríkjunum.

**Hvað?** Doktorsvörn Kristínar Karlsdóttur á menntavísindasviði
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Aðalbygging, Hátíðasalur Háskóla Íslands
Kristín Karlsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við uppeldis- og menntunarfræðideild, menntavísindasviði Háskóla Íslands: „Námsferli leikskólabarna“, á ensku „Children's learning processes“. Andmælendur eru dr. Sofia Avgitidou, prófessor við University of Western Macedonia, Grikklandi, og dr. Tuija Turunen, prófessor við University of Lapland. Aðalleiðbeinandi var dr. Leigh O'Brien, prófessor við SUNY Geneseo, Bandaríkjunum, meðleiðbeinadi var Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, einnig sat í doktorsnefndinni dr. Gretar L. Marinósson. prófessor emeritus við Háskóla Íslands. Dr. Ólafur Páll Jónsson, dósent og deildarforseti uppeldis- og menntunarfræðideildar við menntavísindasvið, stjórnar athöfninni.


KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17




BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Graduation | 17:30, 22:00 |
| Lion | 17:30 |
| Eiðurinn ENG SUB. | 17:45 |
| Waynes World | 20:00 |
| A Reykjavík Porno ENG SUB. | 20:00 |
| Embrace of the Serpent | 20:00 |
| Gimme Danger | 22:00 |
| Captain Fantastic | 22:30 |



FRÉTTABLAÐIÐ MENNING

# Amma var mikið í að hræða mig

**Svarti galdur á Íslandi er einleikur úr þekktum þjóðsögum. Hann verður frumsýndur í Landnámssetrinu í Borgarnesi í kvöld, föstudaginn 13., í flutningi höfundarins, Geirs Konráðs Theódórssonar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þó margir þekki sögurnar þá gef ég mér pínu skáldaleyfi þegar ég tengi þær saman segir Geir Konráð. MYND/THEDÓR KRISTINN ÞÓRÐARSONWW

Ég er alinn upp við að segja sögur og láta segja mér sögur. Amma var mikið í því að hræða mig, tók út úr sér tennurnar og kallaði sig ömmu skessu. Ég tek ekki út úr mér tennur en vil koma áhrifunum sem ég upplifði til skila,“ segir Geir Konráð Theódórsson sem hefur búið til sýningu upp úr íslenskum þjóðsögum og frumsýnir hana í Landnámssetrinu í Borgarnesi í kvöld.

Hann kveðst hafa æft sig með því að hræða skáta. „Sem sögumaður held ég að ég hafi mest lært á að vera skátaforingi og segja krökkum sögur í útilegum. En ég hef líka verið í áhugaleikhúsum, bæði í MA og Leikfélagi Borgarfjarðar sem varð 100 ára á síðasta ári, fjölskylda mín hefur verið þátttakandi þar allan tímann.“

Sýningin hans Geirs er líka fjölskylduframleiðsla því faðir hans er leikstjóri og litli bróðir sýningarstjóri. Geir segir það bæði blessun og bölvun. „Það er ofboðslega gott að hafa þá þarna en pínulítið þreytandi að hafa fjölskyldugrínið á móti sér. Kostirnir eru þó fleiri en gallarnir.“

Sögurnar sem Geir segir eru af Sæmundi fróða, Galdra-Lofti og Hellismannasögur úr Surtshelli. „Ég valdi þessar sögur af því að mér fannst þær smella ágætlega saman, þær bera allar galdraþema í sér. Flestir kannast við fyrstu tvær og mér fannst tilvalið að enda á Hellismannasögum því þá endar sýningin á klettunum þar sem Landnámssetrið er. Ólíkt mörgum þjóðsögum Evrópu sem Disney er búið að breyta, þá enda þessar frekar illa. Það er ekki búið að gera þær krúttlegar. Sögurnar sem mér voru sagðar voru heldur ekki til þess fallnar að koma litlum dreng í svefn.“

Við búningagerðina naut Geir aðstoðar víkingafélagsins Hringhorna á Akranesi. „Ég bjóst við að þegar maður gengi í víkingafélag fælist það í að drekka mjöð og slást með sverði en ég eyddi fyrstu þremur vikunum í saumaskap og með hjálp frá félögunum gerði ég búninginn frá grunni, en beltið er úr hrosshársreipi eftir langafa minn í Borgarnesi.“

Hann kveðst reyna að bregða sér í líki persónanna. Áður en hann fer með faðirvorið upp á djöfulinn að hætti Galdra-Lofts fannst honum þó vissara að vera búinn að tala við prestinn. „Þó margir þekki sögurnar þá gef ég mér pínu skáldaleyfi þegar ég tengi þær saman en má passa mig því þá lendi ég í íslensku besservisserunum. Sögurnar eru mjög karllægar en mig langaði að fá góðar kvenpersónur. Ég hafði íhugað að láta Sæmund fróða verða konu upp á jafnréttið en átta mig á að það er bara takmarkað sem má breyta í einu.“

> **ÉG BJÓST VIÐ AÐ ÞEGAR MAÐUR GENGI Í VÍKINGAFÉLAG FÆLIST ÞAÐ Í AÐ DREKKA MJÖÐ OG SLÁST MEÐ SVERÐI EN ÉG EYDDI FYRSTU ÞREMUR VIKUNUM Í SAUMASKAP**

Geir er búinn að flytja þetta verk á ensku í Landnámssetrinu í tæpt ár. „Nú er ég í raun kominn heilan hring því ég þýddi sögurnar upprunalega til að skemmta áhorfendum á ensku en svo var það Ragnar Kjartansson sem bað mig að skemmta nú líka Íslendingum.“

# Lífið fyrir framan hvíta tjaldið

**LEIKHÚS**

**Ræman**

★★★★☆

**Höfundur:** Annie Baker
**Leikstjóri:** Dóra Jóhannsdóttir
**Leikarar:** Hjörtur Jóhann Jónsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Davíð Þór Katrínarson, Eysteinn Sigurðarson og Arnar Dan Kristjánsson
**Leikmynd og búningar:** Helga I. Stefánsdóttir
**Lýsing:** Þórður Orri Pétursson
**Tónlist:** Valdimar Jóhannsson
**Hljóð:** Garðar Borgþórsson
**Leikgervi:** Elín S. Gísladóttir
**Þýðing:** Halldór Laxness Halldórsson

Þann 11. janúar síðastliðinn hélt Leikfélag Reykjavíkur upp á 120 ára afmæli sitt með pompi og prakt í Borgarleikhúsinu. Ræman er að auki sex hundraðasta viðfangsefni leikfélagsins en höfundurinn Annie Baker vann hin virtu Pulitzer-verðlaun fyrir leikritið árið 2014.

Ræman fer öll fram í niðurníddum bíósal í Reykjavíkurborg en kvikmyndahúsið er það síðasta sem sýnir af filmu, frekar en stafrænt. Verkið fjallar um samskipti þriggja starfsmanna hússins sem drepa tímann með hversdagslegu spjalli á meðan poppinu er sópað burt. Þau Andrés, Rósa og Siggi eru ósköp venjulegt ungt fólk sem er að reyna finna sinn stað í tilvistinni.

Textinn er lipurlega þýddur af Halldóri Laxness Halldórssyni sem hikar ekki við að halda í ensku sletturnar þar sem það hæfir en setja má spurningarmerki við þá ákvörðun að staðfæra verkið, þrátt fyrir að sú vinna sé hugvitssamlega útfærð.

Davíð Þór Katrínarson þreytir hér frumraun sína í íslensku leikhúsi í hlutverki hins hlédræga og taugatrekkta Andrésar sem er með kvikmyndir á heilanum. Þvílíkur fundur fyrir Borgarleikhúsið. Náttúruleg framkoma hans og einlægni er ekki einungis hjartnæm heldur líka fádæma átakanleg. Hina bröttu Rósu leikur Kristín Þóra Haraldsdóttir af mikilli nærni en þrátt fyrir gröfleika persónunnar kemur Kristín Þóra vel til skila að stælarnir eru einungis yfirskin. Hjörtur Jóhann Jónsson leikur Sigga kostulega, tímasetningar hans eru með eindæmum góðar en hann nær nýjum hæðum þegar þögnin verður Sigga óbærileg og hann leggur hjarta sitt á teppalagðan sýningarsalinn.

Leikstjórnin er í höndum Dóru Jóhannsdóttur en hún er líka nýliði, þetta er í fyrsta skipti sem hún leikstýrir verki af þessu tagi í einum af stóru húsunum. Leikverkið er ekki auðvelt í meðförum enda frægt fyrir lengd sína og langar þagnir, en stundum er sem vofa Samuels Beckett svífi yfir bíósalnum. Eitt það markverðasta við sýninguna er mótleikurinn, hvernig leikararnir hlusta hver á annan og bregðast síðan við með tilsvari eða jafnvel líkamlegum viðbrögðum. Svo virðist vera að verkið hafi verið stytt, allavega í framsetningu, en upphaflega sýningin var þrír tímar. Það er vissulega synd að hafa ekki fengið að sjá leikritið í fullri lengd en skemmir ekki fyrir gæðum þessarar útgáfu.



Hjörtur Jóhann Jónsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Davíð Þór Katrínarson standa sig vel í hlutverkum sínum í Ræmunni í Borgarleikhúsinu. MYND/GRÍMUR BJARNASON

Nýja sviðið er tilvalinn salur fyrir sýningar á borð við Ræmuna og sviðshönnun Helgu I. Stefánsdóttur færir leikarana jafnvel enn þá nær áhorfendum þar sem sviðinu hallar hressilega fram á við. Einnig eru búningar hennar fallegir í öllum sínu hversdagsleika. Þórður Orri Pétursson vinnur lýsinguna listilega vel þar sem dauf loftljósin setja skemmtilegan svip á salinn. Um hljóðið sér Garðar Borgþórsson og tónlistin er í höndum Valdimars Jóhannssonar en þeir brúa bilið á milli atriða fagurlega.

Ofsögum væri sagt að Ræman sé einhvers konar stórdrama en hversdagsleikinn er það sjaldnast. Aftur á móti er þetta afskaplega vel leikin og smellin sýning þar sem áhorfendum er gefinn tími til að kynnast og finna til með Andrési, Rósu og Sigga. Svoleiðis leikhús er ferðarinnar virði.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Eftirminnileg sýning þar sem góður leikur fær að njóta sín.


— Mánudagstilboð —
STÆRÐIN SKIPTIR EKKI MÁLI
ALLIR DD DRYKKIR Á 399 KR.
— Miðvikudagstilboð —
30% AFSLÁTTUR AF 6 HRINGJUM Í KASSA
— Beyglur —
ALLAR BEYGLUR Á 599 KR.
Á Dunkin' Donuts eru nýir hringir í borðinu allan daginn, alla daga.
Þeir eru fullkomnir með ilmandi kaffi úr nýmöluðum gæðabaunum.
Sestu niður og eigðu góða stund á kaffihúsum Dunkin' Donuts.
Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar | Leifsstöð
DUNKIN' DONUTS®



PALO ALTO

Dramatísk saga af fjórum ólíkum einstaklingum, gerð eftir samnefndum smásögum James Franco, en þær gerast í heimabæ hans Palo Alto og eru sögurnar byggðar á lífi hans og annarra ungmenna sem hann ólst upp með í bænum.

SPENNANDI FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365




GRASSROOTS

Atvinnulaus blaðamaður gerist kosningastjóri kunningja síns sem vill komast í borgarstjórn Seattle svo hann geti breytt almenningssamgöngukerfi borgarinnar. Efnið er sótt í sanna sögu blaðamannsins Phils Campell og vinar hans en þeir háðu merkilega kosningabaráttu í Seattle-borg árið 2001.

SOLACE

Sálfræðitryllir um miðil sem aðstoðar FBI við að hafa uppi á raðmorðingja. Aðalhlutverk leika Anthony Hopkins og Colin Farrell.



THE NEW ADVENTURES OF OLD CHRISTINE

Christine er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er kominn með nýja og yngri konu.



Krakkastöðin

LÍNA LANGSOKKUR

Skemmtileg teiknimynd um Línu Langsokk og vini hennar Tomma og Önnu sem alltaf eru til í skemmtilegt sprell.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

07.00 **The Simpsons**
07.20 **Litlu Tommi og Jenni**
07.45 **Kalli kanína og félagar**
08.05 **The Middle**
08.30 **Pretty Little Liars**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **Doctors**
10.20 **Restaurant Startup**
11.00 **White Collar**
11.45 **Grand Designs**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **Just Married**
14.35 **Sassy Pants**
16.00 **Nettir Kettir**
16.50 **Bold and the Beautiful**
17.15 **Litlu Tommi og Jenni**
17.40 **The Simpsons**
18.05 **Nágrannar**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 **Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.05 **Fréttir Stöðvar 2**
19.20 **Friends**
19.45 **Top 20 Funniest 2**
20.25 **Palo Alto** Dramatísk mynd frá 2013. Saga af fjórum ólíkum ungmennum, gerð eftir samnefndum og samtvinnuðum smásögum eftir James Franco sem jafnframt leikur eitt af burðarhlutverkunum. Palo Alto er nafn heimabæjar James Franco sem byggir sögurnar að mestu leyti á eigin reynslu og reynslu annarra ungmenna sem ólust upp í bænum á sama tíma og hann.
22.05 **Grassroots**
23.45 **The Interview** James Franco og Seth Rogen fara hér á kostum í umdeildri gaman- og spennumynd frá 2015.
01.35 **From Paris with Love**
03.05 **Sin City: A Dame to Kill For**
04.45 **Ex Machina** Vísindadrama frá árinu 2015 með sænsku Óskarsverðlaunaleikonunni Aliciu Vikander sem fjallar um 26 ára gamlan forritara að nafni Caleb, sem vinnur hjá stærsta netfyrirtæki í heimi. Caleb vinnur keppni um að eyða heilli viku á einkafjalli sem er í eigu Nathans, forstjóra fyrirtækisins, sem kýs að vera sem mest út af fyrir sig.

## STÖÐ 2 SPORT

07.10 **Domino's-deild karla**
08.50 **FA Cup**
10.35 **FA Cup**
12.15 **Ensku bikarmörkin 2017**
12.45 **Landsleikir Íslands**
14.25 **Spænski boltinn**
16.10 **Spænsku mörkin**
16.40 **League Cup Highlights**
17.10 **Domino's-deild karla**
18.50 **PL Match Pack**
19.20 **La Liga Report**
19.50 **Dominos deild karla**
22.00 **Domino's-körfuboltakvöld**
23.40 **PL Match Pack**
00.10 **Premier League Preview**
00.40 **Domino's-deild karla**
02.20 **NBA**
03.30 **NBA**

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 **NFL**
09.35 **NFL**
12.00 **League Cup**
13.40 **NFL**
16.15 **FA Cup**
18.00 **FA Cup**
19.40 **Enska 1. deildin**
21.45 **Premier League Preview**
22.15 **Bundesliga Weekly**
22.45 **NFL**
01.20 **Domino's-körfuboltakvöld**

## STÖÐ 3

18.15 **Cristela**
18.40 **Raising Hope**
19.00 **The New Girl**
19.25 **Modern Family**
19.50 **Community**
20.15 **The New Adventures of Old Christine**
20.40 **Gilmore Girls**
21.25 **Last Ship**
22.10 **Entourage**
22.35 **Klovn**
23.05 **Rita**
23.50 **Fresh off the Boat**
00.10 **Community**
00.35 **The New Adventures of Old Christine**
00.55 **Gilmore Girls**
01.40 **Last Ship**
02.20 **Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 **Könnuðurinn Dóra**
07.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
07.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
08.00 **Áfram Diego, áfram!**
08.24 **Svampur Sveins**
08.49 **Lalli**
08.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
09.00 **Ævintýri Tinna**
09.25 **Hvellur keppnisbíll**
09.37 **Stóri og litli**
09.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
10.00 **Víkingurinn Viggó**
10.13 **Zigby**
10.25 **Strumparnir**
10.47 **Mæja býfluga**
11.00 **Könnuðurinn Dóra**
11.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
11.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
12.00 **Áfram Diego, áfram!**
12.24 **Svampur Sveins**
12.49 **Lalli**
12.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
13.00 **Ævintýri Tinna**
13.25 **Hvellur keppnisbíll**
13.36 **Stóri og litli**
13.48 **Gulla og grænjaxlarnir**
14.00 **Víkingurinn Viggó**
14.13 **Zigby**
14.25 **Strumparnir**
14.47 **Mæja býfluga**
15.00 **Könnuðurinn Dóra**
15.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
15.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
16.00 **Áfram Diego, áfram!**
16.24 **Svampur Sveins**
16.49 **Lalli**
16.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
17.00 **Ævintýri Tinna**
17.25 **Hvellur keppnisbíll**
17.36 **Stóri og litli**
17.48 **Gulla og grænjaxlarnir**
18.00 **Víkingurinn Viggó**
18.13 **Zigby**
18.25 **Strumparnir**
18.47 **Mæja býfluga**
19.00 **Lína Langsokkur**



Svampur Sveinsson kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

08.00 **Inside the PGA Tour 2017**
08.25 **Sony Open in Hawaii**
11.55 **CME Group Tour Championship**
14.55 **Hero World Challenge**
20.05 **Inside the PGA Tour 2017**
20.30 **Sony Open in Hawaii**
00.00 **Sony Open in Hawaii**

## BÍÓSTÖÐIN

11.55 **The Last of Robin Hood**
13.25 **Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant ...**
15.05 **Shallow Hal**
16.55 **The Last of Robin Hood**
18.25 **Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant ...**
20.05 **Shallow Hal** Gamanmynd, uppfull af rómantík og dramatík. Hal Larson er vel uppalinn og fylgir ráðum föður síns og fer bara á stefnumót með gullfallegum konum. Dag einn hittir hann andlegan leiðtoga og er dáleiddur. Upp frá því fer Hal bara á stefnumót með konum sem búa yfir innri fegurð. Hann hittir svo Rosemary og sér einn fegurð hennar. En hvað gerist ef dáleiðslan hættir að virka?
22.00 **Solace** Sálfræðitryllir frá árinu 2015 með Anthony Hopkins og Colin Farrell í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um miðil sem aðstoðar FBI við að hafa uppi á raðmorðingja.
23.40 **Inglourious Basterds**
02.10 **Alien Abduction** Spennutryllir frá 2014 sem segir frá fjögurra manna fjölskyldu sem ætlar sér að hafa það náðugt eina helgi saman í útilegu. Allt gengur vel þar til komið er kvöld og þau verða vör við mjög einkennilegan ljósagang á himni. Brátt kemur í ljós að þar eru ógnvekjandi geimverur á ferð.
03.40 **Solace**

## RÚV

16.05 **Ferð til fjár**
16.35 **Þýskaland – Ungverjaland**
18.25 **Táknmálsfréttir**
18.35 **KrakkaRÚV**
18.36 **Alvinn og íkornarnir**
18.45 **Kóðinn – Saga tölvunnar**
18.47 **Bækur og staðir**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.40 **Miranda**
20.15 **Útsvar**
21.30 **Coal Miner's Daughter**
23.30 **Bangsi**
01.00 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 **Síminn + Spotify**
08.00 **America's Funniest Home Videos**
08.20 **Dr. Phil**
09.00 **The Bachelor**
10.30 **Síminn + Spotify**
13.00 **Dr. Phil**
13.40 **The Odd Couple**
14.05 **Man With a Plan**
14.25 **The Mick**
14.50 **The Biggest Loser**
15.35 **The Biggest Loser**
16.20 **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
17.00 **The Late Late Show with James Corden**
17.40 **Dr. Phil**
18.20 **Everybody Loves Raymond**
18.45 **King of Queens**
19.10 **How I Met Your Mother**
19.35 **America's Funniest Home Videos**
20.00 **The Voice Ísland**
21.00 **Forces of Nature**
22.50 **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
23.30 **Prison Break**
00.15 **Sex & the City**
00.40 **The Family**
01.25 **American Gothic**
02.10 **The Walking Dead**
02.55 **Quantico**
03.40 **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
04.20 **The Late Late Show with James Corden**
05.00 **Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# 2 SPORT HD
















## Hörkuleikir í janúar

| | | |
|---|---|---|
| Leicester | 14. jan. #LEICHE | Chelsea |
| Liverpool | 15. jan. #LIVMUN | Man. Utd |
| Man. City | 21. jan. #MCITOT | Tottenham |
| Liverpool | 31. jan. #LIVCHE | Chelsea |

MESSAN
















365.is | Sími 1817 365

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ



„ÞETTA ER VIRKILEGA FALLEGUR STAÐUR,“ segja þau Nicolette og Eugene frá Miami.



„VIÐ VORUM BARA AÐ LENDA HÉR Á ÍSLANDI OG HALLGRÍMSKIRKJA ER NÆST HÓTELINU OKKAR, SVO VIÐ TÓKUM ÞÁ ÁKVÖRÐUN AÐ BYRJA FERÐINA OKKAR HÉR,“ sögðu vinkonurnar Melanie og Joanne frá Malasíu.



„ÞAÐ ER ROSALEGA FALLEGT HÉRNA OG GAMAN AÐ TAKA MYNDIR HÉRNA Í KRING,“ segir Ko Chuan Zhen frá Malasíu.



„SKEMMTILEGUR STAÐUR TIL AÐ TAKA MYNDIR Á,“ segja Yang Kai Ting og Ye Ying Min frá Taívan.

MYNDIR/ANTON BRINK

# Sjálfa við Hallgrímskirkju er málið

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



**Flest allir erlendir ferðamenn sem koma til landsins staldra við í miðborg Reykjavíkur. Fréttablaðið fór og spjallaði við nokkra ferðamenn við Hallgrímskirkju, sem óhætt er að segja að sé eitt helsta kennileiti landsins.**

Jónanna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju, segir að töluverð fjölgun hafi verið á ferðamönnum síðustu vikurnar og þó aðallega á milli jóla og nýárs. „Það er mikill straumur af ferðamönnum sem vilja ná myndum af sér með Hallgrímskirkju í bakgrunni og til þess nota þeir oft það sem ég kýs að kalla kjánaprik.“



„ÞETTA ER FRÁBÆR STAÐUR, VIRKILEGA FALLEGUR, VIÐ VISSUM EKKI AF HONUM ÞEGAR VIÐ KOMUM Í GÆR EN ÞETTA ER FYRSTI ÁFANGASTAÐURINN OKKAR Í FERÐINNI,“ segja vinkonurnar Jordan og Kim frá Long Beach í Kaliforníu.



„VIÐ VISSUM AÐ ÞETTA VÆRI VINSÆLL OG SKEMMTILEGUR STAÐUR TIL AÐ HEIMSÆKJA,“ segja þau Morgan Ammar og Lena.



„ÉG HEF KOMIÐ NOKKRUM SINNUM TIL ÍSLANDS OG FERÐAST UM LANDIÐ, EN ÞETTA ER Í FYRSTA SKIPTI SEM ÉG KEM UPP AÐ HALLGRÍMSKIRKJU,“ segir Ingrid Curwin frá Minnesota.


VERIÐ VELKOMIN
BLÁBERJA
JARÐARBERJA
OG TÚLIPANA
ÚTSALA
VÍÐIR
OPIÐ 10-23 ALLA DAGA
GARÐATORGI, HRINGBRAUT
OG SKEIFUNNI
VÍÐIR express INGÓLFSTRÆTI OPIÐ 9-23

# Kollhúfur, hettupeysur og síðir frakkar

Herratískuvikan stendur nú yfir í London þar sem haust- og vetrartískan líður um pallana. Það er áhugavert að skoða klæðaburð gesta þar sem má greina forvitnileg trend í herratískunni sem auðveldlega er hægt að leika eftir hér á Fróni.






**KOLLHÚFUR**
Þessar litlu ullarhúfur eru komnar aftur og skemmtilegt að leika sér með liti og munstur.




**SÍÐIR FRAKKAR**
Ullarfrakkar í herralegum stíl fyrir herra og dömur. Helst, brúnir, dökkbláir eða gráir. Hægt er að klæða upp og niður eftir hentisemi.




**HETTUPEYSUR**
Þessi flík spyr hvorki um aldur né stöðu og gefur annars hefðbundnum klæðaburði hverdagslegt yfirbragð. Hettupeysur eru eitt af stærstu trendum ársins fyrir konur og karla. Í kuldanum er sniðugt að nota þær undir frakka, jakka eða pelsa.







GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter
*#Glamouriceland*

AMERÍSKT
MORGUNKORN
STÓR PAKKI
AÐEINS
998,-

NÝ
VERSLUN

Coca-Cola
KASSI
24 DÓSIR
66,-
DÓSIN
1.584,-

ÓDÝRASTA
& BESTA
SNAKKIÐ

BIG
BOX

ÓDÝRASTA
GOSIÐ

HÁLKUSALT
20 KG. POKI
AÐEINS
980,-

MEIRA
FYRIR
MINNA

ÓDÝRASTI
OG BESTI
100%
ÁVAXTASAFINN

RÚÐUPISS
5 LÍTRAR
-°21c FROSTÞOL
AÐEINS
698,-

REMA 1000
NÝTT Á
ÍSLANDI
ÓDÝR GÓÐ VARA

OPIÐ
11-19

LAGERVERSLUN SKEIFUNNI 11

# Eru lítið að horfa í baksýnisspegilinn

**Sónar Reykjavík** er að taka á sig mynd og tilkynnir í dag nokkra nýja tónlistarmenn sem munu spila í Hörpunni í febrúar. Nýir eigendur eru komnir með hátíðina og bakvið sig hafa þeir teymi af reynsluboltum úr tónlistarsenu landsins.



Hópurinn bak við Sónar hátíðina, þau Steinþór Helgi Arnsteinsson, Gyða Lóa Ólafsdóttir, Ásgeir Guðmundsson, Sigga litla Ólafsdóttir, DJ Margeir, Sandra Barilli og Egill Tómasson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Það er mikið af nýju fólki og einnig margir sem hafa unnið fyrir hátíðina í gegnum tíðina sem kemur nú inn á nýjum forsendum. Það eru nýir eigendur að hátíðinni – þar inni eru Steinþór Helgi Arnsteinsson, yfirbókari og listrænn stjórnandi, Margeir Steinar Ingólfsson sem sér um markaðsmálin og ég er nýr framkvæmdastjóri. Ívar Kristjánsson er fjármálastjóri.

Síðan erum við með Egil Tómasson, Siggu litlu Ólafsdóttur, Söndru Barilli og Gyðu Lóu Ólafsdóttur sem er fjölmiðlafulltrúi hátíðarinnar. Við erum orðin þétt og reynslumikið teymi. Það er ótrúlega gaman að fara inn í þetta verkefni á traustum grunni með ótrúlega margt hæfileikaríkt fólk til að taka þessa hátíð enn þá lengra.

Það þýðir ekkert að fara í felur með það að þegar nýir eigendur koma inn koma nýir stjórnarhættir og nýir samskiptahættir. Við, sem betur fer, höfum mætt miklum skilningi á öllum vígstöðvum og fólki þykir almennt vænt um þessa hátíð og þykir hún eiga erindi inn í íslenskt menningarlíf. Við erum lítið að horfa í baksýnisspegilinn og höfum bara horft fram á við. Sónar Reykjavík er komin í góðar hendur og verður áfram um ókomna tíð,“ segir Ásgeir Guðmundsson, nýr framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Sónar Reykjavík.

Má fólk búast við einhverjum nýjungum í ár?

„Helsta nýjungin í ár er að meira púðri verður eytt í opnu svæðin. Við ætlum að leggja meira í fimmtudaginn svo að hátíðin verði sterk þvert yfir alla dagana og einnig ætlum við að gera Hörpuna þannig að þú labbir ekki inn í Hörpuna þar sem Sónar er, heldur að þú labbir inn á Sónar sem er Hörpunni. Til þess höfum við fengið til liðs við okkur Þorgeir

**VIÐ ERUM LÍTIÐ AÐ HORFA Í BAKSÝNISSPEGILINN OG HÖFUM BARA HORFT FRAM Á VIÐ. SÓNAR REYKJAVÍK ER KOMIN Í GÓÐAR HENDUR OG VERÐUR ÁFRAM UM ÓKOMNA TÍÐ.**

Frímann Óðinsson, sem mun sjá um þessi opnu svæði.“

Í dag tilkynnir hátíðin nýja listamenn sem munu spila í Hörpunni í febrúar. Þetta eru breski grimerapparinn Giggs, plötusnúðurinn og pródúserinn Blawan og einnig munu gestir hátíðarinnar fá að berja breska rapparann Nadiu Rose augum.

Giggs er eitt þekktasta nafnið í bresku rappi en Bretarnir hafa verið að koma sterkir til leiks í alþjóðlegu rappsenunni síðustu ár og því góður möguleiki á að Giggs eigi eftir að verða enn stærri á þessu ári.

Blawan er breskur plötusnúður og pródúser sem nú er búsettur í plötusnúðahöfuðborg heimsins, Berlín. Þar hefur hann verið að pumpa út brennandi heitu teknói upp á síðkastið.

Hin 22 ára Nadia Rose er nýfædd inn í bresku rappsenuna, gaf út sinn fyrsta smell fyrir svona tíu mínútum og er strax búin að spila á tónlistarhátíðum og komin með samning við Sony. Raunar er það sama í gildi með Nadiu og Giggs, við gætum verið að sjá stórstjörnu í fæðingu í Hörpunni.

Þegar hafa verið kynntir til leiks tónlistarmenn eins og Fatboy Slim, Moderat, De La Soul, Sleigh Bells, GusGus, FM Belfast, Forest Swords, Sin Fang, Samaris, Tommy Genesis og fleiri. Hátíðin fer fram í Hörpunni 16. til 18. febrúar.

stefanthor@frettabladid.is



Giggs



Nadia Rose






**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Lagersala 12. jan.–15. jan.

# Allt að 80% afsláttur

66° NORÐUR

## Börn



**Rán** flísfóðraður jakki
~~12.800 kr.~~ **6.400 kr.**

## Dömur



**Skálafell** jakki
~~33.500 kr.~~ **16.750 kr.**

## Herrar



**Týr** rennd peysa
~~29.000 kr.~~ **14.500 kr.**

## Aukahlutir



**Kjölur** eyrnaband
~~3.200 kr.~~ **1.280 kr.**

## Börn



**Mímir** pollajakki
~~5.499 kr.~~ **2.750 kr.**

## Dömur



**Langjökull Primaloft** kápa
~~51.500 kr.~~ **25.750 kr.**

## Herrar



**Grótta** jakki
~~62.000 kr.~~ **31.000 kr.**

## Aukahlutir



**Kjölur** húfa
~~4.200 kr.~~ **1.680 kr.**

## Börn



**Þór** Softshell jakki
~~14.300 kr.~~ **2.860 kr.**

## Dömur



**Bankastræti** buxur
~~18.300 kr.~~ **5.490 kr.**

## Herrar



**Grandi Parka** jakki
~~38.000 kr.~~ **19.000 kr.**

## Aukahlutir



**Hengill** eyrnaband
~~2.900 kr.~~ **580 kr.**

## Börn



**Magni** jakki
~~9.100 kr.~~ **3.640 kr.**

## Dömur



**Heimaklettur** Softshell peysa
~~29.100 kr.~~ **8.730 kr.**

## Herrar



**Laugavegur** buxur
~~16.800 kr.~~ **5.040 kr.**

## Aukahlutir börn



**Frigg** eyrnaband
~~1.800 kr.~~ **720 kr.**

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu getur lækkað á meðan á lagersölu stendur.

**Útsölumarkaður Faxafeni 12** | 108 Reykjavík — Opnunartími: fim.-fös. 8-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21

**Skipagata 9** | 600 Akureyri — Opnunartími: fim.-fös. 9-18 | lau. 10-18 | sun. 12-18

**Miðvangur 13** | 700 Egilsstaðir — Opnunartími: fim.-fös. 11-18 | lau. 11-18 | sun. 12-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Hildar Björnsdóttur




## Vandvirk vandlæting

Það er átakanlegt að lesa athugasemdakerfi vefmiðla. Stundum svolítið skemmtilegt en aðallega átakanlegt. Sóðaleg uppröðun orða vefst ekki fyrir mannskapnum.

Flest þekkjum við siðareglur í mannlegum samskiptum. Á mannamótum viðhöfum við ákveðna háttvísi og vöndum orðaval að tilteknu marki. Við reynum að móðga hvorki né særa.

Með tilkomu internetsins varð bylting í mannlegri tjáningu. Hvert nettengt mannsbarn öðlaðist skyndilega háværa rödd. Í hvaða afskekkta nettengda herbergi sem var gat einangraður maður nú miðlað hugsunum. Það sem ekki varð sagt augliti til auglits var óhikað sagt undir bláma tölvuskjásins.

Gagnrýnin umræða er heilbrigð öllum lýðræðissamfélögum. Sannarlega. En vandlætingu má sýna af vandvirkni. Jafnvel virðingu. Það sem ratar á veraldarvefinn verður ekki svo glatt afturkallað.

Afi minn heitinn, Gísli Konráðsson, var einstök fyrirmynd. Manngerð hans er leiðarljós á erfiðustu vegferðum lífsins. Þegar róðurinn verður þyngstur – þegar mannlegur breyskleiki knýr dyra – er gott að leita leiðsagnar í minningunni um hann.

Nálgun afa á mannleg samskipti var yfirveguð. Orðavalið vandað og jafnaðargeðið einstakt. Virðing fyrir heimsmynd annarra.

Afi var ekki bara guðlega góður. Hann var líka ráðagóður og mælskur. Heilræði hans voru mörg og sum þeirra færð í bundið mál. Þau sem eftir fylgja hef ég nú til skoðunar. Eflaust mættu fleiri veita þeim eftirtekt.

*Holl sú regla öllum er*
*og þess verð að temja sér*
*að hafa ei önnur orð um mann*
*en þú getur sagt við hann.*


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland




STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



ÚTSALA

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477

DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100

SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 | Sun. 13–17 www.betrabak.is

Betra BAK